



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri spókar sig um í Philadelphíu, ásamt borgarstjóranum James F. Kenney. Dagur er ásamt sendinefnd frá borginni að kynna sér skipulag og starfsemi alþjóðflugvallarins í Philadelphíu ásamt því að ræða samstarfsmöguleika á sviðum viðskipta og menningar. Kenney er væntanlegur í heimsókn til Reykjavíkur síðar í vikunni. MYND/SIGURJÓN

Sigur stjórnarandstöðunnar

Nokkur sátt ríkir um öll mál, utan ríkisfjármálaáætlunar, sem fara í gegnum Alþingi fyrir þingfrestun á morgun. Formaður VG segir mörg stór mál biða. Jafnlaunavottun verður samþykkt nærri ágreiningslaust.

ALÞINGI Afar fátt sem ágreiningur ríkir um á milli stjórnarflokkanna og stjórnarandstöðunnar kemst í gegnum Alþingi. Þingi verður frestað á morgun, miðvikudag, en það er helst ríkisfjármálaáætlun sem fer í gegnum þingið og einhver ágreiningur ríkir um.

Um önnur mál á borð við áfengisfrumvarpið, rammaáætlun, rafrettufrumvarpið og frumvarp um fjölda borgarfulltrúa, ríkir ágreiningur og verða þau látin biða betri tíma. Friverslunarsamningur við Filippseyjar, sem mikill ágreiningur ríkir um, verður sömuleiðis settur á ís.

Veikur eins manns meirihluti stjórnarflokkanna kemur í veg fyrir að ríkisstjórnin geti keyrt mál í gegnum þingið eins og löngum hefur tíðkast. Í stað þess hafa þingmenn þurft að setjast niður og stjórnar-

Stjórnin er ekki að þvinga neitt í gegn. Þau geta það ekki.

Silja Dögg Gunnarsdóttir, starfandi þingflokksformaður Framsóknarflokksins



flokkarnir þurft að setta sig við verulegar málamíðlunartillögur stjórnarandstöðu. Ekki ríkir ágreiningur um jafnlaunavottun eftir að frumvarpið tók einhverjum breytingum svo það flýgur í gegnum þingið.

„Stjórnin er ekki að þvinga neitt í gegn. Þau geta það ekki,“ segir Silja Dögg Gunnarsdóttir, starfandi þingflokksformaður Framsóknar.

Þar sem er ágreiningur verður bara afl atkvæða að skera úr.

Birgir Ármannsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins



Eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá mun áfengisfrumvarpið ekki komast í gegn.

Heimildir Fréttablaðsins herma að stjórnarflokkarnir hafi ekki lagt neina áherslu á það í samningaviðræðum við stjórnarandstöðu. „Það fór út af borðinu strax. Það var útséð um að þar væri einhver sátt,“ segir Silja. Katrín Jakobsdóttir, formaður

Vinstri grænna, segir forseta Alþingis hafa lagt mikla áherslu á að klára þing á réttum tíma í stað þess að bæta við þingfundardögum. „Þá er skammur tími til stefnu. Það eru mörg stór mál sem biða og um það voru formenn allra flokka sammála á laugardag.“

Birgir Ármannsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, segir stjórn og stjórnarandstöðu vera að læra hvor á aðra. Stjórnarflokkarnir hafi ekki getað keyrt hluti áfram með sama hætti og áður. „Það er annaðhvort meirihluti fyrir málum eða ekki. Ef það er meirihluti, þá breytir í sjálfu sér ekki hvort það er eins manns meirihluti eða ekki, en auðvitað er skynsemi fólgin í því að leita samkomulags um það sem mögulegt er. En þar sem er ágreiningur verður bara afl atkvæða að skera úr.“

snaros@frettabladid.is

Ástráður telur rökin ekki næg

STJÓRNSÝSLA Ástráður Haraldsson, hæstaréttarlögmaður og umsækjandi um embætti Landsréttardómara, telur að rökstuðningi dómsmálaráðherra fyrir skipan fimmtán dómara við Landsrétt sé ábótavant. Þetta kom fram í bréfi sem hann sendi forseta Alþingis í gærkvöldi.

„Geti ráðherra ekki lagt fram fullnægjandi gögn eða skýringar á að undirbúningur og meðferð málsins hafi verið í samræmi við lög ber að hafna tillögum ráðherra,“ segir í yfirlýsingu Ástráðs. – jõe

Fréttablaðið í dag

SPORT Aron Kristjánsson gerði Aalborg að dönskum meistara í handbolta á sunnudaginn. **16**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• VÖRUBÍLAR OG VINNUVÉLAR


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Nafnið breytist en áfangastaðirnir hafa enn sama aðdráttarafl.
Ævinlega velcomin um borð. airicelandconnect.is

**Air Iceland
Connect**



Veður



Austankaldi og víða rigning, en snýst í hægari suðaustanátt á Suðurlandi og Vesturlandi og styttr upp þar seinnipartinn. Kólnar heldur í veðri. **SJÁ SIÐU 20**



Costco hefur undanfarið boðið eldsneyti á mun lægra verði en önnur oliufélög. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Minni verðbólga vegna Costco

EFNAHAGSMÁL Óbeinna áhrifa af opnun Costco gætir í nýjstu verðbólguáætlun Hagstofunnar. Um þetta eru hagfræðingar greiningardeildar Arion banka og hagfræðideildar Landsbankans sammála. Neysluverðsvisitalan í maí hækkadi um 0,2%. Sé horft fram hjá hús-næðisliðnum lækkadi neysluverðsvisitalan um 0,4%. Niðurstaðan er sú að tólf mánaða verðbólga fer úr 1,9% í 1,7%.

Gústaf Steingrímsson, hagfræðingur í hagfræðideild Landsbankans, segir verð í ákveðnum vöruflokkum hafa lækkad, ólíkt því sem búast hefði mátt við. Þar nefnir hann fót, raftæki, snyrtivörur, tómstundavörur og varahluti í bíla.

„Það eru sterkar vísbendingar um að áhrif Costco hafi verið þarna til staðar,“ segir Gústaf en bendir á að þar sé um að ræða lækkunar vöruverðs hjá þeim verslunum sem voru fyrir á markaðnum og hafa verið að undirbúa sig undir opnun Costco.

Undir þetta tekur Erna Sværisdóttir, hagfræðingur hjá greiningardeild Arion banka. Hún segir ekki vera hægt að sjá bein áhrif af opnun Costco strax. Mæling Hagstofunnar hafi verið gerð 8. til 12. maí, fyrir opnun Costco. Næsta mæling fari fram 12. til 16. júní.

Erna segir að það verði spennandi að sjá hver beinu áhrifin af Costco á verðlagsvisitaluna verði. En Hagstofan muni taka tillit til markaðshlutdeildar verslunarinnar í útreikningum sínum. – jhh

Æft fyrir utanlandsferð



27 krakkar sem hafa meðal annars dansað í Billy Elliot og Bláa hnettinum í Borgarleikhúsinu æfa nú af fullum krafti fyrir alþjóðlega danssýningu sem haldin verður á Englandi síðar í vikunni. Sýningin er á vegum félags breskra leikhúsdansara og munu krakkarnir meðal annars fá leiðsögn frá nokkrum af þekktustu danshöfundum landsins. Mikil tækifæri fyrir þessa ungu og efnilegu dansara. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ráðherra biðst afsökunar á ummælum

ALPINGI Þorsteinn Víglundsson, félags- og jafnréttismálaráðherra, baðst í gær afsökunar á ummælum sem höfð voru eftir honum í Fréttablaðinu í gær. Sagði hann þau á miskilningi byggð.

Ummæli ráðherrans, þess efnis að stjórnarandstaðan væri að „bregða fæti fyrir“ frumvörp um NPA-afstöð og lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, vöktu viðbrögð við upphaf þingfundar í gær.

„Hvað þetta varðar hefur minnihlutinn réttilega vísað til þess að samkomulag hafi orðið um þessar lyktir mála milli minni- og meirihluta. Ummæli mín eru því á miskilningi byggð og er mér bæði ljúft og skylt að biðjast velvirðingar á því,“ segir í yfirlýsingu frá ráðherranum. – jóe

Taugastríð í miðbænum að buga sendibílstjóra

Lögreglan er sögð boða hert eftirlit með sendibílum í miðbæ Reykjavíkur utan leyfðs affermingartíma á morgnana. Sendibílstjóri segist þurfa að beita brögðum til að veita þjónustuna og jafnvel vera farinn að hafna túrum í miðbænn.

MIDBORGIN „Við bara hötum miðbænn, það er ekki hægt að vinna þarna,“ segir Ólafur Foss, sjálfstætt starfandi sendibílstjóri hjá Nýju sendibílastöðinni.

Að sögn Ólafs varaði lögreglu maður sendibílstjóra við því á föstudag að nú eftir helgina myndi eftirlit verða hert og sektum beitt gegn þeim sem afferma vörur í Austurstræti eftir klukkan ellefu á morgnana. Hann segir þegar alltof mikið hafa verið þrengt að vöru- og fólksflutningnum í miðbænum. Ekki sé nóg með að ekki sé gert ráð fyrir afhendingarstöðum fyrir svo stóra bíla heldur sé tímaglugginn aðeins fjórir klukkutímar – milli klukkan sjö og ellefu á morgnana.

„Það er verið að troða öllum rútunum og öllum sendibílunum á sama tíma niður í miðbæ og það náttúrulega gengur ekki því þá stíflast allt saman,“ segir Ólafur sem kveðst vera farinn að hafna túrum í miðbænn. „Maður er endalaust að teffa fólkið fyrir aftan sig af því að það er ekki hægt að stoppa neins staðar til að afferma.“

Ólafur segir auðvelt að ímynda sér öngveitið þegar upp í þrjátíu fyrirtæki séu að þjónusta Laugavegin á sama tíma. „Það er verið að þjónusta túristana þarna niður frá en samt er alltaf verið að þrengja að því að það sé hægt. Rúturnar hafa verið mjög illa séðar í miðbænum og alltaf verið að tuða í þeim. Núna eru sendibíllarnar orðnir sama dæmið.“

Þá bendir Ólafur á að það séu ekki aðeins fyrirtækin í miðbænum sem noti sendibíla því þar búi mikið af fólki sem þurfi að flytja húsgögn og



Ólafur segir þrengt að bílstjórum í miðbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

Ef það bætist sekt ofan á, hver á þá að borga hana? Á ég að gera það?

Ólafur Foss sendibílstjóri

fleira. „Maður þarf að leggja ólöglega, ganga með vöruna, keyra á móti umferð. Maður þarf að hlaupa inn og út með vörur með hjartað í brókunum yfir því hvort maður sé að fá sekt eða ekki. Þetta er frekar taugatrekkjandi,“ segir hann.

Lausnina segir Ólafur meðal annars geta falist í því að heimila vörulöslun frá klukkan fjögur á nóttinni líkt og Ölgerðin bað um leyfi fyrir í fyrra. Þeirri beiðni var sýnd vegna þess að hún stangaðist á við hávaðareglugerð eins og kom fram í Fréttablaðinu í desember síðastliðnum.

Aðspurður segir Ólafur sér finnast fánlegt að íbúar í miðbænum kvarti undan hávaða frá vörulöslun. Það eina sem heyrst í séu bakkflautur. „Ég sé nú ekki að það sé mikill hávaði í tveimur mönnum sem eru að bera björkúta eða fara inn með pallettur. Fólk lætur náttúrulega allt fara í taugarnar á sér í dag. Hjól á ferðatöskum fara fyrir brjóstid á fólki. Það má ekki saumnál detta í dag þá er fólk farið að væla.“

Engin svör fengust frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í gær vegna þessa máls.

Ólafur bendir á að með allri þeirri takmörkun sem sé á umferð sendibíla um miðbænn verði túrarnir lengri og dýrari. „Ef það bætist sekt ofan á, hver á þá að borga hana? Á ég að gera það? Það er ekki hægt að rukka kunnann fyrir þetta.“

gar@frettabladid.is

Garðtraktorar fyrir þá kröfuhörðu



PÓR

Reykjavík:
Krokháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lönsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Opnunartími:
Opnið alla virka daga
frá kl 8:00 - 18:00
Lokað um helgar

Vefsíða og netverslun:
www.thoris



NÝR DACIA LOGAN

NÝ OG ENDURBÆTT INNRETTING - BAKKMYNDAVÉL
SPARNEYTINN - HLAÐINN BÚNAÐI - GÓÐUR Í ENDURSÖLU



Verð kr.

2.540.000 þús.

573 lítra farangursými (rúmar 4 golfsett langsum)
Eyðsla í blönduðum akstri 3,8 L/100 km*

Hlaðinn staðalbúnaði m.a.: Bakkmyndavél, Íslenskt leiðsögukerfi, 7" LED skjár, bakkskyjjarar, hraðastillir (Cruise control), Bluetooth handfrjáls símabúnaður, útvarp og geislaspilari með USB tengi fyrir MP3 spilara/Ipod, 4 hátalarar, aðgerðahnappar í stýri, sex aðgerða akstursthöfva, útihitamælir, ræsivörn, loftkæling AC, leðurstýri, litaðar rúður, svart slitsterkt „Compass“ tauáklæði, niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á ökumannssæti, ESC stöðugleikastýring, þokuljós að framan o.m.fl.



GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Benedikt Jóhannesson (C)

„Samkeppnishæfni greina verður aldrei tryggð með mismunandi skattareglum heldur með því að skapa heilbriggt rekstrarumhverfi fyrir allar greinar. Allir gleðjast yfir því þegar vel gengur í ferðaþjónustu. En ef Viðreisn vill vera sjálfri sér samkvæm berst hún gegn sérhagsmunum allra, líka vina sinna.“



Katrín Jakobsdóttir (V)

„Samfélag er ekki aðeins bókhald sem þarf að stemma af. Samfélag er undirstaða þeirrar velferðar sem við viljum búa fólkinu okkar. Það er sáttmáli grundvallaður á réttlæti og sanngirni þannig að þeir sem mest hafa leggi hlutfallslega meira af mörkum en þeir sem hafa minna á milli handanna.“



Jón Gunnarsson (D)

„Það er allt í lagi að gagnrýna og við vitum að það eru brotalamir sem þarf að laga, en það er ástæðulaust að tala allt niður í svaðið og það eykur sannarlega ekki virðingu Alþingis þegar slíkar raddir heyrast úr þessum ræðustól.“



Birgitta Jónsdóttir (P)

„Þó má ekki gleyma því að mikil samstaða myndaðist um að verja heilbrigðiskerfi þjóðarinnar. Fjölmennasti undirskriftalisti lýðveldisins var krafa um endurreisn heilbrigðiskerfisins korter í kosningar, flokkarnir allir lofuðu að gera slíkt og samt lætur ríkisstjórnin eins og það skipti engu máli eftir kosningar.“



Óttarr Proppé (A)

„Það eru mörg þjóðþrifamál sem lítill ágreiningur er um í íslenskum stjórnámum. Alþingi hefur sýnt það trekk í trekk síðastliðinn vetur að við berum gæfu til þess að geta hafið okkur yfir flokkadrætti í þágu góðra mála. Það er gott og alls ekki sjálfsgagt.“



Sigurður Ingi Jóhannsson (B)

„Sé gengið til stjórnarsamstarfs við Sjálfstæðisflokkinn þarf að hafa afl til að standa í lappirnar. Slíkt afl hefur mér sýnst að viðhengin tvö, Björt framtíð og Viðreisn, hafi ekki. Viðreisn er útibú frá Sjálfstæðisflokknum, Björt framtíð virðist svo vera orðin útibú frá Viðreisn.“



Logi Már Einarsson (S)

„Landspítalinn er orðinn svo heit kartafla að stjórnin getur ekki haldið á henni. Hún ræður ekki við reksturinn; sér þá einu lausn að setja pólitíska agenta yfir stjórn spítalans til að fela vandræðagang sinn. Þrátt fyrir þá staðreynd að margt sé vel gert í heilbrigðismálum er æþandi sú staðreynd að þeim fjölgar sem sleppa því að sækja sér lækniþjónustu vegna kostnaðar.“



Ráðherrarnir Benedikt Jóhannesson, Óttarr Proppé og Björt Ólafsdóttir á þingfundi í gær. Sigurður Ingi Jóhannsson, Framsóknarflokkki, ýjaði að því að flokkur hinna síðarnefndu væri útibú frá flokki Benedikts. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

Costco og eftirpartý í eldhúsdagsumræðum

Stefnt er að þinglokum í vikunni eftir snarpt og óvenjulegt vorþing. Af því til efni fóru eldhúsdagsumræður fram á Alþingi í gær. Þingmenn allra flokka fóru um víðan völl en heilbrigðis-, mennta- og myntmál voru fyrirferðarmikil.

ALÞINGI Þingmenn héldu eldhúsdaginn hátiðlegan í gærkvöldi. Venju samkvæmt baunuðu stjórnarandstæðingar á stjórnarþingmenn.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, reið á vaðið og líkti stjórnarmyndunarviðræðunum við kvöld á barnum þar sem stjórnarflokkarnir hefðu farið heim saman í eftirpartý.

„Þegar partýið loksins hefst hefur þreytan náð yfirhöndinni, enginn man lengur væntingarnar frá fyrr í kvöld, [...], sumir eru svolítið fúllir með að hafa lent í þessu partýi en ekki einhverju öðru. Og húsráðandinn er ekki einu sinni heima,“ sagði Katrín undir hlástrasköllum þingheims. Visar hún þar til þess að Bjarni Benediktsson er um þessar mundir staddur í Björgvin á fundi norrænna forsætisráðherra.

„Það er enn þá stjórnarkreppa á Íslandi. Hjálparflokkar Sjálfstæðisflokksins eru í kreppu,“ sagði Svanðis Svavarsdóttir, samflokkskona Katrínar, í sinni ræðu. Skömmu áður hafði Jón Gunnarsson, sam-

gönguráðherra Sjálfstæðisflokks, sagt óhyggilegt að „hafa hestaskipti í miðri á, hvað þá að reyna það þegar enginn annar hestur er tiltækur“.

Þingmönnum var tíðrætt um heilbrigðismálin, stöðu krónunnar, hvort stjórnin ætlaði sér frekari einkavæðingu í menntakerfinu og fjármálaáætlun stjórnarinnar. Þá gerði fjármálaráðherra starfshætti þingsins að umræðuefni.

„Enn meira gagn væri að umræðum á Alþingi, ef þingmenn temdu sér þá vinnureglu að tala ekki nema þeir teldu sig eitthvað hafa til mála að leggja, nýttu ekki alltaf þann tíma sem þeir hafa lengstan, heldur einbeittu sér að því að koma sínum skodunum og ábendingum á framfæri á hnitmiðaðan hátt,“ sagði Benedikt.

Koma Costco hefur verið talsvert milli tanna landans undanfarna daga og var hún einnig milli tanna á þingmönnum. Hildur Sverrisdóttir, Sjálfstæðisflokkki, vék örsnöggt að því að Íslendingar hefðu verið að slá höfðatöluheimsmet í verslun við Costco en verslunin

var fyrirferðarmeiri í ræðu Píratar Birgittu Jónsdóttur.

„Það er stórmerkilegt að sjá þessa skyndilegu og auknu neytendavitund og meðvitundina um þann mátt samstöðu sem fólk er að fatta. Næsta bylga samstöðu og hjálpssemi af þessu tagi gæti auðveldlega orðið um laun og launatengd réttindi, nú þegar margir samningar losna,“ sagði Birgitta.

Í fyrsta sinn fluttu innflytjendur af fyrstu kynslóð ræður á eldhúsdagi. Pawel Bartozsek, Viðreisn, reið á vaðið en Nichole Leigh Mosty, Bjartri framtíð, lokaði eldhúsdeginum með tilfinningaþrunginni ræðu.

„Þegar ég flutti hingað fyrir 16 árum síðan starfaði ég eins og flestir innflytjendur sem ræstítækni þvi það var ekkert annað í boði fyrir manneskju eins og mig sem talaði næstum enga íslensku. Ég einangraðist og mætti fordómum oft og víða. En mjög margt hefur breyst og nú stend ég hér, þökk sé íslenska menntakerfinu,“ sagði Nichole. johannoli@frettabladid.is



Garðsláttuvélar sem slá á þínum gönguhraða

Það er leikur einn að slá með nýju garðsláttuvélunum frá CubCadet. Þær eru með MySpeed hraðastilli sem aðlagar keyrsluhraða vélanna að þínum gönguhraða.

CubCadet
Gerir sláttinn auðveldari

MYSPEED



PÓR H F

Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lönsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Opnunartími:
Opnið alla virka daga
frá kl 8:00 - 18:00
Lokað um helgar

Vefsíða og netverslun:
www.thor.is

PEUGEOT

208

GÆÐIN HEILLA ÞIG STRAX



KOMDU OG KEYRÐU PEUGEOT Í DAG

VERÐ FRÁ:

2.090.000 kr.

Eyðsla frá 3,0 l/100 | CO₂ losun frá 79 g/km

SPORTLEGUR, LIPUR OG ÖRUGGUR

Gæði Peugeot 208 heilla þig strax. Sportlega hannaður, sparneytinn og fánlegur með Bluetooth og 7 tommu snertiskjá. Einstaklega lipur í umferðinni, snarpur í akstri og státar af fimm stjörnu öryggi. Puretech vélar Peugeot eru þekktar fyrir sparneytni og að vera einstaklega umhverfisvænar.

PEUGEOT 208

MOTION & EMOTION



PEUGEOT



Öruggur staður til að vera á


Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

VIÐ HJÁ BÍLALANDI ERUM MEÐ NOKKRA LÚXUSBÍLA Á STÆÐINU. KOMDU Í HEIMSÓKN OG FÁÐU TILBOÐ HJÁ OKKUR.



www.bilaland.is



Rnr. 370582

LAND ROVER Discovery 4 SE
Nýskr. 05/15, ekinn 42 þ.km, dísil, sjálfskiptur, 8 girar.

VERÐ 10.290 þús. kr.



Rnr. 390039

BMW X5 xDrive40e F15 PHEV
Nýskr. 09/16, ekinn 4 þ.km, bensín, sjálfskiptur, 8 girar.

VERÐ 10.490 þús. kr.



Rnr. 192375

LAND ROVER Discovery 4 SE
Nýskr. 02/16, ekinn 64 þ.km, dísil, sjálfskiptur, 8 girar.

VERÐ 10.890 þús. kr.



Rnr. 143854

LAND ROVER Discovery 4 SE
Nýskr. 01/16, ekinn 61 þ.km, dísil, sjálfskiptur, 8 girar.

VERÐ 10.890 þús. kr.



Rnr. 370580

LAND ROVER Range Rover
Evoque HSE
Nýskr. 02/16, ekinn 11 þ.km, dísil, sjálfskiptur, 9 girar.

VERÐ 8.590 þús. kr.



Rnr. 284355

MERCEDES-BENZ GLS 350
Nýskr. 11/16, ekinn 12 þ.km, dísil, sjálfskiptur, 9 girar.

VERÐ 14.390 þús. kr.

bilaland

Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Tré þoldu ekki veðurofsann



Áð minnsta kosti ellefu létu lifið þegar óveður gekk yfir Moskvu, höfuðborg Rússlands, í fyrradag. Vindhraði náði yfir 30 m/s og féllu tré í veðurofsanum og byggingar löskuðust. Maður á gamals aldri lést þegar tré féll á hann meðan hann beið eftir strætó. Sömu örlög biðu pars sem dvaldi í sumarhúsi sem tré féll á. Hátt í hundrað slösuðust í veðrinu sem hefur verið lýst sem versta veðri í borginni í yfir hundrað ár. NORDICPHOTOS/AFP

Tillaga Brynjars betri en núverandi verklag

Forstjóri Barnaverndarstofu segir skárra að fangelsa foreldri vegna tálmunar en að taka barn af heimilinu. Nýtt frumvarp um aðgerðir vegna tálmunar séu því til bóta. Sýslumaður þurfi að geta afgreitt tálmunarmál með hraði.

STJÓRNSÝSLA Sú aðferð sem lögð er til í nýju frumvarpi Brynjars Nielssonar alþingismanns er skárra en heimild til aðfarar sem finna má í núgildandi barnaverndarlögum. Þetta er mat Braga Guðbrandssonar, forstjóra Barnaverndarstofu.

Brynjar Nielsson hefur, ásamt fleiri þingmönnum, lagt fram frumvarp til breytinga á barnaverndarlögum sem felur í sér að ef foreldri sem barn býr hjá hindrar hitt foreldrið í að neyta umgengnisréttar eða takmarkar hann, þá varði það fangelsi allt að fimm árum.

Bragi Guðbrandsson bendir á að í barnalögum í dag sé lokaúrræðið aðför, þar sem barn er tekið af heimili. „Ég held að allir séu sammála um að það sé alversta aðferð sem hægt er að beita í svona málum,“ bætir hann við. Sú aðgerð beinist gegn barninu sjálfu og barnið sé beinn þolandi slíkrar aðgerðar.

„Ég held að það sé þá skömminni skárra að í neyðaraðgerðum sé það

Ég held að það sé þá skömminni skárra að í neyðaraðgerðum sé það frekar gert þannig að foreldrið sé handtekið.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu



frekar gert þannig að foreldrið sé handtekið,“ segir hann. Þá beinist aðgerðin að hinum brotlega.

Bragi leggur áherslu á að foreldri yrði ekki handtekið nema í algjörum undantekningartilfellum.

Bragi bendir líka á að skipta megi tálmunarmálum í stórum dráttum í tvo flokka. Annars vegar þegar málefnalegar ástæður eru fyrir því að foreldri hindri hitt foreldrið í

að umgangast barnið. Það er þegar foreldri telur það andstætt hagsmunum barnsins, jafnvel hættulegt, að umgangast hitt foreldrið. Í öðrum tilfellum eigi sér slík tálmun stað án nokkurrar málefnalegar ástæðu.

„Vandinn er sá að þessum ólíku ástæðum er oft blandað saman,“ segir Bragi. Hann segir það þurfa að vera alveg skýrt að foreldri sem tálmar aðgengi hins foreldrisins eigi ekki að geta tekið slíka ákvörðun á eigin forsendum. „Það þarf að vera aðili sem veitir slíkra ákvörðun lögmæti, ef það er yfirhöfuð hægt að veita henni lögmæti,“ segir Bragi.

Sýslumaður eigi að taka þessa ákvörðun eftir að barnaverndarkerfið hafi kannað hvort gildar ástæður séu fyrir tálmun.

Þetta ferli, þar til sýslumaður getur gefið heimild til tálmunar með bráðabirgðaúrskurði, eigi að taka sem stytta tíma. Það eigi að klárast innan nokkurra vikna en ekki á mánuðum eða árum. jonhakon@frettabladid.is



Way of Life!

FULLVAXINN BALENO Á SMÁBÍLAVEÐI!

KOMDU
OG PRÓFAÐU
HANN

VERÐ FRÁ KR.
2.260.000



NÝR TÍMAMÓTA BALENO

BALENO setur ný viðmið í nýtingu rýmis. Hann hefur mesta innra- og farangursrými í sínum flokki og er um leið sérlega vel hannaður og glæsilegur ... samruni hönnunar og rýmis.

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

FLUTT MEÐ
EEIMSKIP

Við kynnum nú í fyrsta sinn Suzuki Baleno með MILD HYBRID vél, ásamt tveimur sparneytnum bensínvélum, 1,0 Boosterjet og 1250 Dualjet. Meðal eyðsla frá 4,0 l/100km.



Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100



VIKTOR   APOTEKINU

Viktor  rn Andr sson bronsver launahafi
Bocuse d'Or 2017 er gestakokkur
  Apotekinu 31. ma  – 4. j n 

Vertu velkomin   7 r tta girnilegan „tasting menu“
a  h tti Viktors þar sem brag laukarnir ver a kitla ir.

7 R TTA MATSEÐILL

 slenskur h rpu iskur
Bl mk l, yuzu vinaigrette

Grilla ur humar
Estragon alioli

L ttgrafi  og h gelda  bleikju-terrine
Bleikjutartar, dill-aioli, brenndur bla laukur, bleikjukav ar

Langt maeldu  og st kksteikt sv nas  a
Gerja ur hv tlaukur, ostrusveppir, s rs et s sa

T nfiskur og foie gras
Shitake sveppir og sesams sa

Kolagrillu   slensk nautalund
Jar skokkar, nautaglj i me  kantarellum og trufflum

Jar aber og reyktur rj maostur
S tr nukrem, estragon ol a og karamellu  quinoafr 

9.900 KR.

Þ  m tt bara ekki missa af þessu!

Bor apantanir   s ma 551 0011

APOTEK KITCHEN+BAR // Austurstr ti 16 / S mi 551 0011 / apotek.is



Ungmennir   Sana'a sitja hj  me an foreldrar þeirra bi a   r   eftir matara sto  fr  hj lparstarfsm nnum. FR TTABLAÐID/EPA

Hungursney    Jemen

Hungursney  rikir   Jemen af v ldum langvarandi borgarastyrjaldar. Tali  er a  barn yngra en fimm  ra svelt   hel   t u m n tna fresti   landinu.  tla  er a  br n þ rf s    r flega 200 milljar a kr na ney ara sto  til landsins.

JEMEN Ramadan, f stum nu ur m slima, gekk   gar  s  astli inn laugardag og stendur yfir til 24. j n . M slimar um v  a ver ld fasta fr  s laruppr s til s larlags en g  a s r oft   kr singum þegar s lin hefur sest.   Jemen er hins vegar  tla  a  um sautj n millj nir manna, um sj t u pr sent  b a, hafi ekkert val um a  fasta.

 fremdar stand hefur r kt   landinu fr   rinu 2015 vegna  taka H ta, sem nj ta stu nings  rans, v  stj rnarherinn.  tla  er a  yfir t u þ sund manns hafi l tist    t kunum, um fj rfalt fleiri hafi s erst og meira en þrj r millj nir manna hafi ney st til a  yfirgefa heimili s n. Skortur er   helstu matv lum og lyfjum.   ofan lag hafa t plega 30 þ sund manns veikst af k leru   faraldri sem n  geisar   landinu.

Staðan er grafalvarleg. Vi  h fum ekki fengi  greidd laun svo m nu um skiptir.

Nabil Ibrahim,  b i   Hodeidah, Jemen

  sk rslu UNICEF, sem kom  t   desember, er  tla  a  um tv r millj nir jemenskra barna s u van-n r ar.   s mu sk rslu kemur fram a    t u m n tna fresti l tist barn, yngra en fimm  ra,  r hungri. Sam-einu u þj  irnar hafa l st st  unni   landinu sem „st rsta mann  ar-vandam li heimsins“.

„S lut lur n  eru l gri en nokkru sinni fyrr. Hvert  r og hver m nu ur er verri en s  sem kom   undan,“

segir Yahya Hubar, verslunareigandi   strandborginni Hodeidah, v  Al-Jazeera. Venjulega gerir f lk vel v  sig þegar s lin sest en Jemenar sj  ekki fram   sl kt  r.

„Staðan er grafalvarleg. Vi  h fum ekki fengi  greidd laun svo m nu um skiptir. Þa  er erfitt a  kaupa nau synjav rur og ver  hefur h kka  upp  r  llu valdi. Vi  ney -umst til a  horfa   hluti sem v  h fum ekki efni   a  kaupa,“ segir Nabil Ibrahim,  b i   Hodeidah.

 tla  er a  r flega tvo milljar a Bandar kjadollara, andvir i um 210 milljar a  slenskra kr na, þurfi   ney ara sto  til  b a landsins. T plega helmingur þ rrar upp-h  ar hefur safnast. Jemen m tti illa v  skakkaf llum en fyrir str i  var þa  eitt alf t kasta r ki Arab u-skagans. johannoli@frettabladid.is

 rsfundur 2017

Dagskr 

1. Fundur settur.
2. Sk rsla stj rnar.
3. Ger  grein fyrir  rsreikningi.
4. Tryggingafr  ileg  ttekt.
5. Breytingar   samþykktum – kynning.
6. Fj rfestingarstefna sj  sins kynnt.
7.  nnur m l.

 rsfundur S fnunarsj  s l feyrisr ttinda ver ur
haldinn þri judaginn 30. ma  2017 kl. 16:30,
a  Hilton Reykjav k Nordica Su urlandsbraut 2, Reykjav k.

Allir sj  f lagar, jafnt grei andi sem l feyrisþegar,
eiga r tt til fundarsetu    rsfundinum.
Sj  f lagar eru hvattir til a  m ta   fundinn.

Reykjav k 25. 04. 2017

Stj rn S fnunarsj  s l feyrisr ttinda



S fnunarsj  ur
l feyrisr ttinda

tl.is

SUMARTILBOÐ

VIKUNNAR!



SJÓÐHEITTILBOÐ Á I5 FARTÖLVU

ASU-F556UADM1023T

ÞESSI ER ALVÖRU. SÉRSTAKLEGA HRÖÐ MEÐ INTEL I5 ÖRGJÖRVA, 256GB OFURHRÖÐUM SSD DISKI OG 8GB VINNSLUMINNI. GLÆSILEGA HÖNNUÐ MEÐ KRISTALTÆRUM FHD SKJÁ.

-25%

89.995

FULLT VERÐ 119.995



-15%

16.995

FULLT VERÐ 19.995

3TB FLAKKARI Í VASA FYRIR LJÓSMYNDIRNAR

WD-BUE6Y0030BBK

TRAUSTUR OG FYRIRFERDALÍTLI USB 3.0. FLAKKARI SEM ÞARF EKKI STRAUMBREYTI HELDUR TEKUR STAUM Í GEGNUM USB TENGIÐ.



ÓTRÚLEGT VERÐ!

9.995

FULLT VERÐ 11.995

SUMARSPJALDTÖLVAN Í ÁR FYRIR HRESSA KRAKKA!

NEX-NX7850CBG

FRÁBÆR FYRIR BÖRNIN Í FERDALAGIÐ. FJÖGURRA KJARNA A9 OG MYNDAVÉL AÐ FRAMAN OG AFTAN. ÞÚSUNDIR LEIKJA OG FORRITA Í GEGNUM GOOGLE PLAY.



-30%

6.995

FULLT VERÐ 9.995

LEIKJALYKLABOÐ MEÐ ÍSLENSKUM STÖFUM

ASU-CERBERUSKEYBOARD

SÉRSTAKLEGA HARÐGERT LYKLABOÐ SEM ER HANNAÐ TIL AÐ ÞOLA MIKLA NOTKUN Á DÚNDURTLIÐI

TILBOÐIN GILDA TIL 5. JÚNÍ EÐA Á MEÐAN BIRGÐIRENDAST

MEIRA EN 2.000 TÖLVUR OG TÖLVUVÖRUR
Á LÆGRA VERÐI Á WWW.TL.IS!

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK
SUDURLANDSBRÁUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRTORG
Sími 414 1730

HÚSAVÍK
GARDARSBRÁUT 18A
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFÖSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1
Sími 431 3333

ENDURLÍFGUNARTÆKI

- Leiðbeinir með hjartahnoð
- Tækið talar íslensku

5
ÁRA

- Endingartími rafhlaðna
- Endingartími rafskauta
- Ábyrgð á tæki

Tilboðsverð
Kr. 159.900

☎ 551 0230 ✉ inter@inter.is



Flugmenn sakna faglegar umræðu um Reykjavíkflugvöll og vonast eftir að blásið verði lífi í fagrð um flugmál.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Arftaki flugráðs ekki starfað í eitt og hálf ári

Fagrð um flugmál hefur ekki fundað í yfir níttján mánuði. Skipan nýs ráðs tefst af því að tilnefningar á konum vantar. Flugmenn harma að ráðið liggja í dróma og segja skjóta skökku við að ekki sé til opinber stefna stjórnvalda í flugmálum.

STJÓRNSÝSLA Svokallað fagrð um flugmál sem leysti af hólmi flugráð hefur ekki haldið fund í meira en níttján mánuði. Ráðinu er ætlað að vera samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til ráðuneytis um flug- og loftferðamál.

Fyrst var skipað í fagrð um flugmál í febrúar 2014. Þeir sjö sem tóku sæti í fagrðinu voru þá skipaðir til tveggja ára eða til febrúar 2016. Skipunartími þeirra rann því út fyrir 15 mánuðum. Ekki hefur verið skipað í ráðið að nýju en Jóhannes Tómasson, upplýsingafulltrúi innanríkisráðuneytisins, segir það nú í undirbúningi.

„Eftir síðustu ríkisstjórnarskipti hófst undirbúningur við skipun í ráðið og hafa tilnefningar borist en formlegri skipun er ekki lokið, meðal annars þar sem kannna þarf hjá sumum tilnefningaraðilum hvort unnt er að tilnefna konur þar sem það var ekki gert.“ útskýrir Jóhannes.

Jafnframt bendir Jóhannes á að á síðasta fundi fagrðsins hafi verið rætt um að endurskoða hlutverk þess og að tengja það á einhvern hátt við gerð samgönguáætlunar. Ráðuneytið hefur á þessum tíma átt margs konar samráðsfundi með fulltrúum flugrekenda, rekstraraðilum flugvallar, grasrótinni í flugheiminum og Félagi íslenskra atvinnuflugmanna.

„Því hefur það ekki komið að sök þótt fagrðið hafi ekki verið virkt þennan tíma. Mikilvægt er þó að koma þessum samráðsvettvangi á að nýju,“ segir upplýsingafulltrúinn.

Fréttablaðið hefur fengið afrit fundargerða þeirra sex funda sem fagrð um flugmál hélt frá fyrsta fundi 20. mars 2014 til síðasta fundar 15. október 2015. Eini meðlimur ráðsins sem fékk greitt fyrir setu sína þar var formaður þess, Eygrún Ingibjörg Sigþórsdóttir. Mánaðar-

Formlegri skipun er ekki lokið, meðal annars þar sem kannna þarf hjá sumum tilnefningaraðilum hvort unnt er að tilnefna konur þar sem það var ekki gert.

Jóhannes Tómasson, upplýsingafulltrúi innanríkisráðuneytisins



Ráðið virðist hafa farið vel af stað en lagnast út af og það ber að harma.

Ingvar Tryggvason, formaður Öryggisnefndar Félags íslenskra atvinnuflugmanna



legar þóknar til hennar fram til 14. febrúar 2016 námu samtals 711 þúsund krónum.

„Ráðið virðist hafa farið vel af stað en lagnast út af og það ber að harma,“ segir Ingvar Tryggvason, formaður Öryggisnefndar Félags íslenskra atvinnuflugmanna. Eitt og annað veki athygli í fundargerðunum. Til dæmis komi þar fram gagnrýni á niðurskurð á fé til framkvæmda á innanlandsvöllum en þar sé ekki að finna umfjöllun um stöðu Reykjavíkflugvallar og lokun flugbrautar 06/24 – sem stundum er kölluð neyðarbrautin.

Ingvar segir að taka megi undir ýmislegt í fundargerðunum. Til dæmis að fagrðið sé eini vettvangurinn sem fagaðilar komi að og mikilvægt sé að ráðið fái aðkomu að

öllu því sem snertir flugið. Nefnt sé að varaflygvellir séu að verða ónot-hæfir til að koma í stað Keflavíkflugvallar þar sem meðal annars vanti flugvélastæði og að ástandið sé að verða mjög alvarlegt. Nýta mætti arð af Isavia til að greiða niður starfsemi á innanlandsflugvöllum.

„Hins vegar er ekki að sjá að neinum málum sé fylgt eftir eða að stjórnvöld leiti til ráðsins með álítmál,“ segir Ingvar. Á eftir ár komi samgönguáætlun út með mörkuðum fjárveitingum til framkvæmda á innanlandsvöllum. „Það næsta sem gerist er að fjárlög koma og þá er komið núll í alla dálkana. Við þetta ástand verður ekki unað lengur.“

Fundargerðirnar segir Ingvar framkalla mynd af brestum í flugvallakerfi landsins. „Brestum sem stafa fyrst og fremst af stefnuleysi stjórnvalda. Flugrekstur stendur í dag undir rúmum 10 prósentum af landsframleiðslu samkvæmt innanríkisráðuneytinu en það er fimm- til sexfalt herra hlutfall en í nágrannalöndunum. Það skýtur því skökku við að opinber stefna í flugmálum sé ekki til á Íslandi.“

Þá segir Ingvar það einlæga von Félags íslenskra atvinnuflugmanna að fagrð um flugmál verði endurvakið og það starfi eins og til sé ætlast. Forveri fagrðs um flugmál, flugráð, sem lagt hafi verið niður eftir nærri 70 ára starf, hafi á þeim tíma verið mjög virkt og fundað alls 1.578 sinnum áður en yfir lauk í mars 2013.

„Á Íslandi starfar aragrúi fjölbæfs og vel menntaðs fólks í fluggeiranum. Allar upplýsingar, tölfraedi og þekking eru til staðar á meðal þessa fólks til að stjórnvöld geti tekið af skarið og markað skýra og skynsamlega stefnu í flugmálum þjóðarinnar,“ segir Ingvar Tryggvason. gar@frettabladid.is

Tröppur og stigar

MÚRBÚÐARVERÐ

LLA-211 PRO álstigi/trappa 2x11 þrep **16.990**

LFD 90AL70x33x100 cm **9.990**

I ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM

Áltrappa 3 þrep **3.990**

Áltrappa 4 þrep 4.940

5 þrep 6.390

LLA-308 PRO álstigi 3x8 þrep 2,27-5,05 m **17.990**

Kletthálsi Reykjavík Reykjanesbæ

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



Verkfræðingafélag Íslands

Staða Íslands í loftslagsmálum

Morgunfundur Verkfræðingafélags Íslands miðvikudaginn 31. maí á Hilton Reykjavík Nordica. Húsið opnar kl. 8:00 með létttri hressingu. Dagskráin hefst kl. 8:30 og fundi lýkur kl. 10.

- **Helstu stærðir í loftslagsmálum á Íslandi.** Gylfi Árnason, verkfræðingur.
- **Skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum.** Vanda Úlfrún Liv Hellsing, teymisstjóri í loftmengunar teymi Umhverfisstofnunar.
- **Hvað er í húfi?** Halldór Björnsson, hópstjóri veðurs og loftslags á Veðurstofu Íslands.

Pallborðsumræður: Auk fyrirlesara taka þátt **Ágústa S. Loftsdóttir**, verkefnisstjóri eldsneytismála og vistvænnar orku hjá Orkustofnun og **Hörður Arnarson**, forstjóri Landsvirkjunar.

Fundarstjóri: Svana Helen Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Stika.

Allir velkomnir. Vinsamlega skráið þátttöku: tilkynningar@verktaekni.is eða í síma: 535 9300. Fundurinn er á vegum Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ.

Gæti breytt miklu fyrir Airbnb-gestgjafa

DÓMSMÁL Þess er beðið að dómur falli í Hæstarétti sem gæti haft veruleg hamlandi áhrif á starfsemi Airbnb hér á landi. Fjölskipaður dómur kemur til með að taka afstöðu til þess hvort þeim sem leigja út íbúðir á Airbnb í fjölbýlishúsum beri að fá samþykki húsfélags fyrir útleigunni. Málflutningur fer fram á miðvikudag.

Í apríl á síðasta ári dæmdi héraðsdómur á þá leið að hjónum, sem leigðu þrjár íbúðir út í fjölbýlishúsum í Skuggahverfi við Vatnsstíg,

þær að fá samþykki íbúa í öllum íbúðum húsanna fyrir leigunni. Íbúðirnar eru riflega sjötíu talsins.

„Þetta er mjög fordæmisgefandi mál þar sem er í raun tekist á um allan pakkann. Það er tekist á um hvort um sé að ræða atvinnustarfsemi í skilningi laganna,“ segir Valtýr Sigurðsson lögmaður sem fer með mál hjónanna. Valtýr segir að fari svo að dæmt verði húsfélaginu í vil komi málið til með að hafa áhrif á heimild allra Airbnb-gestgjafa í fjölbýlishúsum. – snæ

Ef Hæstiréttur staðfestir málið þá hefur dómurinn verulegar raskanir í för með sér.

Valtýr Sigurðsson, lögmaður



Tölvuþrjóturinn Assange verður að virða stöðu Ekvador

EKVADOR Nýkjörinn forseti Ekvador, Lenin Moreno, segir að Ástralinn Julian Assange, stofnandi WikiLeaks, sé tölvuþrjótur. Þar er á ferð viss stefnubreyting frá tíð fyrri forseta, og læriföður Morenos, Rafael Correa.

Assange hefur hafst við í sendiráði Ekvador í London undanfarin fimm ár til að komast hjá handtöku og mögulegu framsali. Hann var eftirlýstur í Svíþjóð vegna ásakana um kynferðisbrot og þá vilja Bandaríkjamenn og Bretar hafa hendur í

Herra Assange er tölvuþrjótur

Lenin Moreno, nýkjörinn forseti Ekvador

verandi forsetinn Correa veitti Assange pólitískt hæli og talaði ávallt um hann sem blaðamann. Moreno tók í annan streng bæði í kosningaráttu sinni og eftir að hann tók við embætti.

„Herra Assange er tölvuþrjótur,“ sagði Moreno við fjölmiðla í heimalandinu í gær. „Þrátt fyrir það virði ég þá afstöðu hans að kalla eftir aukinni virðingu fyrir mannréttindum, en við förum fram á að hann virði einnig þá stöðu sem Ekvador er í.“ – jõe

hári hans. Forsetakosningarnar í Ekvador snerust að stórum hluta um veru Ástralans í sendiráðinu. Guillermo Lasso, andstæðingur Morenos, hafði heitið því að henda Assange út úr sendiráðinu. Fyrr-



Rafael Correa tekur í hönd Lenins Moreno þegar sá síðarnefndi sór embættiseið.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Brexit getur haft áhrif á samninga Færeyja og Grænlands í sjávarútvegsmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Semja á ný vegna Brexit

DANMÖRK Væntanleg útganga Breta úr Evrópusambandinu, það er Brexit, getur haft áhrif á samninga sem Grænland og Færeyjar hafa gert við Bretland, einkum í sjávarútvegsmálum. Þetta viðurkenna bæði utanríkisráðherra Danmerkur, Anders Samuelsen, og Lars Løkke Rasmussen forsætisráðherra.

Á vef grænlenka útvarpsins segir að unnið sé að því í samvinnu við Grænland og Færeyjar að tryggja hagsmunum ríkjasambandsins við gerð nýrra samninga milli danska ríkisins og Bretlands. – ibs

Malín áfrýjar

DÓMSMÁL Malín Brand hefur áfrýjað til Hæstaréttar 12 mánaða fangelsisdómi sem hún fékk fyrir að hafa ásamt systur sinni, Hlín Einarsdóttur, reynt að kúga fé út úr Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, þáverandi forsætisráðherra, og Helga Jean Classen.

Helgi Jean greiddi þeim systurum 700 þúsund krónur eftir að þær höfðu hótað að kæra hann fyrir nauðgun. Lögreglan handtók systurnar þegar þær reyndu að kúga fé út úr Sigmundi.

Systurnar fengu báðar tólf mánaða fangelsisdóm, þar af níu mánuði skilorðsbundna, í Héraðsdómi Reykjavíkur. Malín viðurkenndi hlutdeild í fjárkúgun á Sigmundi en neitaði sök í máli Helga Jean. – að



Rannsakendur studdust við gögn frá HSBC-bankanum. NORDICPHOTOS/AFP

900 milljarðar í skattaskjólum

DANMÖRK 320 ríkustu fjölskyldurnar í Danmörku hafa falið 60 milljarða danskra króna eða um 900 milljarða íslenskra króna í skattaskjólum. Þetta er mat sérfræðinga við Kaupmannahafnarháskóla, Berkeley-háskólann í Bandaríkjunum og NMBU-háskólann í Noregi.

Sérfræðingarnir rannsókuðu gögn frá HSBC-bankanum í Sviss sem lekið var fyrir nokkrum árum auk Panamaskjalanna og báru þau saman við upplýsingar frá skattafirvöldum. – ibs

Við hjálpum þér að bæta lífsgæðin



Rexton™ heyrnartækin gera meira en að hjálpa þér að heyra betur. Þau opna nýjar leiðir í samskiptum, rjúfa þögnina og gefa tóninn. Þau auka lífsgæðin. Komdu í ókeypiss heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN



Gegn nefndinni



Þorbjörn Þórðarson

thorbjorn@frettabladid.is

Sigríður Á. Andersen dómsháttaradhera ákvað að leggja sjálfstætt mat á hæfni umsækjenda um dómaraembætti við Landsrétt og fara ekki alfarið eftir tillögum nefndar sem mat hæfni umsækjenda.

Dómsháttaradhera skilaði tillögum sínum í gær. Í fjórum tilvikum af fimmtán ákvað ráðherrann að fara gegn niðurstöðu dómnefndar og tilnefna aðra en þá sem dómnefndin taldi meðal hæfustu umsækjenda. Samkvæmt lögum um dómstóla er óheimilt að skipa mann í dómaraembætti sem dómnefnd hefur ekki talið hæfastan en frá þessu má þó vika ef Alþingi samþykkir tillögu ráðherra og viðkomandi umsækjandi fullnægir almennum skilyrðum að mati dómnefndar. Í lögum um Landsrétt er hins vegar sérstakt bráðabirgðaákvæði um að áður en ráðherra skipar dómara við Landsrétt í fyrsta sinn skuli hann leggja tillögu um hverja skipun fyrir Alþingi til samþykktar. Af þessu leiðir að dómsháttaradhera þurfti alltaf að fá samþykki Alþingis fyrir skipun dómara við réttinn óháð því hvort ráðherrann hefði farið gegn niðurstöðu dómnefndar eða verið henni sammála.

Í fylgiskjali með bréfi til forseta Alþingis rökstyður dómsháttaradhera ákvörðun sína. Þar er vikið að því að í niðurstöðum dómnefndarinnar fái reynsla dómara sem sækja um embætti ekki það vægi sem tilefni sé til og gert sé ráð fyrir í reglum um störf nefndarinnar. Um er að ræða matsþætti er lúta að stjórn þinghaldar, samningu og ritun dóma en vikið er sérstaklega að þessum matsþættum í reglum.


Þeir fjórir einstaklingar sem dómsháttaradhera tilnefni en komast ekki á lista yfir fimmtán hæfustu í mati dómnefndar eru allt starfandi héraðsdómarar. Ljóst er að fyrirkomulag við mat á hæfni umsækjenda um dómaraembætti er ekki gallalaust. Þannig er aðferðafræði dómnefndarinnar til þess fallin að skyggja á einstaklinga sem hafa starfað lengi sem dómara því það leiðir af eðli máls að dómara hafa mjög takmarkað svigrúm til að sinna fræðistörfum í lögfræði og kennslu samhlíða dómsstörfum. Afar hægri héraðsdómarar urðu til dæmis ekki á meðal fimmtán hæfustu umsækjenda um dómaraembætti við Landsrétt að mati dómnefndar því þeir höfðu ekki yfir að ráða reynslu á sviði fræðistörfum til jafns á við aðra. Starf dómara er hins vegar í eðli sínu fræðistörf. Afkastamikill héraðsdómari er ef til vill með margfalt framlag háskólakennara í lögfræði yfir árið þótt hann eigi ekki bókartitla á ferilskránni því hann er alla daga að leggja sitt af mörkum til fræðigreinarinnar með rökstuddum dómsniðurstöðum.

Það væri auðvitað sérstök staða fyrir ráðherra að taka ákvarðanir sem gengju í berhög við eigin dómgreind, sannfæringu og innsæi. Annaðhvort staðfestir Alþingi tilnefningar ráðherra um dómaraembætti eða ekki. Ráðherra stendur svo og fellur með ákvörðunum sínum. Hins vegar er mikilvægt að ef ráðherra ákveður að fara gegn niðurstöðu dómnefndar þá sé ákvörðunin afar vel undirbyggð og rökstudd vegna þess friðar sem nauðsynlegt er að ríki um störf dómstóla. Alþingi svarar því svo hvort það hafi tekist.



Það væri auðvitað sérstök staða fyrir ráðherra að taka ákvarðanir sem gengju í berhög við eigin dómgreind, sannfæringu og innsæi.

Halldór



Frá degi til dags

Heita sætið

Það voru þung skref Óttars Proppé í pontu Alþingis á eldhúsdagi í gærkvöld eftir hverja skammarræðuna á fætur annari. Raunar hefur megnið af þúðri stjórnarandstöðunnar allt kjörtímabilið farið í að hirta heilbrigðisráðherra. Óttarr var varaður við því í upphafi kjörtímabils að heilbrigðisráðuneytið gæti reynst honum pólitískur blóðtappi. Ekki skal fullyrt um sannspárgildi þeirra varnaðarora hér, en stjórnmalmaðurinn sem sté í pontu í gær var ansi langt frá þeim sem fyrir nokkrum árum vildi vera ikonninn léttfætti á toppi trjána.

Tvistigandi

Þingmönnum stjórnarandstöðunnar var tíðrætt um meint einkavæðingaráform ríkisstjórnarflokkanna. Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins, dró ríkisstjórnina sundur og saman í háði fyrir að vita ekki í hvorn fótinn hún vildi stiga í þeim efnunum eða nokkru öðru og sagði ríkisstjórnarflokkana tala þvers og kruss. Niðurstöða Sigurðar var sú að ríkisstjórnin vilji láta fólk borga meira. Raunar talaði Sigurður allra þingmanna lengst til vinstri og þá hljóta menn að velta fyrir sér glerinu og grjóthýsinu og hvort Framsókn hafi efni á að hæða menn fyrir að vita ekki í hvorn fótinn eigi að stiga, þann vinstri eða þann hægri.

snaeros@frettabladid.is

„Amazing Air Iceland Connect“

Linda Markúsdóttir
islensku- og talmeinafræðingur

Björk heitir ennþá Björk, Sigur Rós ennþá Sigur Rós og stoðtækjaframléidandinn Össur heitir ennþá Össur þrátt fyrir að eiga í viðskiptum í 24 löndum.

Nú um stundir á íslenskan á brattann að sækja og berst fyrir tilvistarrétti sínum í sífelld enskuskotnari heimi. Í vikunni sem leið skipti Flugfélag Íslands um nafn og heitir nú „Air Iceland Connect“.

Í fréttatilkynningu frá fyrirtækinu kemur fram að „ástæður fyrir nafnbreytingunni eru nokkrar og má þar nefna aukin umsvif á erlendum mörkuðum, umtalsverða fjölgun erlendra ferðamanna, aukid samstarf við Icelandair og einföldun á markaðsstarfi, en tvöfalt nafnakerfi félagsins hefur þýtt talsverðan kostnaðarauka og valdið einhverjum farþegum óþægindum og orsakað misskilning“.

Ætli þeir hjá þýska flugfélaginu Lufthansa viti af þessu? Það ætti kannski einhver að taka að sér að hringja í þá og láta vita að það sé ekki hægt að hafa mikil alþjóðleg umsvif án þess að heita ensku nafni. Þeim verður eflaust mjög brugðið.

En gott og vel, ef ástæðan fyrir nafnbreytingu Flugfélags Íslands er sú að auðvelda viðskiptavinum félagsins lífið mætti þá ekki nota annað íslenskt nafn? Flugfélagið þyrfti ekki að heita Eyjafjallajökull en á milli þess og „Air Iceland Connect“ er ansi langur vegur. Í þessu sambandi er vert að nefna íslenska fyrirtækið Meniga en það er í örum vexti og teygir anga sína viðsvegar um heiminn. Nafn þess er tekið úr íslenskri barnagælu frá miðri 20. öld og ætti ekki að vera neinum nema Íslendingum kunnugt. Björk heitir enn þá Björk, Sigur Rós enn þá Sigur Rós og stoðtækjaframléidandinn Össur heitir enn þá Össur þrátt fyrir að eiga í viðskiptum í 24 löndum.

Þegar öllu er á botninn hvolft þykir sumum íslenskan ekki nægilega gripandi, ekki nægilega aðgengileg og alls ekki nægilega töff. Ágætu íslensku viðskiptajófrar, markaðsfrömuðir og fyrirtækjaeigendur, það er fleira til sem ekki er töff. Má þar meðal annars nefna minnimáttarkennd, þröngsýni og rökleysur.

Sumartilboð

ROYAL LAYLA

Stærð 153x200 sm
Fullt verð 174.180 kr.
TILBOÐ 121.926 kr.
10.921 kr.* Á MÁNUÐI

(Avíana er til í öðrum stærðum og á tilboði með botnum)

rekkjan
HEILSURÚM

Hvað er Borgarlína?



Bryndis Haraldsdóttir Þingmaður



Til þess að almenningsgöngur verði betur samkeppnishæfar við einkabilinn þurfa vagnarnir að komast greiðar á milli staða.

Borgarlína er vinnuheiti yfir öflugt almenningsgöngukerfi sem fyrirhugað er á höfuðborgarsvæðinu. Borgarlínan keyrir í sérrými að öllu eða mestu leyti og er þannig ekki háð annarri umferð. Með því móti skapast tækifæri til að veita betri þjónustu og almenningsgöngur verða samkeppnishæfari við einkabilinn. Borgarlínan gæti verið á teinum sem léttlest (LRT) en einnig á hjólum eins og hefðbundinn strætisvagn (BRT). Sjálf hallast ég að því að síðarnefnda lausnin sé raunhæfari enda kostnaður mun minni við slíka uppbyggingu og ólíklegt að farþega-grunnur okkar verði það mikill á næsta áratug að ástæða sé til að ráðast í léttlest.

Öflugur almenningsgöngur eru hornsteinn nýsamþykkt svæðis- skipulags höfuðborgarsvæðisins. Búast má við að fram til ársins 2040 muni íbúum á svæðinu fjölga um 70.000, það samsvarar íbúafjölda Hafnarfjarðar, Kópavogs og Mosfellsbæjar í dag. Ef tekið væri á móti slíkum fjölda íbúa með sama hætti og gert var á árunum 1985 til 2012 þegar íbúum svæðisins fjölgaði um hátt í 70.000 væri byggðin að þenjast enn meira út á við og þannig myndu

vegalengdir milli staða aukast mikið, sem aftur kallar á mikla fjárfestingu í stofnvegum og öðrum samgöngumannvirkjum. Þrátt fyrir að farið yrði í slíkar fjárfestingar myndu umferðar- tafir samt sem áður aukast umtalsvert og ferðatími íbúa aukast um 25 prósent, samkvæmt greiningum umferðarsérfræðinga.

Af hverju Borgarlínu?

Vegna þess að við viljum bjóða upp á meiri lífsgæði en svo að íbúar þurfi að sitja fastir í umferðarteppu og við viljum að íbúar hafi raunhæfan valkost um ferðamáta, einkabil, almenningsgöngur, hjólréiðar eða að ganga. Einnig viljum við draga úr mengun og dýrum fjárfestingum í stofnvegum. Umferðarspár benda til þess að ómögulegt er að uppfylla ferðarþarfir fólks til framtíðar eingöngu með uppbyggingu hefðbundinna umferðar- mannvirkja. Það sýna rannsóknir og reynslan bæði hérlendis og erlendis. Staðan er einfaldlega sú að óbreytt byggðamynstur og ferðavenjur eru slæmur valkostur.

Sérfræðingar voru fengnir til þess að meta kostnað og hagkvæmni mismunandi leiða. Byggt var á niðurstöðum úr umferðarspám og áætlaður var

stofn- og rekstrarkostnaður stofnkerfa bílaumferðar og almenningsganga. Niðurstöðurnar voru afgerandi, skipulagsyfirlögd eiga að leggja áherslu á skynsamlega landnýtingu og eflingu almenningsgangna. Þessar niðurstöður komu í raun ekki á óvart miðað við það sem við þekkjum erlendis frá, en alls staðar eru borgar- og bæjaryfirlögd að stuðla að skynsamlegri nýtingu lands og breyttum ferðavenjum í þágu fjölbreyttari valkosta og minni umferðartafa.

Í svæðisskipulaginu var sett það markmið að fólksfjölgun skyldi mætt án þess að álag á stofnvega- kerfið aukist í sama hlutfalli. Þá má spyrja sig: er ekki bara hægt að bæta núverandi strætókerfi og sleppa við þessa miklu fjárfestingu sem Borgarlínan er. Svárið við því er að núverandi kerfi er komið að þolmörkum á helstu álagssvæðum og álagstímum, það hefur einfaldlega litið upp á sig að auka tíðni vagna ef þeir sitja svo allir fastir í sömu umferðahnúttunum. Til þess að almenningsgöngur verði betur samkeppnishæfar við einkabilinn þurfa vagnarnir að komast greiðar á milli staða, þess vegna þarf öflugri innviði, það er sér akreinar og stærri vagna.

Kostnaðar- og ábatagreining sem unnin var 2013 sýnir fram á það með öyggiandi hætti að það er þjóðhags- lega hagkvæmt að setja fjármuni í Borgarlínu. Það dregur úr fjárfestingarþörf í önnur dýr samgöngumann- virki s.s. mislæg gatnamót og göng, sem munu ekki ná sama árangri. Það er umhverfisvænna, það stuðlar að lýðheilsu og betra borgarskipulagi með greiðari samgöngum fyrir alla.

EES eða ESB?



Michel Sallé doktor í stjórnmálafræðum

Þar sem ég er ekki íslenskur er það ekki mitt hlutverk að segja Íslendingum hvort þeir eigi að ganga í ESB, og það enn síður úr því að skoðanakannanir sýna að meiri hluti þeirra er ánægður með núverandi stöðu. En þar sem ég er evrópskur ríkisborgari verð ég að láta í ljós, enn einu sinni, hve hryggilegt það er að val þeirra byggist á algerum miskilningi.

Skýrslan sem birtir ræðu Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkisráðherra þann 5. maí á Alþingi, er gott dæmi um þetta:

- Mál Evrópu, sem er aðallega pólitískt mál, er afgreitt í máls- greininni um viðskiptasambönd í örfáum línum, eftir langt mál um Brexit. Skiljanlega hafa Íslendingar áhyggjur af því, eins og öll þau 27 lönd sem eru í ESB. En það er auðsjáanlegt að ráðherrann vonast til að gera sér- samning við Bretland. Því allir vita hve góðviljaðir Bretar hafa ætíð verið gagnvert Íslendingum.
- Ráðherrann afgreiðir í fimm línum (af 72 blaðsíðum!) þau framlög EES sem eru ekki við- skiptalegs eðlis: heldur hefur

samningurinn einnig auðveldað Íslendingum að afla sér menntunar, eða leita sér starfa í öllum ríkjum EES, auk þess sem hann opnar möguleika fyrir íslenska vísinda- og fræðimenn til að taka þátt í rannsóknarstarfsemi með samstarfsaðilum hvaðanæva af Evrópska efnahagssvæðinu ... eins og þetta allt skipti ekki máli! Erfiðleikarnir við Brexit sýna einmitt að á þessum sviðum liggja flest sterkustu böndin.

- Í framsöguræðunni segir hann að „...þegar umræðan hér á landi um viðskiptastefnuna er að mestu laus úr viðjum kröfunnar um aðild að Evrópusambandinu, er full þörf á að styrkja starf okkar innan EFTA og EES“. Þarf að minna ráðherrann á að ESB er aðalinnihald EES-samningsins? Að þau þrjú lönd innan EES sem eru ekki í ESB, hafa valið í nafni sjálfstæðis þeirra þann furðulega kost að fara eftir reglum ESB, án þess að geta tekið þátt í neinum ákvörðunum. Hvar er sjálfstæði þeirra?

Er betur er að gáð, gerum við okkur ljóst að ráðherrann segir EES þar sem hann gæti sagt ESB, af hræðslu við að meiða sig í munninn, eins og hann vilji ekki viðurkenna þá augljósu staðreynd að Ísland er þegar í ESB.

Höfundur er doktor frá Sorbonne- háskóla í stjórnmálafræðum. Doktorsritgerð hans fjallaði um stjórnmála- og efnahagsmál á nútíma Íslandi. Hann gaf út bók sem ber heitið „Íslande“ í desember 2013.





RENAULT
Passion for life

RENAULT TRAFIC

Renault atvinnubílar hafa slegið í gegn með hagstæðu verði, ríkulegum búnaði og úrvali sparneytinna dísilvéla. Komdu og kynntu þér Renault Trafic og láttu sölumenn okkar gera þér tilboð í nýjan atvinnubíl.

www.renault.is

RENAULT TRAFIC STUTTUR
1,6 L. DÍSIL, 115 HESTÖFL

Verð: **2.895.000** kr. án vsk.
3.590.000 kr. m. vsk.

Eyðsla frá, 6,5 l/100 km*

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





gæði... ending... ánægja.



skoðaðu úrvalið á Weber.is

Lars, það er engin teljandi verðbólga í gangi en þúsundir starfa í hættu



Ole Anton Bieltved
alþjóðlegur
kaupsýslumaður

og sumir virðast telja, heldur ekki síður – eða miklu fremur – spurning um atvinnuöryggi þeirra þúsunda Íslendinga, sem hjá þessum helztu fyrirtækjum landsins starfa. Daninn hagspaki vill hins vegar og þrátt fyrir þetta vaxtahækkun!

Hann vitnar hér í kenningu hollensks hagfræðings, sem uppi var á síðustu öld, Jan Tinbergen, en hann setti fram þá kenningu um miðja síðustu öld, að stjórnvöld gætu ekki beitt nema einu hagstjórnartæki til að ná fram hverju og einu hagstjórnarmarkmiði. Ekki væri t.a.m. hægt að beita stýrivöxtum bæði til að stýra gengi gjaldmiðils og til að hafa áhrif á verðbólgu.

70 ára kenning

Daninn kallar þetta Tinbergen-regluna, eins og að þessi gamla kenning sé óumdeilt efnahagslegt lögmál nú 70 árum síðar. Hann vill beita stýrivöxtum – vaxtahækkun – til að halda verðbólgu í skefjum, sem reyndar hefur verið lítil og er í góðum skefjum og á enn inni verulega verðlækkun hjá verzluninni.

Ég hef vikið að því í fyrri greinum, að hagfræðin yrði að vera lifandi fræðigreini, sem stöðugt verður að endurskoða, endurnýja og aðlaga – endurskoða samhengi, samspil, orsakir og afleiðingar hinna ýmsu efnahagslegu þátta vegna hraðra og víðtækra breytinga á flestum sviðum efnahags- og stjórnmála, reyndar á sviði síðfræði og hugmyndafræði líka.

Er vafasamt, að kenning frá miðri síðustu öld falli vel að þróun og stöðu efnahagsmála nú árið 2017. Og, hvað með þá staðreynd, að vaxtakostnaður – hækkandi vextir – eru líka verðbólguhvetjandi, eins og olíuverðshækkunar og annar útgjaldaauki.



Hvernig dettur einhverjum í hug, að helztu atvinnuvegir okkar geti þolað 20% tekju-skerðingu 2015, 20% 2016 og nú aftur 10%?

Vaxtahækkun er því tveggja sverð. Hvað sem þessu líður, er vanda-málið nú allt of háir vextir og allt of sterk króna, sem ógna atvinnuöryggi þúsunda Íslendinga, ekki hófleg verðbólga.

Hvernig dettur einhverjum í hug, að helztu atvinnuvegir okkar geti þolað 20 prósent tekju-skerðingu 2015, 20 prósent 2016 og nú aftur 10 prósent það sem af er þessu ári?

Ég hygg, að flestir stjórnmalamennt og hagfræðingar séu sammála um, að fyrsta mál og fremsta skylda stjórnvalda hljóti einmitt og alltaf að vera atvinna fyrir alla og atvinnuöryggi fyrir landsmenn, en yfirkeyrð króna stefnir því einmitt í stórfellda hættu. Hvað segir Daninn hagspaki við því? Hvernig heldur hann að ástandið yrði, ef vextir yrðu hækkadir enn frekar og krónan færi í 90 til 100 krónur í evru og þúsundir manna myndu missa vinnu sína?

Flestir nútímaseðlabankar og hagfræðingar eru sammála um, að um tveggja prósent verðbólga sé eðlileg við þau skilyrði, sem ríkja, en við hér höfum verið þar og erum þar. Verðbólgan er hér enginn vandi, hvorki nú né í fyrirsjáanlegri framtíð, og er því af og frá að beita helztu hagstjórnartækinu, vöxtunum, gegn henni. Hér kemur auðvitað líka til aðhald í ríkis-fjármálum, sem virðist vera fyrir hendi.

Hinn 24. maí sl. birtist grein í Fréttablaðinu eftir Danann Lars Christensen, alþjóðahagfræðingur er hann nefndur, sem virðist vera fastráðinn penni og sérfræðingur blaðsins á sviði viðskipta- og efnahagsmála. Ekki er vitað af hverju ritstjórn leitaði út fyrir landsteinana með þetta verkefni, en ýmislegt bendir til að þar hafi ritstjórn leitað langt yfir skammt.

Greinin ber yfirskriftina „Seðlabankinn gerir mistök“. Mistökkin eiga að vera þau, að Seðlabanki lækkaði stýrivexti smávægilega í vikunni þar á undan, en eins og flestir Íslendingar vita og skilja, eru okurvextir hér og sterk gengi krónunnar, sem þeir valda, að þjarna svo heiftarlega að helztu atvinnuvegum landsins, að í stórvandræði stefnir. Er þá yfirkeyrt vaxtaálag á almenningi ótalíð.

Fjöldauppsagnir á Akranesi eru aðeins fyrsta skrefið, alvarleg viðvörðun, um það, sem mun fylgja, ef gengi krónunnar er ekki leiðrétt snarlega og stórlega, en til þess er helzta tækið einmitt afgerandi vaxtalækkun. Þessari vaxtalækkun má stýra, skref fyrir skref, eftir viðbrögðum markaðarins og þörfum, en í lok dagsins virðast stýrivextir upp á 1-2 prósent við hæfi.

Áherzla skal lögð á það hér, að þetta er ekki aðeins spurning um hag og afkomu fyrirtækjanna, eins

Vandi grunnskólans



Ólafur Haukur Johnson
fyrirverandi
skólustjóri

flestir staðið sig illa og sýnt lítið frumkvæði. Það verður að breytast og uppbygging að hefjast.

Áður en lengra er haldið skulum við rifja upp alvarlega áminningu Menntastofnunar sem fylgdi nýjstu PISA-úttektinni, en þar sagði meðal annars:

„Niðurstöður úr PISA 2015 benda til þess að læsi íslenskra nemenda á náttúruvísindum hafi hrakað mikið á síðastliðnum áratug. Læsi á stærðfræði hefur einnig hrakað stöðugt frá því það var fyrst metið árið 2003.“

Síðar segir í sömu úttekt:

„Þetta er mikil breyting á stöðu íslenskra nemenda til hins verra og hefur hún aldrei verið verri í öllum þremur sviðum PISA, áberandi verri en á hinum Norðurlöndunum. Í Noregi, Danmörku og Svíþjóð hefur þróunin í PISA heldur batnað síðustu ár en í Finnlandi hefur staðan versnað mikið ár frá ári...“

Enginn þarf því að efast um að verulegra breytinga er þörf.

Þessi staða er reyndar ekki ný. Hún hefur verið ljós síðustu tvö kjörtímabil sem hafa einkennst af aðgerðaleyssi og hraðri afturför. Andvaraleyssi ráðherra á þessum tíma á eftir að reynast þjóðinni dýrkeypt næstu áratugin. Stærstur hluti þess kostnaðar mun lenda á þeim sem minnst mega sín. Nýr ráðherra virðist því miður hafa gert fát, enn sem komið er, til að snúa þróuninni við. Mikilið er í húfi og enn eitt kjörtímabil aðgerðaleyssis er óásættanleg tilhugsun fyrir alla sem bera hag íslenskra ungmenna fyrir brjósti.

Smáskammtalækningar duga ekki
Hvað er til ráða? Ýmislegt má tina til enda eru tækifærin mörg nánast hvert sem lítið er. Eitt verður þó ráðamönnum að vera ljóst á þessum tímamarki að grunnskólinn okkar er svo langt leiddur og kerfið svo lélegt að smáskammtalækningar duga ekki. Kerfið eins og það er uppbyggt er einfaldlega ekki að skila því sem við gerum kröfu um og það þarf að endurskipuleggja frá grunni. Fara verður vandlega yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á skólunum á síðustu árum og spyrja hvort þær séu ástæða þess að við höfum ekki náð að fylgja öðrum þjóðum eða hvort stjórnvöld hafi með stefnu sinni einfaldlega hindrað eðlilegar framfarir?

Opinber skólakerfi eru þunglamaleg, frumkvæði til breytinga er lítið en andstaða við breytingar er mikil. Kerfið, án utanaðkomandi þrýstings af samkeppni og nýjum hugmyndum, hreyfist því hægt eða alls ekki. Aukinn einkarekstur innan grunnskólans er nauðsynlegur til að innleiða nýja hugsun og auka hraða þeirra framfara sem þörf er á. Þær þjóðir heims, sem eru að ná bestum tókum á menntakerfi sínu, treysta á einkarekstur í mun meiri mæli en við. Einnig sjáum við hjá nágrannaþjóðum okkar áhrifamikinn einkarekstur við hlið og í samkeppni við opinberan skólarekstur. Sú leið hefur leitt þar framfarir og hraðar breytingar, svo hraðar að íslenskt menntakerfi dregst nú aftur úr.

Óásættanlegt er að láta hraðslu við einkarekstur hér á landi hindra eðlilega framþróun í menntakerfinu.



Fríða Rut Heimisdóttir
Hárgreiðslumeistari

Veldu með hjartanu

100% vegan hárvörur frá Maria Nila. PURE VOLUME línan okkar inniheldur B5 vítamín og er sérstaklega framleidd fyrir þá sem leita eftir aukinni lyftingu og styrk. Maria Nila Care línan inniheldur Colour Guard Complex, blöndu af virkum innihaldsefnum sem vinna saman að því að veita hámarks vörn fyrir lit hársins og gljá þess. Blandan tryggir einnig að vörurnar vernda hárið fyrir hita.

Maria Nila fæst á öllum betri hárgreiðslustofum

maria nila
STOCKHOLM



Regalofagmenn Regalo ehf Iceland

www.regalo.is

REGISTERED WITH
LEAPING BUNNY | PETA | VEGAN SOCIETY

GARÐ-SLÁTTUR

...í áskrift á tveggja vikna fresti á þriggja vikna fresti á tíu daga fresti

GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA

Tunguhálsi 7 - 110 Reykjavík - 554-1989 - www.gardlist.is

Þjónustumiðstöð tónlistarfólks



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

BRJÁLAÐ ÚRVAL AF KVENSKÓM

Í ÚTILÍF FÆRÐ ÞÚ FJÖLBREYTTA
GÆÐASKÓ FRÁ ÞEKKTUM MERKJUM

New Balance

790

13.990 kr.



Nike

Air Max Thea

18.990 kr.



Nike

Zoom Strong

18.990 kr.



Under Armour

Speedform Gemini 3

22.990 kr.



Converse

All Star HI

9.990 kr.



Asics

FuzeX Lyte

19.990 kr.



Nike

Metcon

19.990 kr.



Asics

Kayano

29.990 kr.



Under Armour

Speedform Slingride

22.990 kr.



ÚTILÍF

síðan 1974

KRINGLUNNI / SMÁRALIND

utilif.is

Þór/KA er að stinga af í Pepsi-deild kvenna í knattspyrnu

Atgangur Það gekk mikið á þegar Stjarnan tók á móti Þór/KA en norðanstúlkur höfðu betur að lokum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýjast**Pepsi-deild kvenna**

ÍBV - Breiðablik 2-0
1-0 Katie Kraeutner (10.), 2-0 Kristín Erna Sigurlásdóttir (25.).

Stjarnan - Þór/KA 1-3
1-0 Agla María Alþbertsdóttir (3.), 1-1 Sandra Mayor (36.), 1-2 Natalia Gomez (45.), 1-3 Hulda Ósk Jónsdóttir (60.).

Haukar - Valur 1-4
0-1 Ariana Calderon (2.), 0-2 Vesna Smiljkovic (36.), 0-3 Elin Metta Jensen (45.), 0-4 Hlíf Hauksdóttir (68.), 1-4 Marjani Hing-Glover (89.).

Grindavík - FH 1-3
0-1 Helena Ósk Hálfánardóttir (2.), 1-1 Rilany da Silva (36.), 1-2 Guðny Árnadóttir (50.), 1-3 Megan Dunnigan (55.).

| Efri | Neðri | | |
|------------|-------|-----------|----|
| Þór/KA | 21 | FH | 12 |
| Stjarnan | 16 | Grindavík | 6 |
| Breiðablik | 15 | Fylkir | 4 |
| ÍBV | 13 | KR | 3 |
| Valur | 12 | Haukar | 1 |

VALVERDE TEKUR VIÐ BARCA
Barcelona tilkynnti á blaðamannafundi nú síðdegis að félagið væri búið að ráða Ernesto Valverde sem þjálfara liðsins. Hann tekur við af Luis Enrique sem ákvað að hætta fyrir þó nokkru síðan. Valverde er 53 ára gamall og Spánverji og kemur til Barcelona frá Athletic Bilbao en því liði hefur hann stýrt síðan 2013. Hann hóf sinn þjálfaraferil einnig hjá félaginu árið 2002.

Í millitíðinni fór hann til Espanyol, Olympiacos, Villarreal og Valencia. Sem leikmaður spilaði hann 22 leiki fyrir Barcelona en hann var leikmaður félagsins frá 1988 til 1990. Hann náði að spila einn landsleik fyrir spænska landsliðið. Lengst af lék hann með Bilbao. Hann verður kynntur formlega á blaðamannafundi á fimmtudag.

SEX NÝLIDAR TIL NOREGS

Nokkrir af sterkustu handbolta-mönnum landsins fá fri er A-landslið karla tekur þátt á æfingamóti í Noregi.

Aron Pálmarrson, Arnór Atlason og Ásgeir Örn Hallgrímsson fá fri á mótinu og leikmenn sem spila í Þýskalandi komast ekki í verkefnið. Það vantar því flesta af fastamönnum landsliðsins að þessu sinni.

Landsliðsþjálfarinn Geir Sveinsson gaf það út fyrir þó nokkru síðan að þetta mót yrði notað til þess að skoða aðra leikmenn. Nýliðarnir eru sex að þessu sinni og þar á meðal hinn ungi og efnilegi, Ýmir Örn Gíslason. Nokkra athygli vekur að annar efnilegur drengur, Gísli Þorgeir Kristjánsson, er ekki í hópnum.

Aðrir nýliðar eru Ágúst Elí Björgvinsson, Daniél Þór Ingason, Geir Guðmundsson, Sigvaldi Guðjónsson, Vignir Stefánsson og Ýmir. Mótið fer fram í Elverum frá 8. til 11. júní. Ísland spilar við Noreg, Pólland og Svíþjóð á mótinu sem heitir Gjensidige Cup. Hópin má sjá í heild sinni á Vísí.

**Í dag**

20.00 Pepsimörk kvenna Sport

Borgunarbikar karla: 19.15 ÍA - Gróttá

Urðum alltaf betri og betri

Aron Kristjánsson gerði Aalborg að dönskum meisturum í handbolta á sunnudaginn. Með liðinu leika þrír Íslendingar. Þetta er í þriðja sinn á síðustu fjórum árum sem Aron stýrir meistaraliðinu í Danmörku.

HANDBOLTI Íslendingaliðið Aalborg varð á sunnudaginn danskur meistari í handbolta eftir öruggan sigur á Skjern, 25-32, í seinni leik liðanna í úrslitaeinviginu. Liðin skildu jöfn, 26-26, í fyrri leiknum á heimavelli Aalborg. Aron Kristjánsson er þjálfari Aalborg og með liðinu leika þrír íslenskir landsliðsmenn; Arnór Atlason, Stefán Rafn Sigurmannsson og Janus Daði Smárason.

„Þetta er frábært og ég er mjög ánægður að hafa náð að klára titilinn með frekar ungt lið. Við vorum stöðugir á tímabilinu og það var æðislegt að ná að klára þetta í lokin,“ sagði

Aron í samtali við Fréttablaðið í gær. Aalborg var með yfirhöndina í seinni úrslitaleiknum og leiddi allan tímann. Staðan í hálfleik var 10-14 en Skjern minnkaði muninn í eitt mark, 16-17, þegar rúmar 20 mínútur voru til leiksloka. Þá gaf Aalborg aftur í og vann að lokum öruggan sigur.

„Við vorum líka betri aðilinn í fyrri leiknum en þeir komu sér inn í hann með því að spila með sjö menn í sókn. Jafnteflið gerði það að verkum að bæði lið gátu tryggt sér titilinn og seinni leikurinn bar þess merki. Við mættum gríðarlega ákveðnir til leiks og gerðum þetta vel,“ sagði Aron



Það var mikil gleði hjá leikmönnum Aalborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

sem fagnaði titlinum á sínum gamla heimavelli. Hafnfirðingurinn lék á sínum tíma með Skjern og var hluti af eina meistaraliði félagsins árið 1999. Hann er ekki óvanur því að vinna titla í Danmörku. Aron gerði Kolding að dönskum meistara 2014 og 2015 og vann titilinn á sínu fyrsta tímabili hjá Aalborg. Aron hefur því þjálfað þrjú af síðustu fjórum meistaraliðum í Danmörku. Auk þess gerði hann Hauka þrívégis að Íslandsmeisturum og hefur því unnið sex landstítla sem þjálfari.

„Fyrir tímabilið var markmið félagsins að vera í toppbaráttunni og vera meðal fjögurra efstu liðanna. En við vissum að ef þetta myndi smella hjá okkur gætum við farið alla leið og það tókst. Við urðum betri og betri eftir því sem leið á veturinn,“ sagði Aron. Að hans sögn var Aalborg ekki talið sigurstranglegast fyrir tímabilið.

„Kolding, Bjerringbro/Silkeborg og Skjern voru talin líklegri. En í Kolding vorum við taldir sigurstranglegastir. Á þann hátt er þetta öðru-

vísi. Aalborg er með frekar ungt lið og margir að vinna sinn fyrsta titil í stóru hlutverki,“ sagði Aron. Íslendingarnir þrír höfðu þó allir unnið titla áður á sínum ferli.

Aron var ánægður með frammi-stöðu Janusar Daða sem kom til Aalborg eftir HM í Frakklandi. Sel-fyssingurinn var öflugur í úrslitaleikjunum þar sem hann skoraði samtals sjö mörk og gaf sjö stöðsendingar.

„Mér hefur fundist hann standa sig mjög vel. Við byrjuðum á að nota hann talsvert í hægri skyttustöðunni, bæði í vörn og sókn. Smátt og smátt færðist hann svo meira inn á miðjuna,“ sagði Aron. Arnór og Stefán Rafn spiluðu minna í úrslitaeinviginu. „Stebbi hefur verið meiddur og nánast ekkert getað æft. Hann var í liðinu til öryggis til að draga úr álaginu á hinn hornamanninn. Arnór spilaði 30-40 mínútur í fyrri leiknum en ekkert í þeim seinni,“ sagði Aron og bætti því við að reynsla Arnórs hefði reynst ungu liði Aalborg mikilvæg í vetur. ingvithor@365.is

ALLT FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbot 4 - Akureyri

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

HEILSA

ÞRIÐJUDAGUR 30. MAÍ 2017

Heilsa



Fjölmargin þjást af verkjum í stoðkerfinu. Haraldur Magnússon osteópati segir mikilvægt að brjóta daginn upp með litlum þásúm.

Heilsa ➔4

GLAMOUR



GLAMOUR fylgir með Stóra- og Risapakkanum



Kynntu þér málið á 365.is

365



„Andinn í hópnum okkar er alltaf góður og það ríkir jafnan mikil gleði þegar við komum saman. Spennan núna er auðvitað meiri en venjulega enda allar gríðarlega spenntar fyrir þessu verkefni og tilbúnar til að leggja mikið á sig til að ná góðum árangri,“ segir landsliðskonan Fanndís Friðriksdóttir.

Allt er mögulegt

Það stýttist í Evrópumótið hjá kvennalandsliðinu í fótbolta. Stemningin er góð í hópnum og Fanndís Friðriksdóttir ætlar að njóta þess að taka þátt. ➔2

Starri Freyr
Jónsson
starri@365.is



Framhald af forsiðu →

Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta undirbýr sig nú af fullum krafti fyrir Evrópumótið sem hefst í Hollandi 16. júlí. Degi síðar leika þær sinn fyrsta leik gegn Frakklandi og við Sviss og Austurríki þar á eftir. Einn leikmanna íslenska liðsins er Fannðís Friðriksdóttir, leikmaður Breiðabliks, sem á að baki 80 landsleiki þar sem hún hefur skorað tíu mörk. Hún segir andann í hópnum mjög góðan fyrir átökin fram undan.

„Andinn í hópnum okkar er alltaf góður og það ríkir jafnan mikil gleði þegar við komum saman. Spennan núna er auðvitað meiri en venjulega enda allar gríðarlega spennar fyrir þessu verkefni og tilbúnar til að leggja mikið á sig til að ná góðum árangri.“

Hún segir áhugamálin snúast að mestu leyti um fótbolta en hún stundar einnig nám í ferðamálafræði við Háskóla Íslands. „Utan fótboltans elska ég útiveru, að fara í göngutúr úti í náttúrunni og labba á fjöll en þá fylgja oft með kærasti minn Alexander Freyr Sindrason og hundurinn okkar Tevez. Einnig finnst mér rosalega gaman að elda góðan mat með skemmtilegu fólki.“

Hvað færðu þér í morgunmat?
Ég fær mér ídulega hafragraut í morgunmat með eplum og rúsinum.

Hver er uppáhaldsæfingin þín?
Reitabolti er það skemmtilegasta sem hægt er að gera á æfingu.

En svo er líka ótrúlega gaman í skotæfingum þar sem maður þarf



Nokkrar vikur eru í fyrsta leik kvennalandsliðsins í fótbolta á Evrópumótinu sem haldið verður í Hollandi. Fannðís segir leikmenn vera gríðarlega spennta.

og verður að taka boltann á lofti.

Hvað finnst þér gott að fá þér í kvöldmat? Ég er mjög dugleg að elda og finnst gott að hafa kvöldmatinn fjölbreyttan. Uppáhaldið er lax, nautakjöt og góð taco-veisla.

“Utan fótboltans elska ég útiveru, að fara í göngutúr úti í náttúrunni og labba á fjöll en þá fylgja oft með kærasti minn Alexander Freyr Sindrason og hundurinn okkar Tevez. Einnig finnst mér rosalega gaman að elda góðan mat með skemmtilegu fólki.

Hvað finnst þér gott í millimál?
Epli er eiginlega mitt uppáhalds að grípa í. Ef ég hef meiri tíma þá finnst mér gott að útbúa einhvers konar þeyting.

Hvernig finnst þér gott að slaka á milli æfinga og leikja? Mér finnst rosalega gott að fá mér smá göngutúr með voffanum mínum og koma svo heim og leggjast upp í sófa og horfa á einhverja góða mynd.

Hvað færðu þér þegar þú ætlar að gera vel við þig? Þá verður oftast pítsa fyrir valinu.

Hvernig er dæmigerð helgi hjá þér? Yfirleitt er æfing um morguninn og svo fáum við oft mat eftir æfingu hjá Breiðablik. Það er gott að „tjilla“ þar í smá stund með stelpunum og svo er bara að koma sér heim og finna sér eitthvað skemmtilegt að gera. Mikilvægast finnst mér að fá eitthvað gott að borða um helgar.

Lumar þú á einhverjum góðum heilsuráðum? Ég tel mikilvægast að hlusta á líkamann.

Hver eru persónuleg markmið þín fyrir EM? Ég hef ákveðna stefnu og ákveðna drauma. En fyrst og fremst ætla ég bara að taka þátt í þessu móti af fullum krafti og njóta þess að vera þar. Þá tel ég að allt sé mögulegt.



„Ég hef ákveðna stefnu og ákveðna drauma. En fyrst og fremst ætla ég bara að taka þátt í þessu móti af fullum krafti,“ segir Fannðís Friðriksdóttir.

Ísbúðin
HAFÍS
Gælymanleg upplifun

Íslenskur ís með ítalskri hefð

Komdu og fáðu rjómaís og laktósafrían vegan ís

Bæjarhrauni 2 | Hafnarfirði | Sími: 4370000 | hafis@hafis.is

Simaveski.is

Símaveski, heyrnartól, snúrur og allt fyrir símann.

Símaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnaræfni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar

Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Sölu menn: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

Sykurlöngunin hvarf og orkan er miklu meiri

Raspberry Ketones frá Natures Aid hefur hjálpað fjölda fólks að losna við sykurþörfina og þar með aukakílóin. Flestir sem taka efnið segja að sykurlöngunin nánast hverfi og að orkan verði meiri og jafnari.

Raspberry Ketones er náttúrulegur andoxunargjafi sem inniheldur kjarna úr hindberjum og grænt te. „Raspberry Ketones getur haft áhrif á hormónið adiponectin sem heilbriggt fólk í kjörþyngd hefur í miklu magni í líkamanum. Þetta hormón getur aukið insúlínnæmi sem þýðir að blóðsykurinn er jafnari og svo brennum við fitu betur. Þegar þessi hormón starfa rétt ásamt því að við borðum hollan mat og hreyfum okkur reglulega þá söfnum við ekki umfram fitu. Grænt te er fullt af andoxunarefnum og lifrænum efnasamböndum sem geta haft mikil áhrif á starfsemi líkamans. Þar á meðal er bætt heilastarfsemi, fitutap (aukin fitubrennsla) og það getur dregið úr líkum á fjölmörgum sjúkdómum,“ segir Hrönn Hjálmsdóttir, heilsumarkþjálfari hjá Artasan.

Agnes Hlíf Andrésdóttir er viðskiptakona, móðir og áhugamanneskja um heilbrigðan lífsstíl. Hún æfir reglulega og stundar krefjandi vinnu sem krefst aga og einbeitingar. Agnesi þykir mikilvægt að huga vel að heilsunni, hreyfa sig reglulega og vera góð fyrirmynd en eins og margir þekka getur stríðið við sykurþökann tekið á. Raspberry Ketones kom því sem himnasending inn í líf hennar. Ekki bara minnkar Raspberry Ketones sykurþörfina heldur gefur það aukinn kraft í æfingar og fyrir amstur dagsins.

„Ég tek alltaf eina töflu fyrir morgunmat sem gefur mér kraft inn í daginn og svo eina fyrir æfingu. Fyrir mér er Raspberry Ketones jafn mikilvægt og lýsi fyrir börnin mín,“ segir Agnes Hlíf. „Raspberry Ketones inniheldur grænt te sem hjálpar mér að halda góðri einbeitingu og orkan helst jöfn og stöðug yfir daginn.“

Sigrún Emma Björnsdóttir er mikil íþróttakona. Hún æfir



Sigrún Emma Björnsdóttir er orkumeiri og skapbetri af Raspberry Ketones.

„Ég fann áhrifin um leið. Strax á fyrstu vikunni fann ég að sykurlöngunin minnkaði og varð lítil sem engin.“

Sigrún Emma

40% afsláttur



Agnes Hlíf Andrésdóttir segir sykurþörfina minni eftir að hún byrjaði að taka inn Raspberry Ketones.

„Ég tek alltaf eina töflu fyrir morgunmat sem gefur mér kraft inn í daginn og svo eina fyrir æfingu.“

Agnes Hlíf Andrésdóttir

crossfit af kappi og spilar handbolta auk þess sem hún er lærður einkaþjálfari. Hún veit því heilmikið um heilbrigðan lífsstíl, hreyfingu, mataræði, vítamín og bætiefni. Hún hafði heyrt svo góðar sögur af Rasp-

berry Ketones bætiefninu frá Natures Aid og góðum árangri þeirra sem eru að nota það að hún ákvað að prófa.

„Ég fann áhrifin um leið. Strax á fyrstu vikunni fann ég að sykurlöngunin minnkaði og varð lítil sem engin. Í kjölfarið minnkaði sykurátið og blóðsykurinn varð mun jafnari sem auðveldaði mér að borða bæði minna og hollara. Auk þess fann ég strax mikinn mun á orkunni og hversu mikið skapbetri ég varð, því sykur fer illa í skapið á mér. Ég tek eina töflu á morgnana fyrir morgunmatinn og eina töflu fyrir hádegismatinn.“

Nú bjóða eftirtaldir staðir uppá 40% afslátt af þessu vinsæla efni: Fræið Fjarðarkaupum, Lyf & heilsa, Apótek Vesturlands, Austurbæjarapótek, Lyfsalinn Glæsibæ, Apótek Ólafsvíkur og Siglfjarðarapótek.

Vertu laus við
LIÐVERKINA



Eitt mest selda bætiefnið fyrir liðina á Íslandi!



NUTRILENK™
GOLD

Laus við verki vegna slitgigtar

„Ég hef verið að kljást við slitgigt í hjám og mjóbaki í fjölmörg ár og prófað margt, bæði lyf og náttúrulyf sem dugað hafa skammt. Bæklunarlæknir benti mér á að hyggja betur að lífsstílnum og taka inn NUTRILENK. Ég fór að hans ráðum og batinn er ótrúlegur. Ég finn ekki lengur til í hjánum og get hreyft mig óhindrað. Ef ég sleppi því að taka inn NUTRILENK finn ég verkina koma aftur. Ég mæli heilshugar með NUTRILENK.“



Hinrik Ólafsson; leikari, kvikmyndagerðarmaður og leiðsögumaður

Kyrrstaða eykur stoðverki

Fjölmargir þjást af verkjum í stoðkerfinu. Haraldur Magnússon osteópati segir mikilvægt að brjóta daginn upp með litlum pásum til að hreyfa sig og huga að almennu heilbrigði. Streita getur haft áhrif á stoðkerfið.

Sigríður Inga
Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Haraldur hefur alla tíð haft mikinn áhuga á líkamanum og heilsu almennt. Hann lærði einkaþjálfun og starfaði við það um tíma eða þar til hann flutti til London og hóf nám í osteópati við The British School of Osteopathy fyrir um tveimur áratugum. „Þetta er fjögurra til fimm ára háskólanám sem er sérhæft í meðhöndlun á stoðkerfi líkamans. Okkar svið er því að laga vandamál tengd stoðkerfinu. Ég segi oft til einföldunar að osteópati er eins og sjúkranuddari, hnykkjari og bæklunargreinandi í einu,“ segir Haraldur sem er með eigin stofu í Reykjavík.

Fyrir stuttu hóf hann einnig störf hjá slökkviliðinu á Keflavíkurflugvelli. „Ég var í slökkviliðinu áður en ég fór í námið. Eftir að hafa unnið sem osteópati í 15 ár langaði mig líka að vinna á fjölmennari vinnustað og tek því reglulegar

“Til að gera einfalt mál ekki flókið mæli ég með að fólk noti niðurteljarann í símanum sínum og láti hann hringja á hálf tíma fresti, standi þá upp og hreyfi sig aðeins.

vaktir hjá slökkviliðinu,“ segir Haraldur kankvís.

Stoðkerfisvandamál algeng

Þegar Haraldur er spurður hver sé helsta ástæðan fyrir því að fólk leiti til hans segir hann það fyrst og fremst vegna stoðkerfisvandamála. „Margir þjást af bakmeiðslum, hálsmeiðslum, verkjum í herðum eða höfði og vöðvabólgu en þetta heyrir allt undir stoðkerfið. Osteóparar er sú stétt sem er með mörg verkfæri í sinni verkfærakistu og beitir þeim öllum á sama tíma.

Hugmyndin á bak við fagið er mjög heilðræn. Það er þælt í hvernig allt virkar í einu. Þegar ég meðhöndla axlarmein vinn ég líka með allt svæðið í kring til að vinna með öxlinni.“

Margir skjólstaðinga hans eru í kyrrsetuvinnu, með tilheyrandi stíðleika og oft verkjum í baki, herðum og höfði. Haraldur segir langtímasetu eða kyrrstöðu ekki góða fyrir líkamann. „Mikilvægt er að brjóta upp setur með litlum pásum. Margir vilja gleyma sér við tölvuna og sitja langtímum saman við tölvuskjáinn. Til að gera einfalt mál ekki flókið mæli ég með að fólk noti niðurteljarann í símanum sínum og láti hann hringja á hálf tíma fresti, standi þá upp og hreyfi sig aðeins. Það er t.d. gott að fara að næsta vaski og fylla glas af vatni að einum þriðja, því þá hefur fólk eitthvað að gera. Svo er hægt að setjast aftur og drekka vatnið, og endurtaka leikinn á hálf tíma fresti. Það þarf alls ekki að drekka allt vatnið en þetta getur verið ástæða fyrir fólk til að standa upp í smá stund,“ upplýsir Haraldur.



Hugmyndin á bak við osteópatíu er mjög heilðræn. Það er þælt í hvernig allt virkar í einu, að sögn Haralds. MYND/ANTON BRINK

Sæta bragðið áunnið

Hann segir fólk geta gert ýmislegt sjálf til að halda líkamanum í góðu lagi. „Stoðkerfið er bara hluti af öllum líkamanum þannig að almennt heilbrigði er grunnurinn að góðri heilsu, bæði andlegri og líkamlegri. Varðandi stoðkerfið mæli ég með að hreyfa sig hóflega, ekki of lítið og ekki of mikið. Andleg vandamál á borð við streitu, þunglyndi og kvíða hafa líka áhrif á stoðkerfið með aukinni spennu. Þess vegna er mikilvægt að hugsa almennt um heilbrigði. Mataræðið skiptir líka miklu máli,“ segir Haraldur, sem er lítt hrifinn af sykurneyslu.

„Rannsóknir á bragðskyni fólks hafa sýnt fram á að þeir sem eru vanir sætu bragði sækja í sætt. Margir sem hætta í sykri leitast eftir að fá samt sætt bragð af mat, t.d. með því að nota sætuefni. Mér finnst það röng nálgun. Þess vegna finnst mér betra að fólk venji sig smám saman af sæta bragðinu og venji bragðlaukana á eitthvað annað,“ segir Haraldur.

Ekki eitt ráð fyrir alla

Þegar hann er spurður hvernig sé best að breyta mataræðinu til betri vegar segir hann að ekkert eitt ráð virki fyrir alla. „Persónulega aðhyllist ég að taka þetta skref fyrir skref, gefa sér langan tíma og vonandi verður þá betra mataræði að lífsstíl. Sumir vilja umturna öllu


“Andleg vandamál á borð við streitu, þunglyndi og kvíða hafa líka áhrif á stoðkerfið með aukinni spennu. Þess vegna er mikilvægt að hugsa almennt um heilbrigði. Mataræðið skiptir líka miklu máli.

í einu og það hentar einhverjum. Ég held að sú leið virki síður í það heila og betra sé að ákveða að taka t.d. einn mánuð í að koma reglu á vatnsdrykkju, næsta mánuð í að koma reglu á sykurneyslu og skoða um leið hvaða veikleika viðkomandi hefur í sambandi við sykurl. Færðu þér alltaf eitthvað sætt á ákveðnum stað? Hvað er hægt að gera í staðinn?”

Haraldur segir lágkolvetnamataræði henta mörgum. „Margir hafa þá ímynd af slíku mataræði að viðkomandi borði bara beikon, smjör og rjóma í hvert mál. Hins vegar snýst slíkt mataræði um að minnka neyslu á einföldu, hásterkjukolvetni, eða „slæmum kolvetnum“ og borða heldur dökkt grænmeti, ber, góð prótein og góða fitu en láta „slæmu



Hilton
REYKJAVÍK SPA



EINSTÖK
HEILSURÆKT

Lifðu og njóttu

Þriggja mánaða sumarkort á 79.900 kr.

Æfðu og nærðu líkama og sál í þægilegu og notalegu umhverfi. Aðstoð í sal og herðanudd í pottunum.

Gjafabréfin okkar á nudd- og snyrtistofu eru tilvalin í útskriftarpakkann.

Nánari upplýsingar í síma 444 5090.

Vörubílar & vinnuvélar

NÁNUDAGUR 30. MAÍ 2017 **Kynningar:** Hekla Smyril line cargo Hrauntak Vinnuvélar-tækjamiðlun Skeljungur Floti Kraftvélar Kraftur Klettur



CAT og Klettur

Klettur – sala og þjónusta ehf. fagnar um þessar mundir 70 ára samstarfsafmæli við Caterpillar á Íslandi.

Áreiðanleiki og gæði eru lykilatriði hjá Caterpillar sem hefur skilað þeim í fremstu röð vinnuvélaframleiðanda í heiminum í dag.

70 ÁRA

KRÖFTUGT SAMSTARF

KLETTUR

CAT®





Tæki frá Caterpillar hafa ávallt verið á meðal söluhæstu tækja á hverju ári síðustu sjö áratugina.



Caterpillar vinnuvélar hafa komið við sögu í öllum stórfamkvæmdum á sviði jarðvinnu hérlandis, sem sýnir svo sannarlega sterka og rötgróna stöðu CAT á Íslandi í 70 ár.



Klettur - sala og þjónusta ehf. fagnar 70 ára samstarfs-
afmæli við Caterpillar á Íslandi.



Þegar áreiðanleikinn skiptir öllu máli treysta menn á
Caterpillar.



Klettur afhenti Íslenskum aðalverktökum Caterpillar D9 í vor og myndin er tekin við það tilefni.

Framhald af forsiðu ➔

Forveri Kletts, sem var vélasvið Heklu, tók við umboði fyrir Caterpillar árið 1947 og hefur Caterpillar frá þeim tíma verið leiðandi á markaði hér á landi. „Tæki frá Caterpillar hafa ávallt verið á meðal söluhæstu tækja á hverju ári síðan þá. Caterpillar vinnuvélar hafa komið við sögu í

öllum stórfamkvæmdum á sviði jarðvinnu hérlandis, sem sýnir svo sannarlega sterka og rötgróna stöðu CAT á Íslandi í 70 ár. Árangur CAT hérlandis má fyrst og fremst þakka þeim frábæru viðskiptavinum okkar sem hafa stólað á CAT þegar mest á reynir. Þegar áreiðanleikinn skiptir öllu máli treysta menn á Caterpillar. Áreiðanleiki og gæði eru einmitt meðal lykilatriða hjá Caterpillar

sem hefur skilað þeim í fremstu röð vinnuvélaframleiðenda í heiminum í dag.“ segir Halldór Ólafsson, sölumaður hjá Kletti.

Góð þjónusta í fyrirrúmi

Eitt af aðalmerkjum Kletts er góð þjónusta. „Við leggjum höfuðáherslu á góða þjónustu, og teljum við að það sé okkar helsti styrkleiki. Við viljum vera í fararbroddi í þeim

efnum að veita bestu mögulega þjónustu fyrir viðskiptavinum okkar. Klettur hefur yfir að ráða 24/7 365 þjónustu í öllum deildum. Hjá Kletti starfa um 80 manns og höfum við yfir að ráða einstaklega metnaðarfullu og hæfileikaríku starfsfólki sem leitast ávallt við að finna hagkvæmstu lausnir fyrir viðskiptavinum okkar. Margt af okkar starfsfólki hefur starfað með okkur í nokkra

áratugi. Hjá Kletti kemurðu svo sannarlega ekki að tómunum kofanum hvað þekkingu starfsmanna varðar,“ segir Halldór.

Caterpillar er stærsti framleiðandi vinnuvéla í heiminum. Með yfir 300 mismunandi tæki og vélar í sinni framleiðslulínu, allt frá minnstu vélum yfir í þær allra stærstu. „Alveg sama hver framkvæmdin er, þá á CAT tæki sem hentar,“ segir Halldór.

VélRás



BIFREIÐA- OG VÉLAVERKSTÆÐI, ÁLHELLU 8, HAFNARFIRÐI

Sími 577-6670 og 555-6670

Viðgerðir • Varahlutir • Þjónusta

velras@velras.is • velras.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

HILUX INVINCIBLE

aukahlutapakki að verðmæti 780.000 kr. fylgir



Verð frá: 5.350.000 kr.

Invincible 33" breyting fylgir með

Hilux er ódrepanði harðjagl og með 33" breytingu eruð þið ósigrandi saman. Hilux Invincible kemur þér þangað sem þig langar, hvort sem það er leiðangur upp til fjalla, næsti veiðitúr eða bara að komast aðeins út fyrir borgina til að ná andanum.

Hilux Invincible aukahlutapakki: 33" breyting, hlíf undir framstuðara, gluggavindhlífar, króm á afturljós og Invincible-merki.
Verðmæti: 780.000 kr.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is

Invincible-pakkinn fylgir ekki með öðrum tilboðum.

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Konur faldar í landbúnaði

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, bóndi á Ljótastöðum, vakti mikla athygli þegar bók um hana kom út fyrir jólin. Í bókinni kemur fram að Heiða er alin upp á traktor, bremsulausum Massey Ferguson, og hefur áhuga á vélum.

Elin Albertsdóttir
elin@365.is



Heiða segist alltaf hafa haft áhuga á vinnuvélum. „Þær eru hluti af búskapnum. Mér hefur alltaf þótt gaman að öllum vélum. Mest vinn ég á traktornum og svo er ég með heyrslutæki. Einnig nota ég fjórhjólid mjög mikið. Ég er ágætlega flink að vinna á þessum tækjum en ég er vonlaus ef eitthvað bilar. Þá verð ég að fá viðgerðarmann,“ segir hún.

Það er búið að vera mikið að gera undanfarið hjá Heiðu í sauðburði. „Ég hef sömuleiðis verið að keyra hey inn í hús meðfram því að fara með fêð út á tún. Einnig hef ég verið að bera á túnin svo það er alltaf nóg að gera. Landbúnaðartæki eru dýr og traktorinn minn er orðinn tíu ára. Ég legg mikla áherslu á að fara vel með tækin og geyma þau innanhúss yfir veturinn. Maður er ekki

að fjárfesta mikið í nýjum tækjum. Síðasta tæki sem ég keypti var notuð rakstrarvél, hún rakar heyið áður en það fer í rúllur,“ segir hún.

Traktor er vinnustaðurinn

Í bókinni segir Heiða svo frá. „Ég er á Valtra A 95 árgærd 2007. Gráni minn er góðæristraktor eins og árgærdin segir, einn af mörgum í sveitum landsins. Hann er aðaltraktorinn og notaður í allt nema að snúa heyinu [...] í það nota ég hinn traktorinn minn, Massey Ferguson 165 árgærd 1974. Hann gegnir nafninu Grímur og er sá eini sem eftir er af gömlu traktorunum síðan ég var krakki. Hinir voru seldir [...] þann síðasta lét ég fyrir gagngera andlitslyftingu á Grími sem var orðinn mjög illa farinn. Ég hugsaði vel um Grím gamla. Hann er oftast hreinn og bónaður og í ágætu lagi en þetta er auðvitað orðinn gamall traktor og mikið keyrður. Það er lyklatríði að hann sé snyrtilegur, þetta er vinnustaður minn klukkustundum og



Heiða Guðný bóndi hefur mikinn áhuga á vélum og tækjum. MYND/STEFÁN

sólarhringum saman.

Þetta er svona harlem-traktor, ódýr og einföld týpa, hastur og laus við allan lúxus en jafnframt traustur, gangviss og viðhaldslítill. Þessi dugar og virkar og það er þá bara gott, en ég vildi alveg eiga þægilegri og fullkonnari traktor. Til dæmis nýjan og stærri Valtra.

Eða bara eitthvert gangviss og bilanalítið tæki með vökvavendigir. Stiglaus skipting væri toppurinn, fjaðrandi framhásing og loftpúðasæti. Það væri gott fyrir mjög bráðlega miðaldra konu. Hljómtæki með usb-tengi og aðeins betra hundapláss fyrir minn kæra Fífil væri svo góður bónus.“

Sauðburði að ljúka

Heiða segist oft setja saman vísur undir stýri á traktornum sem hún fer svo með á hagyrðingamótum en hún er snjall hagyrðingur. Undanfarið hefur ekki verið mikill tími til að semja þar sem sauðburður hefur staðið yfir allan sólarhringinn. „Þetta hefur verið mikil vinna. Það eru fædd eitthvað á áttunda hundrað lömb. Vinkona mín hefur verið mér til aðstoðar en sauðburður er ákaflega skemmtilegur. Núna er honum að ljúka en næg störf eru fram undan,“ segir Heiða sem hefur fengið mikil og góð viðbrögð við bók sinni og Steinunnar Sigurðardóttur.


„Ég vinn við fösturtalningu á sauðfé og ferðast um landið. Mjög margir hafa bedið mig að árita bókina og ræða efni hennar við mig. Konur eru faldar í landbúnaði og það þykir sérstakt að ég sé ein í búskap. Yfirleitt eru tveir á bak við eitt bú, kona og maður. Það er alltaf karlinn sem kemur fram fyrir hönd búsins. Konurnar vinna samt gríðarlega mikið.“

Þegar Heiða er spurð hvaða tæki hún ætli að fjárfesta í næst, svarar hún: „Mig vantar tæki sem kallast liðléttingur. Það er lítið fjölnota tæki til að moka og grafa. Ég er alltaf að skoða þannig tæki en þau eru dýr,“ segir hún.

„Draumatækið væri hins vegar nýr og flottur traktor sem ég mun sennilega aldrei hafa efni á.“

Hagstæð tækjafjármögnun

Landsbankinn býður góð kjör við fjármögnun á nýjum og notuðum atvinnubílum og -tækjum. Viðskiptavinir Landsbankans njóta ætíð betri kjara. Frekari upplýsingar á landsbankinn.is eða hjá Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans í Borgartúni 33.



KOBELCO

We Save You Fuel
Achieving a Low-Carbon Society



Six-way blade

**Verkfæri ehf er umboðsaðili Kobelco á Íslandi.
Kobelco vélarnar eru framleiddar í Japan.**



Verkfæri ehf
Hlíðasmári 3, 201 Kópavogur
Sími: +354 544 4210, GSM: +354 892 9399
info@verkfaeriefh.is www.verkfaeriefh.is

Góðir tímar í Noregi

Gylfi Hauksson dvaldi um eins árs skeið í Noregi þar sem hann kom að fjölbreyttum verkefnum sem innihéldu stórtækar vinnuvélar.

Starri Freyr
Jónsson
starri@365.is



Ævintýrabraín dró Gylfa Hauksson til Noregs þar sem hann starfaði fyrir verktakafyrirtækið Ístak í Ytre Sortvik og Stavanger um eins árs skeið. „Svo hjálpaði líka til að launin voru nánast tvöföld miðað við það sem var í boði hér á landi fyrir vélamann. Þetta leit bara vel út og maður sá fram á að fá loksins mannsæmandi laun fyrir vinnu. Einnig var spennandi tilhugsun að vinna í öðru landi og kynnast nýjum hlutum. Ekki skemmdu heldur fyrir allar ferðirnar í friðhöfninni.“

Hann hóf fyrst störf í Ytre Sortvik sem almennur vélamaður og verka- maður en fjórðurinn er í Norður- Noregi, um 90 km sunnan við nyrsta odda Evrópu. „Þar reistum við vegskála vegna hættu á grjóthruni og snjóflóðum. Við sprengdum heilmikið úr berginu, lögðum nýjan veg og reistum skála yfir hluta hans. Einnig grófum við fyrir rafmagns- lögnum og dreni og steypum lagna- stokka fyrir ídráttarrör.“

Notaður var m.a. öflugur bílkrani til hifingar við steypuvinnuna. „Verkið var unnið þannig að steyp

var að neðanverðu tilbúinn stór bogadreginn fleki sem var rennt eftir sérstakri braut en síðan var raðað mótum ofan á. Einnig vorum við með um 25 tonna beltagröfu sem sá um almenna gröfuvinnu og vegagerð ásamt 16 tonna hjólagröfu.“

Norskir verktakar mættu næst með brjótasamstæðu til að brjóta efni í framkvæmdirnar. Einnig voru norskir verktakar sem sáu um að fræsa upp malbik á gamla veginum á svæðinu. „Við bjuggum á hóteli skammt frá verkstað sem var reyndar ansi frumstætt sveitahotel. Aðalmálið, þegar við keyrdum á milli, var að passa sig að keyra ekki á hreindýrin en það var mjög mikið af þeim á svæðinu.“

Sérstakur vinnustaður

Næst lá leiðin til Stavanger þar sem Gylfi réð sig sem vélamann við gangagerð í Solbakkttunnelen. „Flokkurinn okkar sá um að sprengja lagna- skurðinn og laga yfirborð undir vegagerð. Þar var ég fljótlega gerður að verkstjóra yfir minni vakt sem samanstóð af þremur Íslendingum og einum Slóvaka til að byrja með.“

Hann segir Solbakkttunnelen vera ansi mögnuð göng. „Um er að ræða tvöföld átta km löng göng á milli bæjar sem heitir Tau, þar sem við bjuggum, og Stavanger og fara

tæplega 300 metra undir sjávarmál. Meirihlutinn af efninu úr göngunum var keyrður út á færbandi frá brjóti sem muldi það niður. Efnið var síðan nýtt til fyllingar í sjó undir vegstæði að göngunum. Einnig var notast við Búkollur til aksturs.“

Gylfi segir þetta hafa verið á margan hátt skritinn vinnustað. „Slóvakar voru í meirihluta starfsmanna en svo voru Svisslendingar frá Marti sem stjórnðu verkinu. Hlutirnir voru í ansi föstum skorðum og erfitt að fá breytingar í gegn. Svisslendingarnir stóðu ansi fastir á sínu þó að það væru oft á tíðum skiptar skoðanir um þekkingu þeirra. Síðan tóku Íslendingar við yfirstjórninni en þegar upp var staðið bætti það ekkert úr skák, síður en svo. Vinnu- andinn var samt mjög góður og oft gaman uppi í skála.“

Þarna eignaðist ég góða vini sem ég er enn þá í sambandi við og var mjög gaman að kynnast svona samfélagi þar sem menn frá hinum ýmsu löndum voru samankomnir.“

Ferðaðist mikið

Vélaflotinn var mjög öflugur og fjölbreyttur, segir Gylfi, eins og gengur og gerist á svona stórum vinnustað, auk þess sem mjög öflugt verkstæði var á staðnum. „Þarna var mikið borað og sprengt og það var stund-



Ævintýrabraín dró Gylfa Hauksson til Noregs þar sem hann starfaði fyrir verktakafyrirtækið Ístak.

um óþægilegt að vera í göngunum þegar það var verið að sprengja en það vandist nú fljótlega.“

Árið í Noregi var góður tími og honum þótti að mörgu leyti mjög gott að vera þar. „Við Bragi Pálsson, félagi minn, vorum mjög duglegir að keyra um á fríðögnum og skoða okkur um.“

Einnig var bátur á svæðinu sem við notuðum óspart. Þarna er mikil

náttúrufegurð og margt fróðlegt að sjá, t.d ýmislegt í tengslum við seinni heimsstyrjöldina. Hið eina var að verðlagið var okkur mjög óhagstætt og því eyddum við litlum tíma í verslunum.

En Noregur er á margan hátt spennandi land og aldrei að vita hvað maður gerir í framtíðinni. Kannski á maður eftir að enda þarna aftur, hver veit?“



Mikið úrval á lager til afgreiðslu strax.



Á lager til afgreiðslu strax.



Mikið úrval á lager til afgreiðslu strax.



Verkfæri ehf

Hlíðasmári 3, 201 Kópavogur

Sími: +354 544 4210, GSM: +354 892 9399

info@verkfaeriefh.is www.verkfaeriefh.is



NJÓTTU STARFSINS. GÆÐIN HRÍFA.



NEMO VERÐ FRÁ:
1.766.129 KR.
ÁN VSK
2.190.000 KR. MEÐ VSK



JUMPY VERÐ FRÁ:
2.733.871 KR.
ÁN VSK
3.390.000 KR. MEÐ VSK



BERLINGO VERÐ FRÁ:
2.048.387 KR.
ÁN VSK
2.540.000 KR. MEÐ VSK

NEMO, BERLINGO & JUMPY

NÚTÍMALEG HÖNNUN • HAGKVÆMIR • SNAGGARALEGIR • RÚMGÓDIR • SPARNEYTNIR
GOTT VERÐ • HLIÐARHURÐIR • ÖRYGGISGRINDUR • MISMUNANDI STÆRÐIR OG LENGDIR

citroen.is

Citroën sendibílar eru framleiddir með gæði, hagkvæmni og áreiðanleika í huga. Mikil áhersla er lögð á sparneytni og fyrirtaks vinnuástöðu með góðu aðgengi. Þú getur stólað á fyrsta flokks gæði, öryggi og fyrirmyndarþjónustu Citroën sendibíla. Nemo er snaggaralegur sendibíll, litill að utan en rúmgóður að innan með hliðarhurðum og fellanlegu skilrúmi til stækka rýmið og flytja lengri hluti. Berlingo er með þremur framsætum og kemur í tveimur lengdum, fjölnota sendibíll með ríflegu hleðslurými og góðri burðargetu. Jumpy er notendavænn og aðlagar sig að þínum þörfum, rýmið er allt að 6,6 m³ að rúmmáli og allt að 4 metrum að lengd með Moduwork búnaðinum. Til viðbótar getur hann dregið allt að 2,5 tonn. Hægt er að fá Citroën Jumpy í þremur mismunandi lengdum.

Yfirbreiðslur fyrir vinnuvélar

Hrauntak hefur um árabíl selt CRAMARO yfirbreiðslur fyrir vörubíla, malarvagna og alls konar flutningavagna. Vegna aukinna öryggiskrafna og mikillar eftirspurnar hér á landi hófst nýlega formlegt samstarf CRAMARO og Hrauntaks á sölu og þjónustu fyrir CRAMARO segl.

Hrauntak ehf. var stofnað í október árið 2008 og er byggt upp á áreiðanleika, reynslu og traustum viðskiptatengslum, að sögn Sigurðar Kr. Sigurðssonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins. „Hrauntak býr yfir viðskiptatengslum víða um heim sem eigendur fyrirtækisins hafa byggt upp um áraraddir. Meginstarfsemi okkar í dag snýst um innflutning á nýjum og notuðum vörubílum, vinnuvélum og hjólbörðum fyrir iðnaðar- og þungavinnuvélar.“

Undanfarin ár hefur Hrauntak selt CRAMARO yfirbreiðslur fyrir vörubíla, malarvagna og alls konar flutningavagna. „Mikið hefur verið rætt í blöðum, útvarpi og sjónvarpi um mikilvægi þess að farmur sé byrgður frá öryggis-sjónarmiði. Árlega verða fjölmörg framrúðutjón vegna foks í hvassviðri. Vegna mikillar eftirspurnar og aukinna öryggiskrafna hófst í byrjun þessa mánaðar formlegt samstarf milli CRAMARO og Hrauntaks á sölu og þjónustu fyrir CRAMARO seglin á Íslandi en margra ára reynsla er af CRAMARO seglum á Íslandi.“

Fjölmargar lausnir

Að sögn Sigurðar býður CRAMARO upp á fjölmargar lausnir og útfærslur á seglum og segja má að hver yfirbreiðsla sé klæðskerasaumuð á hvert tæki fyrir sig.

„Styrkur og efni yfirbreiðslunnar er valið eftir tegund farms, til dæmis er sérstakur dúkur boðinn vegna flutnings á malbiki sem þolir bæði hita og þau efni sem í malbikinu eru.“

„Styrkur og efni yfirbreiðslunnar er valið eftir tegund farms, til dæmis er sérstakur dúkur boðinn vegna flutnings á malbiki sem þolir bæði hita og þau efni sem í malbikinu eru. Boðið er upp á margar útfærslur fyrir endurvinnsluflutninga og hvers konar aðra flutninga. Einnig bjóðum við upp á fjarstýrðan rafknúinn búnað og handdrifinn búnað, allt eftir þörfum hvers og eins.“

Nánari upplýsingar eru á www.hrauntak.is.



Einfaldar og þægilegar lausnir eru í boði frá Hrauntaki.



Seglin rúllast upp á einfaldan og þægilegan hátt.



CRAMARO býður upp á fjölmargar lausnir og útfærslur á seglum.

VARAHLUTIR FYRIR:

**Benz • Iveco • Renault
Man • Scania • Volvo
Vagna • Langferðabíla**

TOPA
Smurstöðvar
Feitisstaukar

VÉLANAUST ehf.

Álhella 4-8 • 221 Hafnarfjörður
Sími 555 6670 • GSM 860 1859
olis@velanaust.is • velanaust.is

Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður



Slátturaktorarnir frá KUBOTA eru byggðir fyrir mikla notkun og áralanga endingu. Fáanlegir í ýmsum útfærslum, fyrir bæjarfélög, verktaða og stofnanir.



KUBOTA smátraktorar eru með áratuga reynslu við íslenskar aðstæður. Fáanlegir stærðum frá 11 - 50 hö. Mikið úrval tengibúnaðar og tengitækja fáanlegt.



KUBOTA er stærsti framleiðandi á smágröfum í heiminum, stærðir 850 kg - 8.000 kg. KUBOTA smágröfurnar eru afkastamiklar gæðavélar með lága bilanatiðni og mikil afköst.

Fjór hjólastýrðar hjólaskóflur og skotbómulyftarar



Fjór hjólastýrðir skotbómulyftarar með lyftigetu frá 800 kg upp í 4.990 kg og lyftihæð frá 3,9 m upp í 8,75 m.



Fjór hjólastýrðar hjólaskóflur. Lágbyggðar og stöðugar vélar. Fáanlegar með lyftigetu allt að 4,3 tonnum. Möguleiki á allt að 40 km aksturhraða. Tilvaldar í snjómokstur og alla allhiða vinnu.

Réttu tækin í alla almenna jarðvegs- og steypuvinnu



Smágröfur og beltagröfur frá 800 kg upp í 15 tonn. Hjólagröfur upp í 10 tonn.



Beltavagnar upp í 3 tonn og hjólavagnar (dumperar) upp í 10 tonn.



Þjöppur, vibratorar, brotvélar, steinsagir, glattarar. Allt sem viðkemur steypuvinnu og þjöppun.

Öflug atvinnutæki



Traktorsgröfur



Beltagröfur 14 - 53 tonn - Hjólagröfur 14 - tonn



PÓR HF

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Lónsbakka
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is

Lögfræðingur við rútuþyrrið

Jón Sigfús Sigurjónsson lögfræðingur vinnur í ferðageiranum yfir sumar tímamann við rútuakstur. Honum finnst allt skemmtilegt við starfið.

Sigríður Inga
Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Þetta atvikaðist bara sisvona. Ég var hættur hefðbundnum skrifstofurekstri en tók að mér verkefni við ráðgjöf, skjalagerð og þess háttar á sviði lögfræði og fasteignasölu en ekkert fast í hendi og bauðst að prófa að vinna í ferðageiranum yfir sumartímamann við rútuakstur," segir Jón Sigfús.

Hann hafði ekki áður unnið við að keyra stærri farartæki en alltaf verið talsvert viðloðandi vélar, mest tengt búskap. „Ég hafði verið að stússast í frístundabúskap lengi, hestamennsku og hrossarækt, heyjað og slíkt. Ég hafði endurnýjað ökuréttindin sem voru upphaflega frá 1968 og fór í meiraprófið, allan pakkann, vorði 2015 og langaði að prófa að keyra rútur. Ég hef verið að keyra í lausamennsku hjá SBA síðastliðin tvö sumur og gripíð í þetta líka yfir vetrartímamann en jafnframt sinnt tilfallandi verkefnum við lögfræðina, ekki síst fyrir gamla kúnna.“

Þrífst ekki í skrifstofuvinnu

En hvað finnst honum skemmtilegast við starfið? „Það magnaða er að mér finnst þetta allt skemmtilegt, líka þegar það er bras, t.d. vegna veðurs og færðar. Ég er hundvanur vetrarakstri úti um land og hef búið stóran hluta ævinnar í dreifbýlinu, á Norðurlandi og Vestfirðum, enda Skagfirðingur í móðurætt og Vestfirðingur í föðurætt. Ég var við kennslu og búskap fyrir vestan á yngri árum og var líka í löggunni. Reyndar hef ég aldrei þrífist til lengdar við skrifstofuvinnu eina sér og alltaf þurft að stússast meðfram í einhverju, var t.d. talsvert í hestaferðum yfir sumartímamann með ferðamenn, fyrst um 1990, frá Reykjavík en einnig fyrir norðan og fyrir vestan í sinni tíð,“ segir Jón Sigfús.

Á skólabeck í vetur

Síðasta haust settist Jón Sigfús á skólabeck að læra leiðsögn og stefnir að útskrift um júlín. „Það kom einhvern veginn af sjálfu sér. Þó ég hafi mestmegnis starfað sem lögfræðingur og fasteignasali undanfarna tvo áratugi var ég áður í líffræðinámi við HÍ og starfaði aðeins á því sviði við fiskeldi á yngri árum. Ég hef líka



„Ég hef farið margar hringferðir, síðast um miðjan apríl síðastliðinn, en tók svo pásu til að sinna verkefnum og prófum í leiðsögunáminu. MYND/STEFÁN

Það magnaða er að mér finnst þetta allt skemmtilegt, líka þegar það er bras, t.d. vegna veðurs og færðar.

Jón Sigfús Sigurjónsson

kennt á öllum skólastigum, m.a. við háskóla sem stundakennari. Það lá því frekar beint við að huga að námi á sviði ferðamennsku þar sem ég varð alveg heillaður af því að ferðast með erlenda gesti um þetta einstaka land okkar. Ég skræði mig í leiðsögunámið hjá Endurmenntun Háskóla

Íslands fyrst og fremst til að skerpa á þekkingu á landinu, jarðfræði, sögu og menningu þjóðarinnar og náttúrunni allri. Planið var ekkert endilega að fara að starfa sem leiðsögumaður. Mér sýnist hins vegar að það gæti hentað mér ágætlega að blanda þessu saman og taka að mér verkefni við ökuleiðsögn, hugsanlega með skjala- og skrifstofustússi.“

Stóri hringurinn í upphaldi

Jóni Sigfúsi finnst skemmtilegast að fara í styttri og lengri ferðir út um land. „Ég hef farið margar hringferðir, síðast um miðjan apríl síðastliðinn, en tók svo pásu til að sinna verkefnum og prófum í leiðsögunáminu og er að byrja að keyra aftur núna. Stóri hringurinn er dálítið mitt upphald. Þá meina ég þegar einnig er farið um Vestfirði. Svoleiðis ferð

er ekki styttri en 14 dagar ef eitthvert vit er í skipulagningunni. Ef ég ætti að taka eitthvað út fyrir sviga myndi það vera Snæfellsnes og Vestfirðir en ég elska að ferðast um allt land og á erfitt með að gera upp á milli landshluta. Hingað til hef ég alltaf verið bílstjóri í þessum ferðum og oftast með afbragðsgóða leiðsögumenn. Ég stefni þó á að prófa ökuleiðsögn í nokkrum ferðum í sumar.“

Þegar Jón Sigfús er spurður hvort hann hafi áhuga á bílum og farartækjum almennt segir hann að svo sé. „En ég er samt enginn nörd. Um tíma var ég á breyttum jeppum og hafði gaman af ferðum í snjó yfir vetrarmánuðina og hef alltaf verið dálítill bíladellu- og mótörhjólakall.“

Hann segist í og með spá meira í slíkt tæki eftir að hann fór að keyra rútur. „Ég hef unnið hjá þessu frá-

bæra fyrirtæki, SBA, sem er með höfuðstöðvar á Akureyri en heilmikinn flota einnig hér syðra og þar hef ég keyrt rútur af öllum stærðum og gerðum, allt eftir verkefnum hverju sinni. Ég hef verið á eldri bílum sem hafa verið endurbýggðir og eru meiriháttar en mest verið á nýjum eða nýlegum bílum, Mercedes Bens, Turismo, oftast með öllum þægindum.“

Jón Sigfús segir að það hafi komið honum ánægjulega á óvart hvað þessi vinna er áhugaverð og gefandi. „Ég hef að visu verið svo heppinn að kynnast margs konar útgáfum af ferðum. Fjölbreytileiki er því snar þáttur í þessu eins og ég hef kynnst þessum störfum, misjafnir hópar, leiðir, árstíðir, veður, færð og birta að ógleymdum leiðsögumönnum og auðvitað bílum.“



TROJAN RAFGEYMAR

fyrir vinnulyftur, gólfþvottavélar og fleiri smærri vélar

Endingargóðir, úthaldsmiklir og traustir. Um langt skeið hafa notendur um allan heim treyst á Trojan til að skila framúrskarandi afli, en afkastageta Trojan hefur verið aukin enn frekar með nýjustu tækni.



HREIN ORKA Í ALLRA ÞÁGU

Sölu- og þjónustuver 515 1100 - pontun@olis.is

olis

Trojan
MASTERY SOURCE
MASTER DISTRIBUTOR



NJÓTTU STARFSINS. GÆÐIN HRÍFA.



NEMO VERÐ FRÁ:
1.766.129 KR.
ÁN VSK
2.190.000 KR. MEÐ VSK



JUMPY VERÐ FRÁ:
2.733.871 KR.
ÁN VSK
3.390.000 KR. MEÐ VSK



BERLINGO VERÐ FRÁ:
2.048.387 KR.
ÁN VSK
2.540.000 KR. MEÐ VSK

NEMO, BERLINGO & JUMPY

NÚTÍMALEG HÖNNUN • HAGKVÆMIR • SNAGGARALEGIR • RÚMGÓDIR • SPARNEYTNIR
GOTT VERÐ • HLIÐARHURÐIR • ÖRYGGISGRINDUR • MISMUNANDI STÆRÐIR OG LENGDIR

citroen.is

Citroën sendibílar eru framleiddir með gæði, hagkvæmni og áreiðanleika í huga. Mikil áhersla er lögð á sparneytni og fyrirtaks vinnuástöðu með góðu aðgengi. Þú getur stólað á fyrsta flokks gæði, öryggi og fyrirmyndarþjónustu Citroën sendibíla. Nemo er snaggaralegur sendibíll, litill að utan en rúmgóður að innan með hliðarhurðum og fellanlegu skilrúmi til stækka rýmið og flytja lengri hluti. Berlingo er með þremur framsætum og kemur í tveimur lengdum, fjölnota sendibíll með ríflegu hleðslurými og góðri burðargetu. Jumpy er notendavænn og aðlagar sig að þínum þörfum, rýmið er allt að 6,6 m³ að rúmmáli og allt að 4 metrum að lengd með Moduwork búnaðinum. Til viðbótar getur hann dregið allt að 2,5 tonn. Hægt er að fá Citroën Jumpy í þremur mismunandi lengdum.

Réttnefndar kjaftakerlingar

Þrjú sérútbúnir lögreglubílar sinna vegaeftirliti með vöruflutningabifreiðum á þjóðvegum landsins en mættu vel vera sex að mati Jóns Sigurðar Ólasonar, yfirlögregluþjóns á Vesturlandi. Alls voru 2.400 vöruflutningabílar stöðvaðir af lögreglu í fyrra til að kanna akstur og hvíldartíma.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Trukkaumferð á Íslandi er í raun ekki mikil en hún verður áberandi og þétt tvisvar á sólarhring; snemma á morgnana og seint á kvöldin þegar bílarnir halda af stað frá sínum höfuðstöðvum,“ segir Jón og bætir við að lögreglan sé tiltölulega fljót að fara yfir sviðið þegar kemur að eftirliti með vöruflutningabílum.

„Þetta eru mikið til sömu trukkarnir sem keyra á milli landshluta og þarf af leiðandi erum við fljótir að sigta út bíla sem við erum nýbúnir að stoppa. Verkefnið eru þó ærin þegar kemur að eftirlitinu.“

Þann 1. janúar í fyrra var umferðaeftirlitið flutt frá Samgöngustofu til þriggja lögregluembættar: lögreglustjórans á Vesturlandi, lögreglustjórans á Norðurlandi eystra og lögreglustjórans á Suðurlandi.

„Í umferðaeftirlitinu framkvæmum við vegaskoðanir á flutningabílum, sem þó eru ekki jafn nákvæmar og þegar farið er með bílana í skoðun. Skoðað er ástand bifreiðar, hvort dekk séu í lagi og hvort búnaður virki rétt. Eftir það reynist í ölestri eru menn boðaðir í skoðun á næstu skoðunarstöð eða sendir rækliðis á verkstæði til viðgerða.“

Athuga ekki með mansal í íslenskum flutningabílum

Lögreglan skoðar einnig farm vöruflutningabíla sem þeir stoppa handahófskennt á vegunum.

„Þegar farmur er skoðaður er athugað hvort hann sé rétt frágenginn og hvort hann falli undir ADR-farm, eða hættulegan farm. Strangar reglur gilda um flutning ýmissa efna sem ekki má flytja saman og þurfa öllum þess háttar farms akveðin ökuréttindi umfram meirapróf. Langleiðina sýnist mér þó að menn fari að lögum og vegna landamæra okkar höfum við ekki ástæður til að athuga með mansal eða flutninga á fólki í vöruflutningabifreiðum,“ upplýsir Jón.

Akstur- og hvíldartími atvinnubílstjóra er lögbundinn og er skoðaður hverju sinni sem lögregla tekur bíl út í eftirliti á vegum.

„Við tökum allt fyrir þegar við stöðvum vöruflutningabíl á vegum úti: vigtum bílinn, athugum frágang á farmi og afritum upplýsingar úr rafrænum ökuritum sem gefa upp aksturstíma, hvíldartíma, hvenær farið var af stað, hvenær akstri lauk og hvenær pásur voru teknar. Ökuritarnir kjafta frá öllu enda oft kallaðir kjaftakerlingar,“ segir Jón kankvís.

Rafrænar ökuritar eru núorðið í flestum vöruflutningabílum en ökuritar eru einnig í eldri bílum.

„Gömlu ökuritarnir eru skífa með nál sem skrifar niður sömu upplýsingar á pappír. Þeir ökuritar gilda enn og segja það sama en þeim fer fækkandi.“

Brot vegna ökurita

Jón kom nýlega heim frá Norgei þar sem hann segir aðstöðu Norðmanna til fyrirmyndar til að taka út heilu trukkalestirnar til skoðunar.

„Á síðasta ári stoppuðum við alls 1.125 vöruflutningabíla til að kanna þyngd og stærð. Athugun á hleðslu, farmi og merkingu á farmi fór fram á tæplega 600 bílum. Þá voru 2.400 vöruflutningabílar stöðvaðir handahófskennt af lögreglu í fyrra vegna aksturs- og hvíldartíma.“

Þetta þýði þó ekki að öllum hafi gerst brotlegir og segir Jón að fremur lágt hlutfall lenti í kærur.

„Maður heyrir stundum á atvinnubílstjórum að eigandi bílanna geri kröfur um langan akstur en þá er til þess að líta að brjóti ökuáður reglur um hvíldartíma fær sá hinn sami háa sekt og eigandinn líka. Sem dæmi er sektin 60 þúsund krónur fyrir ökuáður sem fer 30 prósent yfir hvíldartíma og fær eigandinn þá sömuleiðis 90 þúsund króna sekt.“

Sá kvittur hefur gengið að eigendur vöruflutningabíla taki ökurita úr bílum sínum eða hreinlega sleppi því að hafa þá um borð til að fela langan vinnudag atvinnubílstjóra.

„Eigendum vöruflutningabíla er skylt að hafa ökurita um borð og



Jón Sigurður Ólason er yfirlögregluþjónur á Vesturlandi. Hann segir eigendum vöruflutningabíla skylt að hafa ökurita um borð sem sýna akstur og hvíldartíma ökumanna. MYND/JÓN ARNAR SIGURÞÓRSSON

er refsivert að taka þá úr,“ útskýrir Jón. „En þeir geta svo sannarlega skipt um bíla til að aka fleiri en einum bíl sama daginn en ökuritakortið á þá alltaf að fylgja ökuáður og á hann að taka það með sér úr einum bíl yfir í þann næsta. Á hinn bóginn er eitthvað um að menn keyri án þess að setja ökuritakortið í bílinn, sem er brot, og einnig hafa komið upp mál þar sem menn eru að keyra á korti einhvers annars.“

Ekki enn lent á meirapróflausum atvinnubílstjóra

Umferðaeftirlit lögreglunnar sinnir fleiri verkefnum en eftirliti með vöruflutningabifreiðum á þjóðvegum landsins og var með 1.600 önnur umferðalagabrot á síðasta ári, þar af hraðakstur,

Á hinn bóginn er eitthvað um að menn keyri án þess að setja ökuritakortið í bílinn, sem er brot, og einnig hafa komið upp mál þar sem menn keyra á korti einhvers annars.

ölvunarakstur og vímuefnaakstur.

„Við biðjum ökuáður undan- tekningarlaust um ökuskrifteini og höfum ekki enn lent á meirapróflausum manni. Menn passa

sig nokk að hafa það í lagi. Þeir vita að þeir geta átt von á að verða stoppaðir og stórir lögreglubílar í vegaeftirlitinu eru vel sýnilegir; allt öðruvísi en aðrir lögreglubílar. Þetta eru stórir sendibílar, merktir lögreglunni og stundum má sjá þá úti í kanti á þar til gerðu skoðunarplani, til dæmis við Blikdalsá undir Esju, þar sem við tökum trukkana í eftirlit,“ segir Jón og er almennt sáttur við ástandið.

„Íslensk vörubílamenning er í göðum farvegi en það er vitaskuld alltaf einhver brotalöm á. Flestir passa sig og gera vel. Víst er mikið af bílum á vegunum og alltaf eitthvað um umferðaróhöpp og slys enda hefur það sitt að segja að allir flutningar eru komnir á land til að mæta kröfu nútímans um að fá vörurnar heim nýjar og ferskar.“



FLOTAPJÓNUSTA

Hentugar leigulausnir á atvinnubílum og tækjum fyrir fyrirtæki



RATIO

Sími 511 6600 · ratio@ratio.is · www.ratio.is

Sérsniðnar lausnir á atvinnubílamarkaði

Nýtt fyrirtækjasvið HEKLU leggur sérstaka áherslu á sölu og þjónustu til fyrirtækja. Í boði eru sérsniðnar lausnir og fjölbreytt vöruúrval.

Fyrirtækjasvið HEKLU er sérhæft í heildarlausnum í bílámálum fyrirtækja af öllum toga og vöruframboðið er afar breitt. „Við hjá HEKLU bjóðum upp á fjölbreytt úrval bifreiða, allt frá litlum vistvænum smábílum sem eru tilvaldir í ýmiss konar erindrekstur, upp í stóra sendibíla og lúxusbíla. HEKLA býður auk þess upp á gott úrval vörumerkja svo auðvelt er að mæta þörfum fyrirtækja sem vilja traustar og áreiðanlegar bifreiðar,“ segir Ingigerður Einarsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs.

Markaðurinn fyrir atvinnubíla hefur farið stækkandi undanfarið, að sögn Ingigerðar. „Viðskiptavinir HEKLU eru ört stækkandi hópur sem gerir mjög mismunandi kröfur til bílanna og því er mikilvægt að vera með víðtækar lausnir og mikla vörubreidd. Við bjóðum upp á mjög breiða línu af sendibílum, atvinnubílum, fólksflutningabílum og fólksbílum bæði fyrir fyrirtæki og lögaðila. Við erum með fjölbreytt vöruúrval og getum því boðið upp á sérsniðnar lausnir fyrir viðskiptavinum okkar og uppfyllt ólíkar kröfur. Það getur verið skynsamlegt að hafa mismunandi samsetningu atvinnubíla í bílaflotanum, bæði hvað varðar orkugjafa og stærðir, og þar kemur HEKLA sterk inn,“ upplýsir Ingigerður.

Volkswagen vinsælir atvinnubílar

Volkswagen atvinnubílar uppfylla ströngustu kröfur um gæði, þægindi og endingu. „Volkswagen Caddy hefur verið einn vinsælasti atvinnubíllinn á Íslandi um langt skeið. Hann sameinar vel hina þekktu eiginleika Volkswagen sem ná til áreiðanleika, öryggis og framúrskarandi hönnunar. Volkswagen Caddy er hægt að fá fjórhjóladrifinn sem hentar mjög vel við íslenskar aðstæður. Hann fæst líka í tveimur lengdum, hefðbundinni og lengri gerð, auk þess sem velja má á milli hagkvæmra dísil-, bensin- og metanvéla,“ segir Ingigerður.

Sjö manna fólksbíllinn getur tekið sjö fullorðna í sæti en er auk þess með 530 lítra farangursrými. Bíllinn er með rennihurðum sem gerir aðgengi að öftustu sætunum mjög gott og þægilegt er að ganga um hann. „Þú situr mjög vel í honum og sætin eru hærri eftir því sem þau eru aftar. Því er mjög gott útsýni bæði fram í bíllinn og til hliðanna,“ bendir Ingigerður á.

Nýtt „rúgbrauð“

Volkswagen T6 atvinnubílar samanstanda af Transporter, Caravelle og Multivan sem byggja allir á arfleifð hins þekktu Volkswagen „rúgbrauðs“. „Í ár er 70 ára afmæli hins fræga rúgbrauðs og bjóðum við upp á sérstaka afmælispakka í tilefni þess. Allir atvinnubílar T6 línunnar bjóðast með fjórhjóladrifi sem getur gert gæfumuninn hér á veturna. VW Transporter er fánægur með rennihurð á báðum hliðum og vængjahurð að aftan með glugga. VW Caravelle hefur í áráðir fylgt fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum fólks-



„Volkswagen Caddy hefur verið einn vinsælasti atvinnubíllinn á Íslandi um langt skeið. Hann sameinar vel hina þekktu eiginleika Volkswagen sem ná til áreiðanleika, öryggis og framúrskarandi hönnunar,“ segir Ingigerður Einarsdóttir. MYNDIR/ANTON BRINK



VW Multivan er rúmgóður fjölskyldubíll sem nýttist bæði í borgarumferð og á vegum úti. Í honum eru sæti fyrir sjö manns og hægt er að leggja niður öftustu sætaröð og nýta hana sem svefnrými. Hugad er að hverju smáatriði í þessum glæsilega fjölnotabil og er notagildi hans einstakt.

Volkswagen Caddy hefur verið einn vinsælasti atvinnubíllinn á Íslandi um langt skeið. Hann sameinar vel hina þekktu eiginleika Volkswagen sem ná til áreiðanleika, öryggis og framúrskarandi hönnunar.

Ingigerður Einarsdóttir

flutningabíl að halda. Hann er níu manna og býður upp á mikið rými fyrir farþega og farangur, enda hannaður með þægindi og fólksflutninga í huga. Caravelle fæst bæði beinskiptur og sjálfkiptur,“ segir Ingigerður.

Miklir notkunarmöguleikar Þá er VW Multivan einnig einstaklega rúmgóður fjölskyldubíll sem nýttist hvort sem er í borgarumferð eða á vegum úti. „Í honum eru sæti fyrir sjö manns og hægt er að leggja niður öftustu sætaröð og nýta hana sem svefnrými.



Hjá HEKLU er fjölbreytt úrval bifreiða, allt frá litlum vistvænum smábílum sem eru tilvaldir í ýmiss konar erindrekstur, upp í stóra sendibíla og lúxusbíla.

Hugad er að hverju smáatriði í þessum glæsilega fjölnotabil og er notagildi hans einstakt. Hann fæst nú fjórhjóladrifinn og er því fullkominn ferðafélagi í íslenskum aðstæðum,“ segir Ingigerður og bætir við að haustið verði einstaklega spennandi en þá verður VW Crafter frumsýndur. „Ég fór á dögum til útlanda og reynsluók nýjum Crafter og hlakka mikið til að fá hann til landsins. Við munum frumsýna nýjan Crafter sendibíl í haust en hann hefur breyst töluvert; í útliti, virkni og tækni. Nýr Crafter var valinn

sendibíll ársins 2017 á Alþjóðlegu atvinnubifreiðasýningunni í Hannover og var það einróma álit dómnefndar að hann væri einstaklega hagnýtur. Svo í lokin langar mig að minna á pallbíllinn VW Amarok en við frumsýndum hann nýlega við mikla lukku,“ segir Ingigerður og bætir við að Amarok bjóði upp á mikla notkunarmöguleika fyrir fólk með fjölbreyttan lífsstíl, hann sé skemmtilegur í akstri, flottur í útliti og til í fjölbreyttum útfærslum. „Hjá okkur ættu allir að finna bíl við hæfi,“ segir Ingigerður að lokum.

Gæða smurolíur hjá Skeljungu

Skeljungur hefur þjónað fyrirtækjum og einstaklingum með eldsneyti og smurolíur frá árinu 1928. Sérhæfð þjónusta er ávallt í boði hjá fyrirtækinu.

Þröstur Arnarson, vélfræðingur hjá Skeljungu, segir að nýlega hafi komið út ný smurolíuhandbók en í henni eru allar helstu upplýsingar um Shell smurolíur. Mikið úrval smurolía er í boði sem henta vel fyrir hvers kyns fyrirtækjarekstur. „Þetta er gagnýt bók fyrir alla smurefnanotendur. Bókin er 48 blaðsíður með mikið af góðum upplýsingum sem tengjast faginu,“ segir Þröstur og bætir við: „Núna býðst viðskiptavinum okkar aðgangur að smurolíuefnagreiningu sem sniðin er að ökutækjum, vélum og þeim tækjum sem viðskiptavinurinn óskar eftir að fylgjast með. Þessar smurrannsóknir eru mjög nákvæmar en með þeim er hægt að lesa út ástand á viðkomandi tæki og meta viðhaldsþörf,“ útskýrir hann.

„Skeljungur, og forveri þess HF/Shell á Íslandi, hefur þjónað íslenskum fyrirtækjum í áraradír, hvort sem þau eru í sjávarútvegi, flugrekstri, verktaða- eða flutningastarfsemi, landbúnaði eða iðnaði. Við veitum viðskiptavinum okkar sérhæfða þjónustu bæði hvað varðar eldsneyti og

smurefnaðgjöf,“ segir Þröstur en hann og Pétur Sigurgeir Sigurðsson vélfræðingur eru smurolíusérfræðingar Skeljungs. Þeir hafa hlotið sérmenntun og staðist kröfur Shell um að vera hluti af teymi hjá Shell í Norður-Evrópu sem kallast DLFT Shell.

„Öllum okkar viðskiptavinum stendur til boða sérhæfð fagþjónusta við val á smurefnum og smurráðleggingar varðandi vélar og tæki og námskeið eða endurmenntun í smurolíufræðum. Miklar og örur breytingar hafa orðið á þróun smurefna, framleiðendur og umhverfið kalla á sérhæfðar kröfur og meiri gæði, sem dæmi má nefna að við bjóðum 37 tegundir af mótör- og skipasmurolíu til að uppfylla kröfur,“ segir Þröstur.

„Nútímavélar gera kröfu um að smurolían standist enn meira álag en áður. Hún þarf að hafa áhrif á eldsneytissparnað, endast lengur, hreinsa betur og verja vél og mengunarvarnarbúnað betur. Shell hefur þróað í 40 ár nýja tækni til að breyta gasi í vökvaform, almennt kallað GTL (Gas to liquid). Venjulega er smurolía framleidd með eimun á jarðolíu

og við ákveðið hitastig er svokölluð base-olíu tekin úr eimingunni. Þessi base-olíu er hreinsuð og hún síðan blönduð bætiefnum til að framleiða smurolíu meðal annars. Nú er framleiðsluferlið að breyta gasi í base-olíu og blanda síðan bætiefnum við,“ segir Þröstur.

„Helsti kosturinn við að nota þessa nýju framleiðsluáferð er að við fáum 99,5% hreinni base-olíu og í öðru lagi inniheldur þessi nýja olía óvenjulega mikið af ISO parafini sem gefur betri gæði.

Þessi nýja framleiðslutækni kallast Pure Plus en hún skilar hreinni vél að innan, lengri endingu, allt að 3% eldsneytissparnaði, mun betra álags- og hitaþoli í smurolíunni og kuldaþolið er einstakt,“ greinir Þröstur frá.

Skeljungur er með fjölda smurstöðva um allt land fyrir fólksbíl, jeppa, sendibíla og þyngri farartæki.

Hægt er að nálgast nýju smurolíubókina hjá Skeljungu Borgartúni 26 í Reykjavík, hjá umboðsaðilum og afgreiðslustöðvum um land allt og á www.skeljungur.is/smuroliu.



Þröstur Arnarson, vélfræðingur hjá Skeljungu, segir að fyrirtækið leggi mikið upp úr því að bjóða gæða olíur. MYND/GVA



Íslyft ehf

Vesturvör 32 - 200 Kópavogur
Sími 564-1600 islyft@islyft.is
www.islyft.is

John Deere 6120R
120 hö (145 hö IMP)
með Autopower stíglausri skiptingu,
aðgerðarminni, fjórhjóladrif,
loftfjarðandi ökumannshús,
vökva- og loftbremsur,
útskjótanlegur lyftikrókur,
fjórar tvívirkar vökvasneiðar.

Michelin dekk 540/65R24 að framan - 600/65R38 að aftan
Kynningarverð frá kr. 10.990.000 + v.s.k



Vel heppnuð trukkasýning

Fjöldi gesta lagði leið sína á sýningu á Mercedes-Benz trukkum sem haldin var í höfuðstöðvum Mercedes-Benz atvinnubíla að Fosshálsi 1, í lok apríl.

Stjarna sýningarinnar var hinn stóri og staðilegi Mercedes-Benz Arocs SLT (Schwer Last Transport) sem er öflugasti dráttarbill sem framleiddur er af Mercedes-Benz. Auk þessa magnaða bíls voru margar gerðir öflugra Mercedes-Benz vörubíla til sýnis og má þar nefna fjögurra öxla Arocs vörubíla, Actros flutninga- og dráttarbíla, Antos og Arocs krókheysisbíla og Atego sendibíla. Þá var nýr Meiller malarvagn á staðnum og auk þess nýr fjögurra öxla vörubíll með Meiller palli. Bodið var upp á reynsluakstur á vörubílum og nýttu nokkrir sér það.

„Sýningin heppnaðist mjög vel og það var gaman að fá svona góða mætingu gesta. Mercedes-Benz atvinnubílar eru fjölbreyttir og uppfylla ólíkustu þarfir við ýmsar aðstæður, allt frá minnstu sendibílum upp í stærstu vöru- og hópferðabíla. Það er gaman að geta bodið upp á trukkasýningu og sérlega gaman að sýna hinn magnaða dráttarbill Mercedes-Benz Arocs SLT sem var að öðrum ólöstuðum stjarnan á sýningunni. Billinn er framleiddur

Mercedes-Benz atvinnubílar eru fjölbreyttir og uppfylla ólíkustu þarfir við ýmsar aðstæður. Það er gaman að geta bodið upp á trukkasýningu og sérlega gaman að sýna hinn magnaða dráttarbill Mercedes-Benz Arocs SLT sem var að öðrum ólöstuðum stjarnan á sýningunni.

fyrir þungaflutninga og sá sem var á sýningunni er öflugasta útgáfan sem er með uppgefna 250 tonna dráttargetu. Hann var sérstaklega fluttur inn fyrir sýninguna en enginn slíkur er skráður hér á landi. Mercedes-Benz er stærsti framleiðandi atvinnubíla í heiminum og njóta þeir vinsælda hér eins og víða um heim,“ segir Eiríkur Þór Eiríksson hjá Mercedes-Benz atvinnubílum.



Mercedes-Benz Arocs SLT (Schwer Last Transport) er öflugasti dráttarbillinn sem framleiddur er af Mercedes-Benz.



Margar gerðir öflugra Mercedes-Benz vörubíla voru til sýnis.



Fjöldi gesta lagði leið sína á sýninguna.

FLEYGAR, KRABBAR, KLIPPUR, OG VIBRO-RIPPER FRÁ TOPA



Höfum til sölu glussafleyga og fleiri vönduð verkfæri, sem hafa áunnið sér gott orðspor á Íslandi á undanförunum árum.

VÉLANAUST ehf.

Álhella 4-8 • 221 Hafnarfjörður
Sími 555 6670 • GSM 860 1859
olis@velanaust.is • velanaust.is





ARMAR

VIÐ BYGGJUM Á REYNSLUNNI!

Armar er stærsta leigufyrirtæki sinnar tegundar á Íslandi. Fyrirtækið leigir út tæki, bíla og fjölbreyttan vélakost til byggingariðnaðarins og leggur metnað í að bjóða viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu og heildarlausnir fyrir hvers kyns framkvæmdir – hvar á landi sem er.



VINNULYFTUR

Tækjaflotinn telur í dag rúmlega fjögur hundruð vélar, m.a. skæralyftur, spjótlyftur, lyftara, skotbómulyftur, rafstöðvar og önnur smærri tæki. *Armar er umboðsaðili Genie vinnuvéla á Íslandi.*



MÓT&KRANAR

Með fjölbreytt úrval byggingakrana, steypumót og steypuþhluti eru Armar leiðandi í útleigu og sölu á efni til bygginga- og steypuframkvæmda. *Armar er umboðsaðili Peri á Íslandi.*



JARÐVÉLAR

Armar bjóða til leigu stórar hjóla- og beltagröfur, ýtur og búkollur fyrir stærri mannvirki á borð við virkjanir, álver og gangnagerð.



BÍLAR

Bifreiðar frá *Toyota Íslandi* og *BL ehf.*, eru í boði á hagstæðri rekstrarleigu. Bílarnir eru flestir sérútbúnir til að geta nýst verktökum við íslenskar aðstæður og á alls kyns vegum.

Vakta viðhald farartækja

Floti frá Trackwell þjónustar fyrirtæki og stofnanir með vöktun á tækjafloata, staðsetningu bifreiða og úrvinnslu margskonar upplýsinga. Nýjasti hugbúnaðurinn er Viðhaldsvöktun Flota sem tryggir að fyrirbyggjandi viðhald sé framkvæmt á réttum tíma og eykur þannig afkastagetu tækja.

Viðhaldsvöktun Flota dregur úr óþægindum sem fylgja stopptíma ökutækja vegna viðhalds. Vöktunin tryggir að fyrirbyggjandi viðhald sé framkvæmt á réttum tíma, að afkastageta tækja sé í hámarki og að óvæntum upþakomum fækki,“ segir Guðjón Ymir Lárusson, viðskiptastjóri Flotalausna, sem segir hið nýja viðhaldskerfi ekki eiga sér hliðstæðu á íslenskum markaði, og þó víðar væri leitað.

Viðhaldsvöktunin, sem er hugbúnaður þróaður af starfsmönnum Flota, heldur utan um viðhaldssögu ökutækis sem Guðjón segir að geti verið ómetanlegt ef óvæntar bilanir komi upp á. „Það hjálpar öllum sem koma að viðgerðinni að átta sig betur á stöðunni. Það eykur skilvirkni, minnkar tímamann sem tækið er ónothæft og sparar þannig fjármuni,“ lýsir hann.

Stopptíminn er kostnaðarsamur

„Flestir viðskiptavinir okkar mega ekki við því að tæki og bílar stöðvíst lengur en nauðsynlegt er. Fyrirbyggjandi viðhaldsviðgerðir gegna því lykilhlutverki við að takmarka þann tíma sem farartæki eru ónothæf og það dregur


úr kostnaði,“ segir Guðjón. Hann bendir á að viðhaldsvöktun Flota gefi stjórnendum og teyllum rauntímaaðgang að nýjustu viðhaldsgögnunum. Þannig sé hægt að gera nauðsynlegar breytingar á viðhaldsverkefnum, gera ráðstafanir og stýra álagi.

Enginn aukakostnaður

Viðhaldskerfið nýja er sjálfkrafa uppsett hjá viðskiptavinum Flota og kostar ekkert aukalega enn sem komið er þar sem það er innbyggt í flotastýringarkerfi fyrirtækisins.

Kerfið býður upp á marga möguleika. „Í því geta viðskiptavinir sett inn hvaða viðhaldi þeir vilji fylgjast með og stillt sjálfir hversu oft eigi að framkvæma það. Það getur ráðist af tíma, kílómetrum eða vinnustundum. Eins er hægt að nota kerfið til almennra áminninga eins og hvenær eigi að fara með tæki í skoðun, setja bíla á sumardekk og þess háttar,“ lýsir Guðjón.

Raunar er það svo að ekki eingöngu stjórnendur og teymi viðskiptavina Flota nota kerfið. Það þekktist einnig vel að þriðji aðili, eins og t.d. verkstæði sem sinnir viðhaldi fyrir viðskiptavinum, hafi aðgang að viðhaldsvöktuninni til að fylgjast með að allt sé á réttu róli



Viðhaldsvöktun Flota tryggir að fyrirbyggjandi viðhald sé framkvæmt á réttum tíma.

og til að skrá allt sem framkvæmt er.

Nákvæm viðhaldssaga mikilvæg

Í viðhaldsvöktunina er einnig hægt að skrá viðhald sem þarf að framkvæma en ekki var gert ráð fyrir. Þar má nefna sem dæmi bilanir sem koma upp og vilji er til að halda utan um í viðhaldssögunni.

„Viðhaldssöguna má nálgast fyrir öll þau tæki sem skráð eru í vöktun. Þar má taka út skýrslu, allt frá öllum bílum í einu, niður í einn, og þar kemur fram allt sem hefur verið framkvæmt ásamt viðeigandi nauðsynlegum upplýsingum. Svo það að týna smur- og þjónustubókum er liðin tíð og auðvelt að sýna fram á allt sem hefur verið framkvæmt,“ segir Guðjón.

Hann bendir á að fyrirtæki sem eigi bíla- og tækjafloata en sinni ekki viðhaldi eða geri það án nútíma, alhliða viðhaldskerfis, séu líklega að eyða meiri peningum en þörf sé á. „Að fresta því að koma skipulagi á þessi mál er dýrara til langs tíma en skammtímakostnaður við innleiðinguna.“

Nánari upplýsingar á www.floti.is

Margt breyst á hálfri öld

Bragi Steingrímsson höf störf við gatnagerð árið 1966 og hefur starfað við hana síðan víða um land. Flest hefur breyst til batnaðar utan þess að verkgleðin er ekki sú sama og áður fyrr.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Í rúma hálfra öld hefur Bragi Steingrímsson, verkstæðisformaður hjá Hlaðbæ Colas, sinnt fjölbreyttum verkefnum í tengslum við gatnagerð og aðrar stærri framkvæmdir víða um land. Margt hefur breyst á þessu tímabili og ekki síst vinnuvélar sjálfar, segir hann. „Þetta byrjaði allt í september 1966 en á þessum tíma flutti ég úr sveitinni ásamt foreldrum og bróður mínum. Fyrst hóf ég störf við gatnagerð í Breiðholti, nánar tiltekið Arnarbakka, við roralagnir, ýmsa vélavinnu, akstur vörubifreiða af og til auk ýmissa fleiri verkefna. Mér er það nú helst minnisstætt hversu mikil kuldatið var þá, mikill snjór og frost.“

Seinna meir hóf Bragi að vinna á ýmsum vélum, þar á meðal á forlata krana sem notaður var við að hifa rör og moka yfir þau, sem kastskófla og til að hifa sprengimottur. Síðan bættist í hópinn Ford 5000 traktorsgrafa með Hamjern gröfu og tönn. Bröyt x2 grafa og Cat 966B hjólaskófla.

Fram til ársins 1974 starfaði Bragi vítt og breitt um landið í ýmiss konar vélavinnu. „Þar má m.a. nefna vinnu við Vesturlandsveg frá Ártúnsbrekku í Kollafjörð, við Suðurlandsveg um Kamba og í Ölfus, vinna við stíflugerð og inntaksskurð við Þórisvatn,



Reynsluboltinn Bragi Bergmann Steingrímsson. MYND/ANTON BRINK



Bragi ásamt syni sínum Steingrími, ofan á Cat 966 B Kom árið 1969.

við grófum fyrir möstrum vegna Búrfellslínu frá Geithálsi að Straumsvík, unnum við Sigölduvirkjun fyrsta veturinn og við Búrfell, Ólafsvík á Snæfellsnesi og mörgum fleiri stöðum.“



Á ferð til Bildudals, Önundarfjarðar og Hólmavíkur til að leggja olíumöl.

Meira öryggi

Þegar hann hóf störf í malbikinu hjá Hlaðbæ árið 1975 var hann gerður að verkstjóra. „Eftir að malbikunarhluti Hlaðbæjar var keyptur af Colas árið 1987 hélt ég þar áfram, fyrst við malbikunarvinnu og síðar sá ég um viðhaldsverkstæðið og verkefni tengd því.“

Á þessari rúmu hálfu öld hefur malbikið mikið breyst, að sögn Braga, bæði efnin sjálf og blöndun á því auk þess sem vinnuáðstæður hafa breyst til batnaðar.

„Öll öryggismál eru í allt öðrum farvegi en áður sem er mikið framfaraskref. En vinnuandinn

hefur líka breyst þannig að þessi verkgleði sem áður var er nú horfin.“

Vinnutíminn var líka mun lengri hér áður fyrr og algengt að vinnudagur hæfist kl. 7.30 og stæði yfir til næstum miðnættis. Unnið var á laugardögum og stundum á sunnudögum. „Þetta þurfti að gera til að nýta vélarnar og allan bílakost sem best. Staðan er allt önnur á okkur í dag en við erum með þrjár malbikunarstöðvar, þrjár stórar hjólaskóflur, fjórar stórar malbikunarvélar, tvo litla valtara auk ýmissa annarra véla.“

DUNDERDON

Snickers
WORKWEAR

Timberland PRO
PRO SERIES



Nú fást

Snickers
WORKWEAR

vinnuföt í

BYKO
GERUM PETTA SAMAN

Hágæða vinnuföt

í miklu úrvali

Mikið úrval af öryggisvörum

uvex

MILLER

OTTER

TOE GUARD

SOLID GEAR

Honeywell

Hultafors

Timberland PRO
PRO SERIES

Sérmerkjum fyrir fyrirtæki

HILTI

Verkfæri og festingar

Gott úrval sendi- og vörubifreiða frá Iveco

Iveco er sterkt vörumerki sem hefur byggt upp stöðu sína jafnt og þétt undanfarin ár hér á landi. Kraftvélar í Kópavogi bjóða upp á gott úrval sendi- og vörubifreiða frá Iveco sem nýtist íslensku atvinnulífi vel.

Kraftvélar í Kópavogi eru umboðsaðilar fyrir hina sterkbyggðu sendi- og vörubíla frá Iveco, vörumerki sem byggt hefur upp stöðu sína jafnt og þétt og er í dag meðal stærri framleiðanda fyrir flutningastarfsemi að sögn Ívars Þórs Sigþórssonar, sölustjóra atvinnubifreiða hjá Kraftvélum. „Iveco hefur verið leiðandi á sviði nýsköpunar og má nefna að fyrirtækið var fyrst til að kynna turbo í allar dísilvélar sínar og fyrst til þess að innleiða Common Rail vélar auk þess að vera leiðandi í endurnýjanlegum orkugjöfum fyrir sendi- og vörubíla.“

Kraftvélar bjóða upp á gott úrval sendi- og vörubifreiða frá Iveco og þar nefnir Ívar fyrst til sögunnar Iveco Daily línuna sem inniheldur sendi-, pall- og flokkabíla. „DAILY var valinn sendibíll ársins 2015 enda til í nánast óteljandi útfærslum. Hægt er að fá DAILY með allt að 3,0 lítra 210 hestafla dísilvél og þeir eru fyrstu atvinnubílnir í sínum stærðarflokki með 8 gíra HI-Matic sjálfskiptingu. Fyrir vikið eru þeir afar hagkvæmir í eyðslu og rekstri. Iveco DAILY er eini bíllinn í sínum flokki sem er byggður á sjálfstæðri grind og því er hann einstaklega sterkur og burðarþolin. Hægt er að fá hann með heildarþyngd frá 3.500-7.200.“

Einstaklega liprir

DAILY er meðal annars í boði sem 4x4 pallbíll og vinnuflokkabíll á mjög hagkvæmu verði. „Þeir koma á 37" dekkjum með mikla veghæð og í samstarfi við Arctic Trucks bjóða Kraftvélar upp á 40" breytingapakka sem gerir bílinn enn fjölbreyttari.“ DAILY 4x4 eru mjög öflugir, koma með háu og lágu drifi og skriðgír, 100% driflæsingum að framan og aftan og læstum millikassa og eru því tilbúnir í átök. „Bílnir eru einstaklega liprir miðað við stærð. Verktakar og orkufyrirtæki eru nú þegar komin með þessa bíla í sína þjónustu og eru mjög ánægð með útkomuna.“

Þar sem Iveco DAILY bílnir eru byggðir á sjálfstæðri grind er fyrir vikið margvíslegur aukabúnaður í boði að sögn Ívars, t.d. sturtupallur, fastur pallur, kranar, snjótennur, saltkassar, vinnu- og jafnvel ferðahús. „Þar má nefna að 2-7 manna útfærsla á DAILY 4x4 með pallhýsi fyrir aftan ökumannshús er álitka dýr og hefðbundinn húsbíll. Hann er því raunhæfur valkostur fyrir þá sem vilja stunda ferðamennsku og fjölbreyttan lífsstíl. DAILY 4x4 er raunhæfur valkostur fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu og bílaleigur, enda hafa þessi fyrirtæki sýnt bílum talsverðan áhuga.“

Mikil eftirvænting

Góðu fréttirnar eru að Iveco Daily koma einnig í metan- og rafmagnsgáfu að sögn Ívars og er nú þegar hafinn undirbúningur að innflutningi og sölu á þeim. „Þeir hjá Iveco eru engir nýgræðingar í þessum efnunum en fyrsti metanbíll þeirra kom á götuna um aldamótin. Metanvélin er byggð á dísilvél sem gefur því eiginleika dísilvéla auk þess sem hún er mun hljóðlátari en hefðbundin dísilvél. Þess vegna er DAILY í metanútfærslu einstaklega hentugur í



Óskar Sigurmundason (t.v.) og Ívar Þór Sigþórsson eru starfsmenn atvinnubílaeildar Kraftvéla. MYND/STEFÁN



Iveco DAILY sendibíllinn var valinn sendibíll ársins 2015.



Verktakar og orkufyrirtæki nota Iveco DAILY pallbíll með góðum árangri.



Iveco DAILY 4x4 með sturtupalli er einstaklega lipur miðað við stærð.

Iveco DAILY eru fyrstu atvinnubílnir í sínum stærðarflokki með 8 gíra HI-Matic sjálfskiptingu.

Ívar Þór Sigþórsson

Þéttbýlisnotkun. Metanútfærslurnar gefa því fyrirtækjum sem vilja skuldbinda sig í átt að sjálfbærni alveg nýja möguleika.“

Von er á fyrsta Iveco DAILY 100% rafmagnssendibílnum hingað til lands, segir Ívar. „Hann hefur sama innanrymi og er með sambærilega burðargetu og hefðbundinn Daily bíll. Hann er 100% rafmagnsbíll og býr yfir hraðhleðslumöguleika. Fyrsti bíllinn er nú þegar seldur til Orkuveitu Reykjavíkur og ríkir mikil eftirvænting eftir afhendingu

á honum enda um fyrsta rafmagnsbílinn í þessum flokki að ræða á landinu.“

Vinsælir bílar

Iveco Stralis dráttarbílar eru einir vinsælustu dráttarbílar í Evrópu og eru frá 19 tonnum. „Ný kynslóð af Stralis er með nýjum dísilvélum sem eru rúmlega 11% sparneytnari en fyrri kynslóð samkvæmt TUV. Stóru fréttirnar eru að einnig er hægt að fá þessa öflugu bíla í metanútfærslu með allt að 1.500 km drægni. Með auknum landflutningum væri auðveldlega hægt að draga úr mengun andrúmsloft með Stralis í metanútfærslu enda teljum við að það sé ekki spurning hvort heldur hvenær verði byrjað að metanvæða vöruflytningubíla.“

Allar nánari upplýsingar eru á www.kraftvelar.is.



SUMARÆVINTÝRI

SSANGYONG

SUMARLEGIR KAUPAUKAR

OG FERÐAVINNINGAR



REXTON
VERÐ FRÁ: 4.990.000

FJÓRHJÓLADRIFIÐ FERÐALAG ALLAN HRINGINN

Sumarævintýri SsangYong bíður þín - SsangYong skaffar ferðaglöðum Íslendingum réttu græjurnar til að upplifa spennandi ævintýri allan hringinn. Kaupum á fjórhjóladrifnum Rexton, Korando og Tivoli jeppum fylgja nú sumarlegir kaupaukar og í sumarlok drögum við út glæsilega ferðavinninga; tvær helgarferðir fyrir tvo til Kaupmannahafnar með aðgangi að Tivolí. **Taktu þátt í Sumarævintýri SsangYong.**

| | | | | | |
|-----------|---------------|------------|---------|--------------|----------------|
| KAUPAUKAR | DRÁTTARKRÓKUR | FERÐAGRILL | KÆLIBOX | ÚTILEGUTASKA | FERÐAVINNINGUR |
| | | | | | |

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



Verið velkomin í reynsluakstur!

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bílaríki, Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

| benni.is.

Opið:
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardaga frá 12:00 til 16:00



Sérfræðingar í bílum



Deutz, 514 mótör, 15 hestafli, 1 strokks, árgærd 1955



Farmall, A árgærd 1945, Búnaðarfélag Sauðárkróks fékk hana nýja. Snúð í gang með magnettu.



Bault, árgærd 1955, aðeins 18 vélar komu til landsins, 15 vatnskældar og 3 loftkældar.

Farmall Cub kveikti áhugann

Sigmar Jóhannsson setti á fót búminjasafn á bænum Lindabæ í Sæmundarhlíð. Þar eru til sýnis yfir tuttugu dráttarvélar og smærri tæki.

Ragnheiður
Tryggvadóttir
heida@365.is



Ég hafði safnað dráttarvélum og ýmsum vélum í mög ár og látið gera upp áður en ég byggði yfir þær sýningarsal. Nú er búið að bæta við öðrum sal sem tekur 120 manns, með eldhúsi og snyrtingum. Við erum með litla veitingasölu og vorum með þrjár sortir í fyrra, ætli það verði ekki eitthvað svipað í sumar," segir Sigmar Jóhannsson, landpóstur og fyrrverandi bóndi á Lindabæ í Sæmundarhlíð, en hann stofnaði Búminjasafnið Lindabæ fyrir þremur árum.

Safnið telur tugi dráttarvéla og eitthvað af minni búvélum svo sem hverfisteina, skilvindur, hestakerru og sleða. Sigmar segir upphafið megi rekja til þess þegar komið var með Farmall Cub á bæinn þegar hann var strákur, árið 1952. Þar með kviknaði áhugi hans á dráttarvélum og seinna leitaði hann uppi eins vél. Boltinn fór að rúlla og í dag á hann um fimmtíu gamlar vélar, þrjátíu þeirra gangfærar og tuttugu er búið að gera upp fyrir safnið.

„Sumar vélanna eru einstakar eins og Leyland 154 en hún er sennilega eina eintakið á landinu. Massey Harris 20 á ég einnig, frá árinu 1948.



Á safninu eru einnig smærri tæki frá fyrri tíð eins og þessa skilvinda.

Eigandinn byrjaði að leggja inn á hana einu og hálfu ári áður en vélin var afgreidd. Það þætti skritið í dag. Ég er með eina Farmall A 1945, sem er snúin í gang og set hana oft í gang fyrir gesti. En hún mengar, ég hef hana ekki lengi í gangi. Hún er líklega elsta vélin í safninu, sú yngsta er líklega Leylandinn, frá 1972," segir Sigmar.

Safnið verður opnað þann 20. júní en hægt er að fylgjast Búminjasafninu Lindabæ á Facebook.



Sigmar Jóhannsson, forsvarsmaður Búminjasafnsins Lindabæ situr á Massey Harris, árgærd 1948. MYNDIR/BÚMINJASAFNIÐ LINDABÆ

VélRás



BIFREIÐA- OG VÉLAVERKSTÆÐI, ÁLHELLU 8, HAFNARFIRÐI

Sími 577-6670 og 555-6670

Viðgerðir • Varahlutir • Þjónusta

velras@velras.is • velras.is



Bíllinn er af nýjustu gerð dráttarbíla, MAN TGX 26.640 6x4.

Kynna nýjan MAN um allt land

Kraftur hf. kynnrir til sögunnar glænýjan dráttarbíl. Tilefnið er hálfra aldard afmæli fyrirtækisins og verður bíllinn sýndur um allt land í sumar.

Bíllinn var pantaður í tilefni af 50 ára afmæli fyrirtækisins en Kraftur hf. fyllti hálföld í fyrra. Bíllinn er af nýjustu gerð dráttarbíla, MAN TGX 26.640 6x4, og allur hinn glæsilegasti,“ segir Grímur Eiríksson, sölumaður hjá Krafti hf.

640 hestafla vél

„Bíllinn er nýkominn til landsins. Vélin í honum er 640 hestöfl og togar 3000Ntm við 1350 snúninga. Í honum er 12 gíra TipMatic skipting. Bíllinn er vel útbúinn að innan sem utan. Krómgrindur á toppi, stuðara og hliðum með parkljósum og 8 kösturum, xenon og LED.

Að innan er bíllinn einnig mjög glæsilegur en innréttingunni var breytt um áramótin. Bíllinn er með leður/alcantara áklæði á sætum með hita og kælingu. Sjálfvirk miðstöð er einnig í honum ásamt ísskáp, aðgerðastýri, 7" skjá í mælaborði sem hægt er að tengja tvær myndavélar í, MAN sound system, 7 hátölurum og bassaboxi svo eitthvað sé nefnt.“

Kynningartúr um landið

„Við munum fara um landið í júní og sýna bílinn. Við byrjum í Borgarnesi og þræðum okkur svo vestur, til Stykkishólms, Patreksfjarðar og Ísafjarðar, norður á Sauðárkrók, til Akureyrar og Húsavíkur, þá Egilsstaða og Reyðarfjarðar. Við munum jafnvel koma víðar við og munum þá auglýsa það nánar á heimasíðu okkar. www.kraftur.is. Á öllum stöðum



Að innan er bíllinn mjög glæsilegur en innréttingunni var breytt um áramótin.

verður hægt að prófa bílinn og skoða og verða starfsmenn til taks og svara spurningum.“

Tveggja ára ábyrgð á öllum varahlutum

Í samstarfi við MAN verksmiðjurnar mun Kraftur hf. bjóða, frá

og með 1. júní, tveggja ára ábyrgð á öllum „original“ varahlutum frá MAN. Ábyrgð þessi nær til galla á öllum MAN varahlutum, sem upp kunna að koma innan tveggja ára frá kaupum. Nánari upplýsingar um skilmála ábyrgðarinnar má fá hjá sölumönnum Krafts.

Sjálfvirk miðstöð er einnig í bilnum ásamt ísskáp.



Grímur Eiríksson og Erlingur Örn Karlsson, sölumenn hjá Krafti. MYND/EYÞÓR

Til sjós eða lands

Við græjum það

Ásafl ehf. var stofnað í október 2007 og fagnar því 10 ára afmæli á þessu ári. Tilgangur félagsins var í upphafi að þjónusta sjávarútveginn og þá sérstaklega útgerð smærri báta. Í dag þjónustar Ásafl verktaka, bæjarfélög, byggingariðnaðinn, sjávarútveginn og marga fleiri, með réttu tækin í verkið.



Sigurbjörn Þorsteinsson
Sjávarútvegur
sigurbjorn@asafi.is

Jóhann Ólafur Ársælsson
Vélfræðingur, sjávarútvegur,
bygginga- og jarðvinnuverktakar
olafur@asafi.is

Sigurður Óskarsson
Almenn sala
sig@asafi.is

Örn H. Magnússon
Framkvæmdastjóri
orn@asafi.is

Páll Bragason
Bygginga- og
jarðvinnuverktakar
pall@asafi.is

Matthías Karl Arnarson
Lager
asafi@asafi.is

DIVERTO VINNUVÉLIN



Hjólskófla, traktorsgrafa, lyftari og dráttarvél – allt í einu og sama tækinu.
-Diverto Q5100 Pro
-Þyngd 5350
-John Deere vél 86KW (115 hö)
-Framleidd í Hollandi

JASO BYGGINGAKRANAR



Jaso byggingarkranar eru framleiddir á Spáni. Vönduð vara á góðu verði sem stenst alla alþjóðlegar öryggistaðla

COMP AIR



Compair færanlegar loftpressur eru þýskar hágæðavörur sem hafa verið í notkun á Íslandi í 40 ár.

STEMA KERRUR



Stema kerrur eru mest seldu kerrurnar í Þýskalandi enda eru þetta sterkar og öflugar kerrur. Þær fást í ýmsum stærðum og gerðum.

FIBO STEYPUSTÖÐVAR



Færanlegar steypustöðvar sem henta vel þar sem fara þarf um lengri veg eftir steypu. Henta líka vel þar sem vinnurými er takmarkað.

Vinnuþjarkar

Þýsk og japönsk gæðavara



Weycor AR65e

þyngd 5150kg
vél: Deutz (vatnskæld) 54KW (73hó)

Hanix H27DR

þyngd 2825kg
vél: Kubota 14,4KW (19hó)

Vélarnar eru á staðnum, komdu og skoðuðu

DITCH WITCH



Ditch Witch er fyrirtæki sem framleiðir tæki og tól til að koma rörum og lögnum í jörð án þess að grafa. Notað til þessa stýranlega bora, moldvörpur, plóga og jarðvegssagir.

SWEPAC



Sænskar jarðvegspjöppur sem eru vel þekktar fyrir gæði.

HAMMERHEAD



Hammer Head moldvörpur. Dregur lagnir og rör undir vegi og önnur mannvirki. Kemur því í veg fyrir þörf á skurðum og jarðvegssaski.

HIDROSTAL



Hidrostal er svissneskur dæluframleiðandi sem sérhæfir sig í dælum með snigilhjóli. Þessar dælur eru í mörgum fiskiamjölsverksmiðjum og skólpstöðvum hér á landi og hafa reynst mjög vel. Hidrostal er stundum kallað „Rollsinn“ í dælum.



BELLE

Steypuvibratarar sem eru mikið notaðir í byggingariðnaði. Að auki býður Belle upp á breiða línu af verkfærum fyrir verktaka svo sem jarðvegspjöppur, steypuhræivélar, vélhjólborur o.fl.



Ásafl ehf.
Hjallahrauni 2 220 Hafnarfirði
www.asafl.is

Sími: 562 3833
Opíð 8:30 - 17 virka daga
asafl@asafl.is

ÁSAFL

10
ÁRA 2007-2017

Fjallkirkjan komin í skjól

Bifreiðasaga Íslands hefur að geyma einn og annan dýrgripinn. Einn þeirra er án efa Fjallkirkjan, Scania Vabis vörubíll, sem Ingimar Þórðarson keypti húslausan árið 1965 og smíðaði sjálfur ofan á. Í dag er Fjallkirkjan komin í húsaskjól þar sem til stendur að gera hana upp.

Sólveig
Gísladóttir
solveig@365.is



Einn þeirra sem þekkja vel til Ingimars og Fjallkirkjunnar er Svavar Sigurðsson sem ók Fjallkirkjunni fyrir Ingimar í fjölmörg ár. „Ingimar fæddist á Úlfsstöðum í Vallahreppi og þótti frumkvöðull í landflutningum á vörubílum. Veturinn 1964 keypti hann Scania Vabis árgerð '56. Bíllinn var stríp-aður og ekkert hús á honum en þannig ók hann honum norðurleiðina seinnipart vetrar, sitjandi á stól sem festur var á grindina,“ lýsir Svavar. Reyndar komst Ingimar ekki alla leið austur á Egilsstaði þar sem fjallvegir voru ófærir og bíllinn ekki til stórræðanna, húslaus í snjó með bera grind. Því ók hann niður á Húsavík og fékk þar far með skipi sem flutti bíllinn austur á land. Margar sögur ganga af afrekum Ingimars og ein þeirra er sú að hann hafi setið á 50 flösku trékassa þegar hann ók fyrstu ferðina á bílnum. Þá sögu segir Svavar ekki sanna en þó hafi Ingimari verið trúandi til margs enda þótti hann uppátækjasamur.

Ómáluð fyrsta sumarið

Þegar bíllinn var kominn austur stillti Ingimar honum upp heima hjá sér og byggði á hann hús eftir sínu höfði. „Ingimar var alltmúgígmenn og tók sér það fyrir hendur sem þurfti,“ segir Svavar. En hvaðan kemur nafnið Fjallkirkjan? „Ég er ekki viss, þetta nafn festist við bíllinn og hélst alla tíð. Kannski var það vegna útlitsins sem þótti nokkuð sérstakt eða vegna þess að fyrsta sumarið var bíllinn ómálaður þar sem Ingimar hafði ekki tíma til að mála hann eftir að vegir urðu færir.“

Svavar byrjaði að vinna hjá Ingimari árið 1966. „Þá hafði Ingimar keypt annan bíl sem hann keyrði sjálfur en ég var á Fjallkirkjunni. Við vorum að flytja vörur fyrir verslanir og eitt og annað, bæði frá Reykjavík og hingað austur og til baka,“ lýsir Svavar sem ók Fjallkirkjunni til 1971 þegar hætt var að nota hana sem aðalbíll. „Eftir það var hún notuð í annað. Þá voru aðalbíllarnir losaðir á Egilsstöðum en Fjallkirkjan keyrði vörurnar áfram inn á firði.“



Guðmundur Sveinsson sem lengi ók Fjallkirkjunni fyrir Ingimar Þórðarson tók þessa mynd af bílnum fyrir allmörgum árum.



Fjallkirkjan er komin í hús og verður gerð upp með tímanum.

Lögreglan varð hissa

Svavar segir að mjög gott hafi verið að keyra Fjallkirkjuna. „Hún fór mjög vel með mann,“ segir Svavar og bendir á að vegir hafi verið slæmir á þessum tíma og því hafi ferðalagið á milli landshlutanna oft tekið sólarhring. „Það var koja

í bílnum sem var ekki algennt á þessum tíma en hún var uppi á lofti.“

Ingimar þótti um margt sérstakur karakter eins og þær fjölmörgu sögur sýna sem sagðar eru af honum. Í minningargrein sem Björn Ólafsson ritaði um Ingimar

„Bíllinn var stríp-
aður og ekkert hús
á honum en þannig ók
hann honum norður-
leiðina seinnipart vetrar.“

segir hann þessa sögu: „Einhverju sinni hafði Ingimar komið um nótt til Reykjavíkur og verið með farm sem þurfti að losa í Vesturbænum að morgni, svo hann lagði bílnum í laust stæði ekki langt frá. Um morguninn hafði einhver samband við lögregluna og kvartaði yfir þessum stóra flutningabil sem lagt væri þarna við húsið. Lögreglan kom á staðinn og athugaði bíllinn, en hann reyndist harðlæstur og ökumaður hvergi sjáanlegur. Þeir tóku því þá ákvörðun að bíða og sjá hvort sökudólgurinn kæmi ekki út úr einhverju húsi þar nærri. En mikil var undrun þeirra þegar

bifreiðin fór allt í einu í gang og ók sem leið lá úr stæðinu og áfram á götuna án þess að nokkur hefði farið inn í bíllinn. Þeir flyttu sér á eftir honum, og um leið og hann stöðvaði á ákvörðunarstað stukkðu þeir að bílnum og opnuðu dyrnar. Þá reyndist vera undir stýri þunnhærður miðaldra maður og varð brosmildur þegar þeir spurðu fyrst hvar hann hefði verið. „Nú ég var auðvitað á efri hæðinni,“ sagði öku-
maðurinn og brosti enn breiðar.“

Verður gerð upp

Fjallkirkjan var notuð nokkuð lengi og Ingimar átti hana alla tíð en hann lést árið 2008. „Eftir það eignaðist bróðurdóttir hans bíllinn en nokkrir menn sem lengi höfðu unnið hjá Ingimari fengu hann síðan í sína umsjá,“ segir Svavar. Byggð var skemma yfir bíllinn og honum ekið var inn í hana undir eigin vélaraffli. Ætlunin er að gera Fjallkirkjuna upp en þó er líklegt að það taki þó nokkur ár.



VélRás

www.velras.is



BIFREIÐA- OG VÉLAVERKSTÆÐI • ÁLHELLU 8, HAFNARFIRÐ



VIÐGERÐIR
VARAHLUTIR
ÞJÓNUSTA

Sími
555 6670

Galaxy S8

109.900,-



Galaxy S8+

119.900,-

LG G6

94.900,-



FullVision

mi Xiaomi Redmi Note 4

5,5"
Octa-Core
32GB/3GB
Dual-SIM



44.900,-

mi Xiaomi Mi 4i

5"
Octa-Core
16GB
Dual-SIM



26.900,-

GALAXY xCover 4



39.900,-

TLKR™ T40 MOTOROLA Walkie-Talkies

GO SAFELY

KEEPING YOU TOGETHER ON DAYS OUT WITH THE FAMILY.
Simple, compact and easy to use by all the family. Shopping, on the beach or just playing in the garden, the TLKR T40 is the perfect way of staying in touch when out and about.



6.900,-

4km

TLKR™ T50 MOTOROLA Walkie-Talkies

GO FURTHER

Enjoy the great outdoors and stay connected with the tough and stylish TLKR T50. Whether it's a day trip, a holiday hike or a weekend in the wilderness, with the rechargeable TLKR T50 at your side you can keep in touch up to a distance of 6km.



12.900,-

6km

TLKR™ T80 EXTREME MOTOROLA Walkie-Talkies

GO BEYOND

KEEPING YOU SAFER IN THE HARDEST OF ENVIRONMENTS.
Ultimate specification, rugged and all-weather proof, the TLKR T80 Extreme is ready for adventures in the harshest of environments. With a range of up to 10km, a tough water resistant design and essential accessories, the TLKR T80 Extreme will keep you in touch on the wildest tracks and highest peaks.



18.900,-

10km

Mættir aftur!

NOKIA 150



SNAKE
2,4" skjár
Bluetooth
Myndavél-flash
22 daga rafhlaða

7.900,-

Krókháls 5c – Sími 546-9000

Opið 10-17 virka daga

emobi.is

SENDUM FRITT

bara gott verð

15 þúsund m³ á sólarhring

Belgíska fyrirtækið Jan De Nul sér um dýpkun Landeyjahafnar. Sérútbúið skip dælir jarðefnum úr höfninni á vorin og haustin þegar sandburður er sem mestur. Skipið mokað upp um 15 þúsund rúmmetrum á sólarhring.

Sólveig
Gísladóttir
solveig@365.is



Jan De Nul gerði viðhalds-samning vegna Landeyjahafnar árið 2015 og hóf starfsemi við höfnina í september það ár. Upphaflegur samningur hljóðaði upp á þrjú tímabil en samningurinn hefur síðan verið lengdur og hefur þegar verið samið um veru Jan De Nul í Landeyjahöfn frá febrúar 2018 til maí 2018," segir Mark Proctor, verkefnastjóri Jan De Nul á Íslandi.

Á fyrsta tímabilinu var notast við skipið TSHD Tacolla en síðan þá hefur skipið TSHD Galilei 2000 verið notað við dýpkun hafnarinnar þar sem það þótti hentugra. Einnig gerði tæknisvið Jan De Nul breytingar á skipinu til að það næði til fjarlægustu horna í höfninni.

Skipverjar Galilei eru 15 sem starfa í sex vikur í senn. Dýpkunaraðgerðir fara fram frá febrúar og fram í maí og frá september fram í nóvember. „Á þessum tíma eru unnið daglega eftir því sem veður leyfir og þá unnið

Veðrið á vorin og haustin er líklegast til að draga sand inn í höfnina enda stormar tíðir. Minni líkur eru á sandsöfnun á sumrin.

allan sólarhringinn,“ útskýrir Mark. Aðaldýpkunaraðgerðir fara fram á vorin og haustin. „Veðrið á vorin og haustin er líklegast til að draga sand inn í höfnina enda stormar tíðir. Minni líkur eru á sandsöfnun í höfninni á rólegri sumarmánuðum og því þarf ekki stöðugt viðhald á þeim tíma,“ lýsir Mark.

Hann bendir á að þegar sjórinn nái yfir þriggja metra ölduhæð aukist sandflæði til muna inn í höfnina. „Hins vegar höfum við einnig séð hið gagnstæða. Í sumum stormum hefur efni úr höfninni flotið út úr henni. Þetta fer allt eftir vindátt og styrk stormsins.“

Frá því Jan De Nul tók við dýpkun Landeyjahafnar árið 2015 hefur



Dýpkunarskip við störf í Landeyjahöfn.

einni milljón rúmmetra af efni verið dælt upp úr höfninni og aðliggjandi svæðum. „Á einum sólarhring getur dýpkunarskipið mokað upp um 15 þúsund rúmmetrum.“

Mark segir verkefnið í Landeyjahöfn að mörgu leyti krefjandi og

þar spili íslenska veðráttan stóran þátt.

„Að starfa innan hafnar sem er í fullri notkun getur verið erfitt auk þess sem það getur verið krefjandi að vinna í svo mikilli nálægð við hafnargarðinn,“ lýsir hann. Hins

vegur hafi starfmenn Jan De Nul mikla reynslu af keimlikum aðstæðum en fyrirtækið hefur starfað við viðamikil verkefni á borð við Palm Island II í Dúbaí, Chek Lap Kok flugvöllinn sem er í Hong Kong og nýja Súesskurðinn í Egyptalandi.

Verktakar, Iðnaðarmenn, Húsbílaeigendur



Væntanlegar á lager hljóðlátar og handtækar rafstöðvar frá 0.7KVA upp í 3 KVA.

Getum einnig útvegað rafstöðvar frá 6 til 1000 KVA.



Startarar og alternatorar

Fyrir flestar gerðir fólksbíla, jeppa, vörubíla og vinnuvélar. Höfum einnig varahluti í alternatora og startara



60 ár í farsælli
þjónustu við
viðskiptavini



Bíldshöfða 14 sími 553-1244
ljusboginn.is ljusboginn@ljusboginn.is



Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík • s: 696 1050 • okspares@okspares.is

Er um að fá nýja sendingu!

Bjóðum tilboðsverð á ýmsum stærðum af vinnuvéladekkjum meðan birðir endast



Kæfisvefn algengur

Kæfisvefn er ástand sem einkennist af endurteknum öndunartruflunum í svefni ásamt syfju þegar fólk er vakandi. Erlendar rannsóknir benda til þess að 4% karla og 2% kvenna séu haldin kæfisvefni en talið er að yfir 25 milljónir Bandaríkjamanna þjáist af kæfisvefni. Samkvæmt American Academy of Sleep Medicine þjáast 20 prósent vörubílstjóra í Bandaríkjunum af kæfisvefni.

Kæfisvefn, eða syfjan sem honum fylgir, getur valdið slysum líkt og niðurstöður nýrrar rannsóknar á vegum Harvard háskóla sýna. Þar kemur fram að kæfisvefn meðal vörubílstjóra sé meiriháttar vandamál er varðar almannaheill. Skoðaðir voru 3.600 vörubílstjórar og sýndu niðurstöður að bílstjórar sem voru með ómeðhöndlaðan kæfisvefn voru fimm sinnum líklegri til að lenda í slysum og árekstrum sem vel hefði mátt koma í veg fyrir.

Börnir voru saman bílstjórar með og án kæfisvefns á árunum 2006 til 2010. Sumir þeirra sem þjáðust af kæfisvefni notuðu sérstakt öndunartæki á nóttunni meðan aðrir gerðu ekkert til að sporna gegn einkennum. Þeir sem ekkert gerðu við kæfisvefninum voru líklegri til að lenda í árekstrum en þeir sem notuðu öndunartækin reglulega voru á pari við aðra bílstjóra sem ekki þjáðust af sjúkdómnum. Því telja rannsakendur mikilvægt að taka á vandanum sem fyrst þannig að bílstjórar með kæfisvefn eigi auðveldara með að leita sér hjálpar.



Mykines fer frá Rotterdam á mánudögum og kemur til Þorlákshafnar á föstudögum.

Nýr valkostur í flutningum

Smyril Line Cargo býður upp á auðveldari og áhættuminni flutning á bílum, vélum og tækjum með 19 þúsund tonna ferjunni Mykines.

Smyril Line Cargo hóf í byrjun apríl vikulegar siglingar á milli Rotterdam og Þorlákshafnar. Til verksins var keypt 19 þúsund tonna ferja sem fékk nafnið Mykines. „Þarna er á ferðinni skip þar sem tækjunum er einfaldlega ekið um borð. Þessi flutningsmáti hentar einkar vel til flutnings á vörubílum, rútum, vinnuvélum og bílum eða bara nánast öllu sem er á hjólum,“ segir Hannes Strange, sölustjóri Smyril Line Cargo.

Skipið er með tvær hleðsludyr sem flýttir mjög fyrir lestun og losun skipsins. „Mykines fer frá Rotterdam á mánudögum og kemur til Þorlákshafnar á föstudögum. Á leið sinni heim til

„Menn sjá hagræðinguna í því að geta keyrt beint um borð í stað þess að hífa ökutæki með tilheyrandi kostnaði og áhættu.“

Íslands kemur það við í Færeyjum. Þar opnast sá möguleiki að taka vörur um borð sem eru að koma frá Skandinavíu með Norrænu. Vörunum er síðan hægt að umskipa úr Norrænu yfir í Mykinesíð.“

Hannes segir þessum nýja kosti hafa verið afar vel tekið. „Menn sjá hagræðinguna í því að geta keyrt

beint um borð í stað þess að hífa ökutæki með tilheyrandi kostnaði og áhættu. Einnig er mjög mikilvægt að farmurinn er allur fluttur innan dyra, ekki uppi á dekki með tilheyrandi áhættu,“ lýsir hann.

Smyril Line Cargo á einnig Norrænu sem siglir vikulega milli Hirtshals og Seyðisfjarðar og þar er boðið upp á sömu flutningsaðferðina.

Þeir sem vilja kynna sér nánar þessa nýju flutningsleið geta sent fyrirspurn á inn@cargo.fo eða hringt í síma 4702800.



© pinko palinko
MarineTraffic.com

Skipið er með tvær hleðsludyr sem flýttir mjög fyrir lestun og losun skipsins.

Bobcat fyrir fjölbreytt verkefni

Vinnuvélar-tækjamiðlun ehf. tók við umboði Bobcat á Íslandi fyrir sjö mánuðum og hefur sala og þjónusta gengið afar vel.

Bobcat er eitt af þekktustu merkjum í vinnuvélum hér á landi undanfarin ár. Sérstaklega hafa hinar svokölluðu skriðskóflur frá Bobcat reynst mjög notadrjúgar í framkvæmdaverkefnum, snjómokstri og ýmsum öðrum verkefnum,“ segir Baldur Þórarinnsson sölustjóri.

Fjölbreytt tækjalína

Vörulína frá Bobcat sem Vinnuvélar-tækjamiðlun ehf. býður upp á er stór. „Hún byggist í aðalatriðum á þremur stöðum. Í fyrsta lagi fjölbreyttum útfærslum og stærðum af skriðskóflum, bæði hjólaskóflum og beltavélum. Í öðru lagi skotbómulyfturum en þeir stærstu í þeirri línu, með fótum og 360° snúningi, henta vel í byggingariðnaðinn. Í þriðja lagi má nefna smágröfur sem við bjóðum upp á í mjög fjölbreyttu úrvali,“ segir Baldur og bætir við að einnig sé fánleg hjólagrafa frá Bobcat. Bobcat er upprunalega amerískt fyrirtæki en er núna í eigu kóreska fyrirtækisins Doosan. Meginframleiðslan á vélum frá Bobcat fer hins vegar fram í Búdapest í Ungverjalandi og í Frakklandi.

Tæki sem henta mörgum

Baldur segist finna fyrir uppgangi



Vörulína frá Bobcat sem Vinnuvélar-tækjamiðlun ehf. býður upp á er stór. MYND/ERNIR

á flestum sviðum atvinnulífsins á Íslandi um þessar mundir. „Vélarnar frá Bobcat eru notaðar í framkvæmdaverkefni hvers konar. Einnig eru aukin verkefni fyrir vélarnar í vegafremkvæmdum, auk þess sem margt í tækjalínu Bobcat er tilvalið í landbúnaðinn,“ segir Baldur og bendir

á að skotbómulyftarar henti til að mynda mörgum bændum vel sem og skriðskóflur.

Hann segist einnig sjá mikil tækifæri fyrir Bobcat í sjávarútvegi, byggingariðnaði og á mörgum öðrum sviðum atvinnulífsins.

Fleiri umboð

Auk Bobcat eru Vinnuvélar með ýmis önnur umboð. Þar má nefna Dino vinnulyftur, Carnehl vagna, BEKA-LUBE smurkerfi, NTC jarðvegsþjöppur, GB brottfleyga, Indespension kerrur, Clubcar, Toro og fleiri. „Þá útvegum við einnig varahluti í allar gerðir vinnuvéla

og vörubíla,“ upplýsir Baldur en Vinnuvélar eru einnig ein stærsta umboðssala fyrir notaðar vinnuvélar og vörubíla.

Vinnuvélar-tækjamiðlun ehf., Kistumel 2, 116 Kjalarnesi. www.vinnuvelar.is



Baldur Þórarinnsson og Guðmundur Magnús Hafþórsson.



Carnehl malarvagnar í öllum stærðum og gerðum.



Vinnuvélar

Tækjamiðlun Innflutningur Sala



3 ÁRA
ÁBYRGÐ

bobcat

Þriggja ára ábyrgð fylgir
öllum nýjum Bobcat tækjum.



Vinnuvélar

Tækjamiðlun Innflutningur Sala

Ökumenn þekkja hættur símanotkunar

Í könnun Samgöngustofu á aksturshæðun Íslendinga sem Gallup lagði fyrir árið 2016 kemur í ljós að langflestir ökumenn gera sér grein fyrir hættunni við notkun snjallsíma undir stýri.

Hér eru niðurstöðurnar en spurt var: Hversu hættulega eða hættulausa telur þú eftirfarandi notkun farsíma á meðan á akstri stendur?

Taka myndir – 66% telja það stórhættulegt, 21% mjög hættulegt,

11% frekar hættulegt og 2% töldu það hættulítið eða hættulaust. **Stjórna tónlist í símanum** – 47% töldu það stórhættulegt, 23% mjög hættulegt, 21% frekar hættulegt og 9% hvorki né, hættulítið eða hættulaust.

Skóða samfélagsmiðla – 75% töldu það stórhættulegt, 19% mjög hættulegt og 6% frekar hættulegt.

Lesna skilaboð – 63% töldu það stórhættulegt, 22% mjög hættulegt, 13% frekar hættulegt og 2% hvorki né eða hættulítið.

Skrifa skilaboð – 72% töldu það stórhættulegt, 21% mjög hættulegt og 7% frekar hættulegt.

Símtöl án handfrjáls búnaðar – 28% töldu það stórhættulegt, 23% mjög hættulegt, 34% frekar hættulegt, 6% hvorki né, 8% frekar hættulítið og 1% hættulaust.

Símtöl með handfrjálsum búnaði – 7% töldu það stórhættulegt, 6% mjög hættulegt, 23% frekar hættulegt, 15% hvorki né, 28% frekar hættulítið, 17% mjög hættulítið og 4% alveg hættulaust.



Syfja veldur slysum

13% tilfella eru framanákeyrslur vegna syfju ökumanns. Útafakstur orsakast í 12% tilvikum af syfju. Á árunum 1998 til 2004 var syfja orsök þess að átta manns létust í umferðarslysum.

Ýmis merki eru um syfju. Til dæmis ef maður geispar stöðugt, á erfitt með að aka beint áfram, á erfitt með að halda augum opnum. Þegar maður gleymir hverju maður ók fram hjá síðasta klukkutímann. Viðbrögð verða hægari, erfiðara er að halda höfði og ökuhraði verður ójafn.

Ef svefninn sækir að ökumönnum er hægt að bregðast við, til dæmis með því að fá sér blund. Fimmtán mínútna blundur getur breytt miklu. Ekki er ráðlegt að hafa mikinn hita í bílnum.

Þá er best að hvíla sig reglulega til að draga úr hættu á syfju, auk þess að borða hollan og góðan mat á reglulegum matmálstímum.

Heimild: Samgöngustofa.



Vissir þú þetta?

- Orðið truckur (e. truck) virðist hafa komist í notkun árið 1611 en þá vísaði það til aflmikilla hjóla undir fallbyssum skipa. Einni öld síðar var það notað til að lýsa flutningskerrum sem flutt gátu þunga hluti.
- Fyrsti vélknúni vörubíllinn var smíaður 1896 af þýska framleiðandanum Gottlieb Daimler, sem síðar fann einnig upp mótörhjól og leigubíla.
- Fimm frægar bíómyndir um vörubíla eru Duel eftir Steven Spielberg, Smokey and the Bandit með Burt Reynolds, Breaker! Breaker! með Chuck Norris, Convoy með Kris Kristofferson og Black Dog með Patrick Swayze.
- Fimm kunn lög um trukkabílastjóra eru: Convoy með C.W. McCall, Trucker's Prayer með Box Car Willie, East Bound and Down með Jerry Reed, Papa loved Mama með Garth Brooks og Roll on 18 Wheeler með hljómsveitinni Alabama.



HÁGÆÐA SMUREFNI

Helstu sölustaðir á Fluid Film:

AB varahlutir - Funahöfða 9, Reykjavík,

Barki - Nýbýlavegi 22, Kópavogi

Betra Púst - Skógarhlíð 10, Reykjavík

Brynja - Laugavegi 29, Reykjavík

Bymos - Háholt 14, Mosfellsbær

Ellingsen - Fiskislóð 1, Reykjavík

ET - Klettagarðar 11, Reykjavík

Fálkinn hf - Dalvegi 10-14, Kópavogi

Gluggar og Garðhús - Smiðsbraut 10, Garðabæ

JHM Sport - Stórhöfða 35, Reykjavík

J.S Ljósasmiðjan - Skemmuvegi 34, Kópavogi

Lásapjónustan - Grensásvegur 16, Reykjavík

Láshúsið - Bíldshöfða 16, Reykjavík

Ryðlausnir, Heiðargerði 13, Vogar

Smurstöðin - Fosshálsi 1, Reykjavík

Stálstjörnur - Fjarðargata 1, Seyðisfirði

Verkfærasalan - Síðumúla 11, Reykjavík

Vesturröst - Laugavegi 178, Reykjavík

Vökvatengi - Fitjabraut 2, Reykjanesbæ



Frábær á leður – Unninn úr ull (lanolin)
Frýs ekki og er frábært í læsingar og lása
Smyr og þornar ekki upp og leiðir ekki rafmagn
Stoppa tæringu (ryð) og kemur í veg fyrir ryðmyndun



www.facebook.com/Fluid-Film-á-Íslandi
fluidfilm@fluidfilm.is · www.fluidfilm.is

Áhrif umhverfis á liðan

Fyrirlestur um áhrif hins manngerða umhverfis á liðan fólks og gjörðir fer fram í Norræna húsinu fimmtudaginn 1. júní. Fyrirlesturinn heldur norski arkitektinn Alexandria Algard. Alexandria er formaður norska arkitektafélagsins og hefur starfað víðsvegar um heiminn. Alexandria rekur sína eigin stofu í Stavanger í Noregi. Áður en hún stofnaði stofuna bjó hún í 10 ár víða um heim en hún er menntaður arkitekt frá Danmörku og


Japan. Hún hefur m.a. unnið fyrir eftirfarandi stofur: REX í New York, OMA í Rotterdam og Herzog & deMeuron í Basel í Sviss. Í tilkynningu segir að Alexandria hafi verið áberandi í umræðunni á samfélagsmiðlum um áhrif arkitektúrs og umhverfisins á liðan fólks og hefur haldið fjölda fyrirlestra um málefnið víða um heim. Fyrirlesturinn ber heitið Good cites = happy people og hefst klukkan 18. Aðgangur er ókeypis.



Ekki nota eyrnapinna

Ekki ætti að nota eyrnapinna til að þrifa eyrun á smábörnum. Nýleg bandarísk rannsókn leiðir í ljós að á hverju ári koma um það bil 12.500 börn á bráðamóttöku vegna eyrnaskaða af völdum eyrnapinna. Bandarískir læknar hafa varað fólk við því að þrifa eyrun með eyrnapinna. Samkvæmt rannsókninni, sem framkvæmd var á árunum 1990-2010, voru 263 þúsund börn undir átján ára með einhvers konar eyrnaskaða vegna notkunar á eyrnapinum.

Pinnarnir geta gert sár á eyrnagöngin, jafnvel gert gat á hljóðhimnuna. Í sumum tilfellum var um varanlegan skaða að ræða. Í langflestum tilfellum hreinsa eyrun sig sjálf og þess vegna eru eyrnapinnar óþarfir. Það er bannað að stinga eyrnapinum, hársþennum, bíllyklum og tannstönglum í eyrun, segja læknar. Þetta á að sjálfsögðu bæði við um börn og fulloröna.



Sjálfs hjálp sem hressir og kætir

Áttir þú slæman dag? Hér eru 10 hlutir sem þú getur gert til að hressa þig við.

- 1 Farðu í froðubað.
- 2 Sökktu þér í ævisögu einhvers. Þú gleymir eigin sorg og sýt á meðan.
- 3 Lestu glanstímarit.
- 4 Settu skemmtilega 80's tónlist á fóninn.
- 5 Gerðu lista yfir 10 hluti sem þú ert þakklát/þakklátur fyrir.
- 6 Finndu gæludýr til að kúldrast með.
- 7 Hentu fólki sem stuðar þig út af samfélagsmiðlum.
- 8 Leggstu á gólfíð með fæturna upp í loft, upp að vegg. Það eykur blóðflæði til höfuðsins og þér fer að liða betur.
- 9 Skrifðu hugrenningar þínar í dagbók. Það er hreinsandi.
- 10 Farðu í kvöldsvund.



ESTÉE LAUDER

Estée Lauder kaupaukinn þinn í Lyfju Lág múla og Smáratorgi dagana 31. maí - 7. júní.

Glæsilegur kaupauki* fylgir ef keyptar eru tvær eða fleiri vörur frá Estée Lauder.

20% afsláttur af öllum Estée Lauder vörum 31. maí - 3. júní

*á meðan birgðir endast.



Kaupaukinn inniheldur:

Perfectly Clean Multi-Action Hydrating Toning Lotion - Andlitsvatn, 30ml.
Advanced Night Repair - viðgerðardropa, 7ml
Advanced Night Repair Eye - Augnkrem, 5ml
DayWear Advanced Multi-Protection Anti-Oxidant Creme - Dagkrem, 15ml
The Illuminator Radiant Perfecting Primer + Finisher - Farðagrunn, 15ml
Little Black Primer - Augnhárprimer, 2,8ml
Pure Color Envy Sculpting Gloss - varagloss, 4,6ml
Falllega snyrtibuddu

Jarðarberjaterta að hætti Svía

Jarðarberjaterta er órjúfanlegur hluti sumarsins hjá Svíum. Hún er oftast en ekki borin fram í garðveislum og algeng sjón í kringum Jónsmessuna sem Svíar halda sérstaklega hátíðlega. Kakan er einföld að gerð og oftast skreytt með heilum nýttindum jarðarberjum sem nóg er af. Það er fátt sumarlegra.



Þessi er borin fram á öðru hverju sænsku heimili á sumrin.

Botn

1 msk. smjör
3 msk. brauðrasp
4 egg
3 dl sykur
3 dl hveiti
2 tsk. lyftiduft
1 dl heitt vatn (soðið og aðeins kælt)
1 dl möndluffögur

Fylling

2 dl vanillukrem (fæst í IKEA)
1,5 lítrar fersk jarðarber
0,5 dl hrásykur
1,5 dl þeyttur rjómi

Skraut

Heil jarðarber

1 Stillið ofninn á 175 gráður. Smyrjið kringlótt lausbotna bökunarform og dreifið raspi yfir. Þeytið egg og sykur létt og ljóst. Blandið hveiti og lyftidufti við og hrærið varlega ofan í eggjærerna. Bætið að lokum heita vatninu og möndlunum við.
2 Hellið deiginu í formið. Bakið neðarlega í ofninum í 30-40 mínútur. Stingið í kökuna með

þrjóni að bökunartíma loknum. Þegar ekkert kemur á þrjóninn er kakan til. Látið kólna.
3 Skerið kökuna í tvennt með beittum hnif. Smyrjið vanillukreminu á neðri hlutann. Stappið jarðarber og hrásykur saman og dreifið yfir. Leggið efri botninn ofan á. Það má sleppa jarðarberjamaukinu. Sumir krakkar eru síður hrfir af því.



OPNUNARTILBOÐ 20% AFSLÁTTUR AF YFIRHÖFNUM



TÍSKAN

Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is

B/A/S/L/E/R MaxMara BRAX

Stærðir
36-56

NÝ SENDING og fullt
af FRÁBÆRUM tilboðum!

ZIK ZAK
TÍSKUHÚS



Smáauglýsingar

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

bilfang.is S. 567 2000



FLOTT EINTAK!
Volvo XC90 Diesel Premium 10/2012 ek 83 þ.km (7 manna) Leður ofl. verð 5.9 mil!!!



9 MANNA!
Ford Transit Custom Tornado 07206 ek 24 þ.km, allur sem nýr verð 5.490 þús (Möguleiki á niðurfellingu fyrir atvinnubílstjóra)



9 MANNA!
9 MANNA! Renault Traffic Diesel L2-H1 05/2016 ek 22 þ.km verð 4.790 þús (Möguleiki á niðurfellingu fyrir atvinnubílstjóra)

bilfang.is S. 567 2000



RAFMAGNSGOLFBÍLL!
Yamaha Ybre árg 2013 með eða án húss, mjög stýrtilegir verð kr 850 þús eða 1.1 mil með húsi!

Bílasalan Bilfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
Seljum í dag!
www.bilfang.is

bilauppbod.is

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Vissir þú að... Barnaheill
holl og góðfæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

STÓRA BÍLASALAN



90% LÁN
SKODA Octavia Scout 4x4. Árgerð 2015, ekinn 27 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. Verð 4.580.000. Rnr.136122



90% LÁN
SKODA Superb 2.0 TDI. Árgerð 2016, ekinn 32 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. Verð 4.880.000. Rnr.136109



90% LÁN
SKODA Superb Style 4x4. Árgerð 2016, ekinn 19 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. Verð 5.480.000. Rnr.136123.

STÓRA BÍLASALAN



90% LÁN
SKODA Octavia 1.6 Diesel 4x4. Árgerð 2014, ekinn 54 þ.KM, dísel, beinskíptur. Verð 2.980.000. Rnr.136106.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
<http://www.stora.is>



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrjú litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.000,-

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

Hjólbarðar VAKA



NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBERU VERÐI.
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppi ný. Vaka s. 567 6700

Þjónusta Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 663 5315



TOYOTA Rav4
Árgerð 2012, ekinn 98 þ.KM, bensín, sjálfskiptur, krókur.
Verð 3.090.000. Rnr.182880.

Toyota Kaup túni S. 570 5070 • www.toyotakaupturni.is

Baðviftur

Hljóðlátar og öflugar

Varmaendurnýting

Loftræsting með varmaendurnýtingu

Þakblásarar

Kælar - frystar

Allar stærðir - með eða án vélakerfa

Þurrktæki

Haltu lágu loftrakastigi

Tilboð frá kr 44.990

Handþurrkari

2100 wött

Tilboð frá kr 19.990

Hljóðlátur

100 mm

Tilboð frá kr 29.990

Blikkfittings

Rakataeki

styliés

Loftristar

Mikið úrval!

Loftviftur

Mikið úrval af loftviftum

Loftskipti-blásarar

300 MM
Mygla - ryk - loftræsting

Tilboð án barka kr 35.000

1983 - 2013
30
ára reynsla

viftur.is

-andaðu léttar

S: 566 6000 • ishusid@ishusid.is • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Löggiltur málarari getur bætt við sig verkefnum inni og úti. Uppl. s. 772 1765

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is



99% RYKFRITT

Nudd

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskripti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Keypt & Selt

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Skólar & Námskeið

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Húsnæði

Sumarbústaðir



Einbýlishús - sumarhús úr hágæðaharðfuru. Kynnið ykkur úrvalið. Gott verð.

Upplýsingar hjá ghalldor@simnet.is

Sumarbústaður óskast sem má þarfnast lagfæringar eða uppgerðar, helst innan tveggja tíma aksturs frá Reykjavík. upplýsingar í síma 8204640.

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

BÍLSTJÓRI ÓSKAST

Bílstjóri óskast til útkeyrslu hjá Sveinsbakari frá 06:30 til 10:30
Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is



Suðurlandsbraut 52 108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is

Sogavegur 107 - 108 Reykjavík
OPIÐ HÚS! Í dag þriðjudag, milli kl.17:00 og 17:30



OPIÐ HÚS! Í dag þriðjudag, milli kl.17:00 og 17:30. VELKOMIN Í OPIÐ HÚS! - LAUS STRAX! 3ja herb. útsýni! Íbúðin er 65,5 fm auk sér geymslu í kjallara. Vestur svalir og falletgt útsýni, tengi er fyrir þvottavél á baðherbergi. Komið er að viðhaldi á húsinu að utan. ATH! Ekki missa af þessari! - Eignin er á frábærum stað í Reykjavík. Óskað er eftir tilboðum í eignina. **Allar nánari uppl. veitir Jóhann Friðgeir, s: 896-3038 eða á johann@hofdi.is**

Runólfur Gunnlaugsson viðsk.fr. lögg.fast. • Ásmundur Skeggjason lögg.fast.



TÆKJAMAÐUR ÓSKAST.

Björgun ehf óskar eftir að ráða tækjamann á hjólaskóflu. Upplýsingar í síma 8435611



visir þú að...
börn eiga rétt á læknisástoð og heilbrigðisþjónustu



Suðurlandsbraut 52 108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is

Strikið 12 Garðabæ, íbúð 602
Opið hús í dag á milli kl. 17 og 17:30



Opið hús í dag á milli kl. 17 og 17:30
Í dag býðst þér og þínum að skoða þessa glæsilegu útsýnisíbúð í Jónshúsi. (Strikið 12). Íbúðin er á 6.hæð (efstu) með útsýni til norðurs og suð vesturs. Eignin er 120 fm auk stæðis í bílageymslu. Yfirbyggðar svalir sem ekki eru skráðar í fermetratölu. Tvö rúmgóð herbergi. Aukin lofthæð er í stofu og eldhúsi. Sér þvottahús. Gott aðgengi. Laus strax. **Verð 74,9 millj. Ásmundur Skeggjason fasteignasali tekur vel á móti ykkur, bjalla 602.**

Runólfur Gunnlaugsson viðsk.fr. lögg.fast. • Ásmundur Skeggjason lögg.fast.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Skipulagsmál á höfuðborgarsvæðinu
Staðsetning Borgarlínu og auknar byggingarheimildir innan áhrifasvæða hennar

Drög að breytingum á svæðisskipulagi:
Lögð er fram til forkynningar vinnslutillaga vegna breytinga á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 sbr. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vinnslutillagan felst í að festa legu samgönguása fyrir Borgarlínu og að skilgreina viðmið um uppbyggingu á áhrifasvæðum.

Drög að breytingum á aðalskipulögum:
Lögð er fram til kynningar sameiginleg verkefnis lýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016, Hafnarfjarðar 2013-2025, Kópavogsbæjar 2012-2024, Mosfellsbæjar 2011-2030, Reykjavíkurborgar 2010-2016 og Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í að staðsetja legu Borgarlínu, helstu stöðva og skilgreina heimildir til uppbygginga á áhrifasvæðum.

Sameiginlegur kynningarfundur verður haldin miðvikudaginn 7. júní kl. 15 í Salnum Kópavogi, Hamraborg 6.

Gögn:
Vinnslutillögur eru aðgengilegar á eftirfarandi stöðum:

- Skrifstofu SSH, Hamraborg 9, 200 Kópavogi og á vefsíðunni www.ssh.is
- Bæjarskrifstofu Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ og á vefsíðunni www.gardabaer.is
- Ráðhúsi Hafnarfjarðar, Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður og á vefsíðunni www.hafnarfjordur.is
- Skrifstofu Kópavogsbæjar, Fannborg 2, 200 Kópavogur og á vefsíðunni www.kopavogur.is
- Bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ og á vefsíðunni www.mosfellsbaer.is
- Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík og vefsíðunni www.reykjavik.is
